

# Fornleifar í Innri-Akraneshreppi



**Adolf Friðriksson**

**FS169-00031**

**Reykjavík 2002**



© Fornleifastofnun Íslands 2001  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)  
Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)  
Kápumyndin er af Fossi í landi Ytra-Hólms.

## *Efnisyfirlit*

1. KAFLI. INNGANGUR.....	5
2. KAFLI. UM FORNLEIFASKRÁNINGU .....	6
3. KAFLI. FYRRI FORNLEIFAATHUGANIR Í INNRI-AKRANESHREPPI .....	9
4. KAFLI. FORNLEIFASKRÁ .....	12
5. KAFLI. UM UPPHAF OG ÞRÓUN BYGGÐAR Í HREPPNUM .....	60
Landnemar.....	60
Þróun byggðar .....	61
6. KAFLI UM ÁSTAND OG AFDRIF MINJA .....	62
7. KAFLI. FORNLEIFAR EFTIR FLOKKUM.....	63
Bæjarhólar og bæjarstæði.....	63
Útihús, túngarðar og garðlög.....	64
Stekkir, kvíar og réttir .....	64
Býli og sel.....	65
Mótekja og torfskurður.....	65
Kuml og kirkjugarðar .....	65
Leiðir .....	66
Verminjar .....	66
8. KAFLI. TILLÖGUR: VERNDUN, KYNNING OG RANNSÓKNIR.....	66
NÍÐURLAG .....	68
HEIMILDIR .....	69



## 1. Kafli. Inngangur

Sumarið 2000 hófst skráning fornleifa í Innri-Akraneshreppi. Upphaf þessa verkefnis má rekja til svæðisskipulagsvinnu er unnin var í sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar á árunum 1989-1994. Í tilefni af henni var gerð minniháttar athugun á fornleifum á svæðinu. Jafnframt samþykkti samvinnunefnd sveitarfélaga um svæðisskipulag að hefja hið fyrsta skráningu fornleifa. Fornleifastofnun kynnti viðkomandi sveitarfélögum tillögur að tilhögun skráningar á svæðinu vorið 1996. Akraneskaupstaður lét síðan skrá fornleifar í kaupstaðnum árin 1997 og 1998. Árið 1999 gerðu Mela- og Leirársveit, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur samning við Fornleifastofnun um að skrá fornleifar í þessum hreppum á fjórum árum. Skráning hófst í Innri-Akraneshreppi og Skilmannahreppi sumarið 2000 og voru skráðar alls um 360 minjar. Af þeim eru 280 í Innri-Akraneshreppi og er um þær minjar fjallað í þessari skýrslu.

Verkið hófst á því að farið var yfir fyrirbyggjandi svæðisskráningu fyrir hreppinn og síðan unnið á vettvangi í áföngum frá júní til október árið 2000.

Efnisskipan í þessari skýrslu er sú sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa<sup>1</sup>. Hér er að finna yfirlit yfir löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (kafli 2). eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskrárm í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknum í hreppnum (3 kafli) og í 4. kafla er birt skrá yfir allar þekktar fornleifar. Í 5. kafla eru raktir nokkrir þættir úr sögu og þróun byggðarinnar, í 6. kafla er fjallað um mismunandi tegundir minja á svæðinu og í 7. kafla eru dregin saman meginatriði um verndun og kynningu minja á skráningarsvæðinu.

Skráningin var unnin af höfundum þessarar skýrslu, en hún byggir á heimildavinnu Hildar Gestsdóttur og Orra Vésteinssonar. Orri las skrána yfir í handriti, Oddgeir Hansson aðstoðaði við frágang skýrslunnar, Ruth Mahr útbjóg kort og Verkfræðiþjónusta Akraness veitti margvíslega aðstoð. Kann höfundur þessu góða fólki, ásamt ábúendum og heimildamönnum í hreppnum, bestu þakki fyrir.

---

<sup>1</sup>Sbr. t.d Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I* – FSÍ & Minjasafnið á Akureyri, 1994-.

## 2. Kafli. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á skrá Fornleifastofnunar eru nú um 40.000 minjastaðir, en talið er að það sé um 25% allra minjastaða á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum minjar sem á einn eða annan hátt snertu fornsögu og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á Íslandi og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980<sup>2</sup>. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um hverskyns fornleifar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við hana er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru fyrir hendi til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulag, aðalskráning fyrir aðalskipulag og deiliskráning fyrir deiliskipulag. Við svæðisskráning er aflað heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og safnað gögnum sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og skrá lýsingu á lögum þeirra og gerð. Deiliskráning er nákvæm úttekt á litlu svæði, þar sem auk skráningar þekktra og sýnilegra minja er reynt að geta til um hvor mannvistarleifar leynist undir sverði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnaðis. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: “Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna“. Fornleifar eru menningarverðmæti og nýtanlegar auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (14. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði. Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna

<sup>2</sup> Um sögu fornleifaskráningar, sjá: Adolf Friðriksson og Orri Vésteinnsson (1998). “Fornleifaskráning - Brot úr íslenskrí vísindasögu.” *Archaeologia Islandica* I: 14-44.

svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

### *Lögbundin skilgreining á fornleifum*

Í næsta kafla verður lýst nánar þeirri aðferðafræði sem liggur að baki aðalskráningu fornleifa, en hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar fornleifaskráningu.

Í 9. grein Þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur veg- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast horfinni menningu og gömlum atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðar minjar líkt og orrustustaðir, afmarkaðir staðir þar sem sögulegir atburðir hafa gerst, og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búíð. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eykatmörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Staðbundnar sagnir um tröllaminjar eru auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Önnur gögn sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða, en söfnun slíkra upplýsinga er þó utan marka eiginlegrar fornleifaskráningar.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar um breytingar í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar úr seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og því fæst jafnan ekki heildstætt yfirlit um þær fyrr en á stigi aðalskráningar.

### *Um aðalskráningu fornleifa*

Heppilegt er að heil héruð, sýslur eða landshlutar sameinist um að láta gera svæðisskráningu en það er ódýrasta leiðin til að fá yfirlit um menningarminjar og afla þeirra heimilda sem nauðsynlegar eru við aðalskráningu eða vettvangsvinnu. Þar sem svæðisskráning hefur ekki verið gerð, en einstök sveitarfélög vilja ráðast í að láta skrá fornleifar innan takmarka sinna, er hinsvegar ekki gerð sérstök svæðisskráning sem skilar sjálfstæðum niðurstöðum. Þá er heimildum aflað á sama hátt og lýst er hér að ofan, en síðan er farið á vettvang, viðtöl tekin við bændur og minjastaðir skoðaðir og staðsettir á korti. Á grunni þeirra upplýsinga er skrifuð skýrsla þar sem rakin er stuttlega saga mannvistar og búskapar á viðkomandi svæði, lýst einkennum menningarminja og gerðar tillögur um verndun og kynningu. Markmið aðalskráningar eru þau sömu og svæðisskráningar en niðurstaðan byggir á nákvæmari gögnum og er því ítarlegri og markvissari.

Aðalskráning skiptist í 5 stig:

1. Á svæðum þar sem svæðisskráning hefur verið gerð er hægt að ráðast beint í vettvangsvinnu á stigi aðalskráningar. Þó eru á þessu stigi athugaðar sérstaklega heimildir sem tengjast skráningarsvæðinu sérstaklega, t.a.m. ævisögur fólks sem alist hefur upp á bæjum í sveitinni, en þær geyma oft nákvæmar upplýsingar um bæjarhús og tóftir sem nú eru löngu horfnar undir tún, vegi eða byggingar. Á svæðum þar sem svæðisskráning fornleifa hefur ekki farið fram, hefst aðalskráningarvinnan á heimildaöflun eins og fyrir svæðisskráningu, að viðbættum heimildum sem tengjast skráningarsvæðinu sérstaklega.

2. Að heimildaöflun lokinni eru tekin viðtöl við bændur eða aðra staðkunnuga. Markmið með viðtölum er að endurskoða þær upplýsingar sem þegar hefur verið safnað, fá upplýsingar um nýja staði og leiðsögn um viðkomandi landareign.

3. Á grunni heimilda og viðtala er gengið á þá minjastaði sem upplýsingar hafa fengist um, en jafnframt eru athuguð svæði þar sem líklegt getur talist, út frá gróðurfari og öðrum aðstæðum, að fornleifar leynist. Á velflestum minjastöðum eru tóftir eða aðrar mannvirkjaleifar ekki sýnilegar og þar er ekki annað gert en að komast sem næst staðsetningu minjanna og færa hana á kort en það er gert með því að finna hnattstöðu (hnit) staðarins með GPS staðsetningartæki. Þar sem fornleifar eru huldar sjónum er lögð áhersla á að komast að því fyrir hverskonar hnjaski þær geta hafa orðið, hvernig aðstæður voru áður á viðkomandi stað og reynt eftir föngum að meta hvort staðurinn sé enn í hættu.

Þar sem tóftir eða mannvirkjaleifar eru sýnilegar er þeim lýst á staðlaðan hátt og gerður af þeim uppráttur, auk þess sem þær eru færðar á kort og fundin hnattstaða þeirra. Áhersla er lögð á að fá skýra mynd af umfangi, lögun og ástandi minjanna en að öðru leyti er ekki um að ræða nákvæma rannsókn á hverjum stað. Einnig er aðstæðum lýst og reynt að meta hvort minjastaðurinn sé í hættu og þá af hvaða völdum. Þar sem því verður við komið eru teknar ljósmyndir af tóftum.

4. Að vettvangsvinnu lokinni er flogið yfir skráningarsvæðið og teknar loftmyndir af þeim stöðum sem skráðir hafa verið, og þá fyrst og fremst þar sem minjar eru sýnilegar. Könnun úr lofti gefur einnig færi á að leita eftir rústum á svæðum sem ekki var hægt, eða ekki þótti ástæða til, að ganga yfir.

5. Samantekt gagna og skýrslugerð felst í nokkrum afmörkuðum verkefnum:

- upplýsingar eru settar jafnóðum inn á gagnagrunn en þar verða þær í stöðugri endurskoðun og ávallt aðgengilegar í framtíðinni. Gagnagrunnur Fornleifastofnunar er þegar orðið öflugt rannsóknargagn með yfir 40.000 minjastöðum en sveitarstjórnir og ýmsir aðrir aðilar munu hafa aðgang að þessu safni.

- prentuð er út skrá um minjastaði á viðkomandi skráningarsvæði, með kortum sem sýna staðsetningu fornleifanna og teikningum og ljósmyndum af einstökum tóftum. Skrá þessi er uppistaðan í skýrslu um skráninguna.

- Niðurstöður skráningarinnar eru bornar saman við ritaðar heimildir um sögu byggðar á



skráningarsvæðinu og er á þeim grunni ritað stutt yfirlit um einkenni og þróun byggðar á svæðinu.

- Gefið er yfirlit um einkenni fornleifa á skráningarsvæðinu. Er þar reynt að draga fram menningarsöguleg sérkenni viðkomandi landsvæðis eða aðrar aðstæður sem sérstakar eru og áhrif hafa á varðveislu, rannsóknar- og kynningargildi minjanna.

- Gerðar eru tillögur um friðlýsingar ákveðinna minjastaða og gerðar grófar áætlanir um hvernig standa megi að kynningu slíkra staða eða heilla svæða.

Verkpætti aðalskráningar telst lokið þegar skýrsla hefur komið út. Yfirleitt eru skýrslur um aðalskráningu gefnar út fjölritaðar í litlum upplögum.

Til að sem mestur árangur verði af fornleifaskráningu er mikilvægt að fylgja henni eftir með ýmsum aðgerðum. Þær helstu eru eftirfarandi:

- Að gera upplýsingar um staðsetningu minjastaða aðgengilegar í ákvarðanatökufærli viðkomandi sveitarfélags. Þetta er sérstaklega mikilvægt í stærri sveitarfélögum í þéttbýli en þar eru oft lítil bein samskipti milli menningarmála- eða umhverfisnefnda, sem fornleifaskráning heyrir oftast undir, og bygginga- og skipulagsnefnda, sem eru þeir aðilar sem þurfa að taka tillit til fornleifa.

- Að ganga á eftir að tillögur um friðlýsingu og kynningu minja verði settar í framkvæmd, eða a.m.k. að menningarminjar verði teknar með í skipulag ferðapjónustu, útivistar og menntunar.

- Að einstök hérud sameinist um að gefa út fornleifaskrá um viðkomandi landsvæði á bók.

### 3. Kafli. Fyrri fornleifaathuganir í Innri-Akraneshreppi

Fyrstu tilraunir til skipulegra athugana á fornleifum á Akranesi fóru fram á árunum 1817-23, en þá stóð fornleifanefnd dönsku krúnunnar fyrir skráningu fornleifa á Íslandi. Það nefndin alla sóknarpresta í landinu að gera grein fyrir fornminjum hver í sínu prestakalli. Nefndinni bárust upplýsingar um rúmlega 700 minjastaði víðsvegar um landið, en fékk lítið upp úr Hallgrími Jónssyni (1758-1825) sóknarpresti í Görðum á Akranesi. Í svari sínu til nefndarinnar segir hann eftirfarandi um minjar í sínu umdæmi: “J mér nadugast tiltrúudum Garda og Innraholms Soknum, veit eg eckert, eda hefe var vid orded, framann og ofann áhrærdi Efni vidvikiande”<sup>3</sup>.

Fyrsta eiginlega fornleifakönnunin sem gerð var í Borgarfirði var rannsóknarferð Kristians Kålund á árunum 1872-74. Kålund reið um landið með Íslendingasögur í hnakktöskunni og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunni. Hann kom ekki á alla þá staði sem hann fjallar um en studdist þá við frásagnir staðkunnugra. Í mjög stuttri lýsingu sinni á Innri-Akraneshreppi nefnir hann nokkra sögustaði Harðar sögu og Landnámu en segir ekki frá fornleifum. Hann nefnir þó þá sögn að á Innra-Hólmi hafi enn sést til kirkjutóftar í byrjun 19. aldar<sup>4</sup>.

Hið íslenska fornleifafélag var stofnað 1879 og hófst það strax handa við að kanna fornleifar í sveitum landsins. Fóru rannsóknarmenn félagsins í nokkra leiðangra um Borgarfjörð, og árið 1907 skoðaði Brynjúlfur Jónsson nokkra staði í Innri-Akraneshreppi. Nefnir hann forna girðingu í túni á Heynesi, svokallaða lögrétta en taldi nafnið yngra en gerðið og myndað af getgátu. Í skýrslu sinni nefnir hann einnig undarlega frásögn um fornleifafund á Måsstöðum.

<sup>3</sup>FF, bls. 268-269.

<sup>4</sup>KK, bls. 294-295.

Þar munu menn hafa verið við mógröft í Músstaðamyri, líklega undir miðja 19. öld, og fundið forngríp sem líktist e.k. potti með tágum riðið utan um. En grafararnir urðu flemtsfullir, skildu pottinn eftir og fylltu gröfina á ný. Ekki er ljóst hvar í mýrinni staðurinn er<sup>5</sup>.

Með nýjum fornleifalögum 1907, lögðust rannsóknarferðir Fornleifafélagsins niður, en Þjóðminjavörður tók við hlutverki félagsins. Um 1930 hófst friðun fornleifa með friðlýsingu. Á landinu öllu eru nú um 700 staðir á skrá yfir friðlýstar fornleifar, en engar minjar hafa verið friðlýstar í landi Innri-Akraneshrepps.

Árin 1990-1991 gerðu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson rannsóknir á svonefndum Dómhring í Gerði og Lögréttu við Heynes. Var það liður í athugun á dómhringum á Vesturlandi. Uppgröfturinn skilaði ekki afdráttarlausri niðurstöðu: Svo virðist sem þessar minjar varði á engan hátt þinghald eða dóma. Gerðið á Heynesi virðist hafa verið girðing utan um ræktaðan reit, jafnvel kornakur, en hringurinn í Gerði hefur líklega verið heygardur<sup>6</sup>.

Árið 1992 gerði Adolf Friðriksson lítilsháttar fornleifakönnun í tilefni af svæðisskipulagsvinnu í sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar á árunum 1989-1994<sup>7</sup>. Var sú athugun einkum bundin við að kanna áhrif fyrirbyggjandi skipulagstillagna og draga saman yfirlit yfir helstu minjastaði.

Árið 1999 unnu Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson svæðisskráningu fornleifa í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar<sup>8</sup>. Þá voru skráðar eftir fyrirbyggjandi heimildum alls 1258 fornleifar. Þar af voru 212 í Innri-Akraneshreppi. Við aðalskráningu sumarið 2000 fundust enn 68 minjar sem ekki voru í eldri skrá og er því heildarfjöldi þekktra fornleifa í hreppnum 280.

---

<sup>5</sup> Árb 1908, bls. 14-15.

<sup>6</sup> AF, AF&OV, bls. 7-79.

<sup>7</sup> Adolf Friðriksson, "Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar"..., 1994.

<sup>8</sup> Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson (1999) *Svæðisskráning í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar...*



## 4. Kafli. Fornleifaskrá

Aðalskráningu fornleifa í landi Innri-Akraneshrepps er lokið og í þessum kafla er birt skrá yfir minjar svæðisins. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákveða á hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Bo-028:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhaldi hennar og matsverði, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar eftirhvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma í hey). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mælt í miðju hvers minjastaðar þegar því er við komið. Áætlað frávik frá miðju er um 7 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður mæld hnattstaða ef unnt hefur verið að ákvarða staðsetningu á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu, og 3) mikil hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Nú hefur fornleifaskrá.

## BO-028 Kúludalsá

20 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð, seld 1791. "Illugi samnaði [mönnum] fyrir neðan ok vestan, um Heynes ok Garða til Fellsaxlar, ok um Klafastaði, en Hörður fyrir austan Kúludalsá." Harðar saga, ÍF XIII, 53. "Þess skal geta, að jörðin er ávallt í daglegu tali nefnd Kúla." Ö-Kúludalsá, 1 Tún 65,278m<sup>2</sup>, 1/10 þýft. Garðar 1,496m<sup>2</sup>.

**BO-028:001** *Kúludalsá* bæjarhóll bústaður 64°19.463N 21°52.031V  
"Bæjarstæðið er neðan við þjóðveginn, efst og austast í túninu, sem hallar niður að sjónum..." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Bærinn stóð 150 m suðaustan við þjóðveginn, beint niður af gömlu heimreiðinni. Malarborið hlað. Útihús standa allra austast á hólnum, en nýtt íbúðarhús var reist 40 m ofar í hallanum, norðvestan við gamla bæjarstæðið. Bærinn stóð á hól í halla og er hóllinn heldur lengri á NA-SV veg, sléttur norðan en brattur sunnan. Á hólbrúninni vestanverðri eru óljós ummekri um húsastæði.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** BB II, 101

**BO-028:002** heimild um útihús 64°19.464N 21°52.057V  
Tvö útihús stóðu í túninu, 20 m vestan við bæjarstæðið (001) en hafa nú verið sléttuð. Í túni. Engin ummerki eru sýnileg um þessar minjar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort

**BO-028:003** heimild um útihús 64°19.480N 21°52.039V  
Útihús stóðu 5-10 m norðaustan við bæjarhúsin. Malarborið hlað. Engin ummerki eru sýnileg um þessar minjar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort

**BO-028:004** heimild um útihús 64°19.487N 21°51.947V  
Útihús stóðu í túninu 60 m austan við bæinn, rétt austan við lækinn, en hafa nú verið sléttuð. Í túni. Engin ummerki eru sýnileg um þessar minjar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort

**BO-028:005** heimild um rétt 64°19.496N 21°51.979V  
Rétt er sýnd á túnakorti sunnan við lækinn, 80 m norðaustan við bæ, og um 10 m norðaustan við 004. Á þessum stað stendur útihús. Engin ummerki eru sýnileg um þessar minjar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort

**BO-028:006** þjóðsaga  
"Munnmæli eru um það, að tvær systur hafi byggt hér; önnur hafi heitið Lágfóta og byggt við Lágastaðagil, hin Klukka og byggt bæ sinn það sem nú heitir Kúludalsá; hafi þá fjallið heitið Klukka og dalurinn Klukkudalur", segir í örnefnalýsingu.  
**Heimildir:** Ö-Kúludalsá a, 1

**BO-028:007** *Heimavör* heimild um lendingu 64°19.305N 21°51.696V  
"Heldur utar, niður undan túninu, er Leynistangi, og utan við hann er Heimavörin. Þar er ólendandi nema um flóð", segir í örnefnalýsingu. "Heimavör þar sem lendingin er var ekki síður kölluð Leynir. Þar eru háir bakkar eða klappir og lendingin því vandséð og þar er ekki lent nema sjór sé hið minnsta hálfvallinn." Heimavör er um 400 m S við bæinn, í malarfjöru, með háum bökkum.  
**Heimildir:** Ö-Kúludalsá a, 1; Ö-Kúludalsá b, 1

**BO-028:008** *Skvömp* heimild um lendingu 64°19.295N 21°51.700V  
"Nokkru utar [en Heimavör] er önnur lending, sem heitir Skvömp; þar er brimsamt og slæmt að lenda, og mun nafnið dregið af því", segir í örnefnalýsingu. "Skvömp er aðallendingin. Oftast var komið að landi í Eystravíki en einnig í Vestravíki. Ægisdætur ofan í Skvömp / allar saman falla. /Þiljubátur þeirra hömp /þola mundi varla.

Skvömp eru um 850 m suðvestan við bæinn, en um 550 m ANA við merki móti Innra-Hólmi. Lendingin er í malarfjöru, með háum bökkum.

**Heimildir:** Ö-Kúludalsá a, 1; Ö-Kúludalsá b,2

**BO-028:009** *Húsatunga* heimild um fjárhús

“Austan við [Bæjargil], milli hans og árinna, heitir Húsatunga. Í henni neðan við fjárhúsin heitir Gunnuflöt.” Má vera að þessi hús séu hin sömu og 004 en fullvíst er það ekki.

**Heimildir:** Ö-Kúludalsá a, 1-2

**BO-028:010** *Stekkjjarflatir* örnefni stekkur

“Fyrir utan og ofan túnið var brekka á gamla veginum, sem heitir Sneið, og brekkur þar utar og ofar sléttlendur heita Stekkjarflatir” segir í örnefnalýsingu.

Grösugar, aflíðandi brekkur vestan við bæinn og gamla túnið. Stekkjarleifar fundust þar ekki við vettvangskonun.

**Heimildir:** Ö-Kúludalsá a, 2

**BO-028:011** *Grænhóll* álagablettur huldufólksbústaðu

“Utan við [Merkjalæk], upp af núverandi vegi, er áberandi grænn hóll með gömlum rústum. Hann heitir Grænhóll”, segir í örnefnalýsingu. Í annari lýsingu sem virðist eiga við um sama stað segir: “Grænhóll er fyrir utan Djúpalæk, lítill hóll og mjög grænn. Hann er álfakirkja og mátti ekki bera í hann ljá”.

Á svæðinu er mói, mýrar, skriður og grónar brekkur, en Grænhóll fannst ekki við vettvangsathugun. Ólíklegt er að þessi hóll hafi verið sléttaður, enda engin tún ofan vegar og ekki að sjá að annað rask hafi getað grandað honum. Sigurjón Guðmundsson þekkir ekki þetta örnefni og hér gæti verið um misskilning að ræða. Villa virðist vera í örnenfaskrá, því Grænhóll er ýmist sagður vera fyrir utan Merkjalek eða Djúpalæk (sjá nr. 013).

**Heimildir:** Ö-Kúludalsá a, 2; Ö-Kúludalsá b, 2

**BO-028:012** álagablettur

“Heima í túni var annar álagablettur, að vísu nafnlaus. Hann var austan við Bæjarlækinn, kafgrænn, en ekki mátti slá hann”, segir í örnefnalýsingu.

Fannst ekki við vettvangsathugun.

**Heimildir:** Ö-Kúludalsá b, 2

**BO-028:013** *Grænarúst* heimild um bústað

“Grænarúst ætla sumir hjer hafi afbýli verið að fornu. Enginn veit til þess vissu, nje heldur með hverjum kostum það hafi byggt” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Líklega sami staður og 011. Sigurjón Guðmundsson kannast ekki við staðinn. Grænarúst fannst ekki við vettvangsathugun og líklegt að hún hafi horfið fyrir löngu.


**Heimildir:** JÁM IV, 51

## **BO-029 Innri-Hólmur (Ásólfsbólur)**

60 hdr. 1706. Bændaeign. “Bræðr tveir námu Akranes allt á milli Kalmannsár ok Aurriðaár; hét annarr Þormóðr; hann átti land fyrir sunnan Reyni ok bjó at Hólmi.” Landnámabók (S), ÍF I, 60. “Þeir bræðr skiptu londum með sér, svá at Þormóðr átti fyrir sunnan Reyni ok til Kalmannsár ok bjó at Hólmi hinum iðra.” Landnámabók (H), ÍF I, 61. “Illugi hét maðr, er bjó at Hólmi á Akranesi. Hann var son Hrólfs ins geitlenzka, Úlfssonar ... Illugi var mikill maðr ok sterkr ok hafði auð fjár. Hann fór til Ölfusvatns bónoðrsföru ok það Þuríðar, dóttur Grímkels ... fóru þar festar fram.” Harðar saga, ÍF XIII, 29 sbr. 53-54, 70. 1180: “Þá hafði Bövar gera látið virki um bæinn í Tungu og hafði þar fjölmenni mikið. Þar var þá Sturla Þórðarson, mágur hans við marga menn, Þórður Böðvarsson, Árni Borgnýjarson frá Hólmi ...” - Sturl, 93. 1252: “[frá Görðum] reið Þorgils til Hólms og tóku þar skip er Þorleifur átti og fóru fyrir um fjörð og gistu í Saurbæ ...” - Sturl, 589. 3.9.1508 gaf Þorvarður Erlendsson Kristínu Gottskalksdóttur 60 hdr í tilgjöf, annaðhvort Hólm á Akranesi eða Saurbæ á Kjalarnesi - DI VIII, 231. 10.8.1570 bar Magnús Jónsson vitnisburð en hann var 3 sumur á Geitabergi hjá Sigurði heitnum Ólafssyni er þá átti jörðina Geitaberg og þar hafði þá selför frá Innra Hólmi. DI XV, 418-19. Um 1620: Benedikt [Halldórsson lögmanns og Halldóru Jónsdóttur eldri á Grund í E] giptist Jórinni, dóttur Hinriks Gíslasonar og Guðrúnar Magnúsdóttur á Innra-Hólmi. - Bsk II, 367 sbr. 605. 1706 átti jörðin selstöðu á Kambslandi í Svínadal og á Miðfitjum, Geldfjárupprekstur á Gagnheiði, Geldneytaupprekstur í Svanga í Skorradal, svínarekstur og kálfa í Grafardal, sex stóðhesta beit í Bláskeggssdal, hundrað sauða beit á Klafastöðum og fría húsgerð, 12 hrossa beit á Ósi og Hvítanesi á vorin, reka í Blásiusbá - JÁM IV, 56-57.

Tún 87839m<sup>2</sup>, 1/4 þýft. Garðar 2358m<sup>2</sup>.

- BO-029:001** *Innri-Hólmur* bæjarhóll bústaður 64°18.342N 21°55.748V  
 “Innrahólmsbærinn stendur á dálítilli hæð utan við kirkjuna, skammt frá sjónum.”segir í Byggðum Borgarfjarðar. Að austan er farið eftir heimreið hjá Kirkjubóli, eða að vestan, eftir Innnesvegi í austur. Bæjarhóllinn er í miðju gamla túninu. Hóllinn rís ögn hærra en landið norðan við, en er brattari austan, sunnan og vestan. Hefur hann orðið fyrir ýmsu raski. Heimreiðin liggur að hólum austanmegin og er sneiðingur í hólinn þeim megin og malarborið hlað upp á miðjum hólum. Íbúðarhús frá 1904, með manngengum, handgröfnum kjallara, stóð á SA-horni hólsins, en var rífið og urðað á staðnum árið 2000. Vestast á hólum stendur nýlegur bílskúr (á stöplum) og nýtt íbúðarhús, en grunnur þess var líklega tekinn utan við bæjarhólskjamann því ekki komu upp fornleifar þegar það var reist. Sunnan við húsið er garður sem er að mestu uppfylling til að jafna hallann á hólum. Norðanmegin á hólum stendur fjós, hlaða og fleiri útihús.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** BB II, 97
- BO-029:002** *Innríhólmskirkja* kirkjugarður kirkja 64°18.362N 21°55.633V  
 Núverandi kirkja stendur um 80 m austan við heimreið að Innrahólmi. Kirkjan stendur í túni, kirkjugarður með hlöðnum vegg í kring. Kirkjugarðurinn er aflangur, 40 m langur A-V, og rúma 30 m N-S. Kirkjan stendur vestast í honum. Í kringum grafreitinn er nýlega hlaðinn veggur.  
**Hættumat:** engin hætta
- BO-029:003** heimild um útihús 64°18.436N 21°55.620V  
 Útihús stóð í norðausturhorni túns, 200 m frá Innrahólmsbæ, en fáeina metra norðan við gamla Kirkjubólshæinn. Grasi gróinn skiki á bæjarhlaði við heimreið. Engin ummerki sjást um fornleifar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort
- BO-029:004** heimild um útihús 64°18.434N 21°55.633V  
 Útihús stóð í norðurenda túns, sunnan heimreiðar, 180 m NNA frá Innrahólmsbæ, 30 m vestan við 003. Í túni, við heimreið. Ekki sést til fornleifa.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort
- BO-029:005** heimild um útihús 64°18.406N 21°55.757V  
 Útihús stóð sunnan og austan heimreiðar á gatnamótum og í miðjum norðvesturhluta túns, 120 norðan við Innrahólmsbæ. Í túni, við heimreið. Á staðnum stendur gamall skúr.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort
- BO-029:006** heimild um útihús 64°18.399N 21°55.774V  
 Útihús stóð vestan heimreiðar, gegnt 005, í miðjum norðvesturhluta túns, um 180 m N við Innrahólmsbæinn. Í túni, við heimreið. Á staðnum stendur skúr.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort
- BO-029:007** heimild um útihús 64°18.349N 21°55.754V  
 Útihús stóð 30 m norðan við bæinn, á mótum heimreiðar og götu að kirkjunni. Heimreið. Húsið hefur staðið þar sem heimreiðin er nú eða vegurinn að kirkjunni.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort
- BO-029:008** heimild um útihús 64°18.351N 21°55.758V  
 Útihús stóð 35 m norðan við bæinn, örskammt frá útihúsi 007. Á bæjarhlaði. Á staðnum er fjós og fleiri útihús.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort
- BO-029:009** *Hrossarétt* tóft rétt 64°18.938N 21°54.862V



“Útan við Flárnar er gil sem heitir Hrossaréttargil... Við fjallið, innan Hrossaréttargils, vestan við brekkuna þar sem gamli vegurinn lá niður af Hólabrú, er gömul rétt, nefnd Hrossarétt. Gestur Jónsson, sem var þekktur hestamaður í sinni tíð, bjó hér. Hann bjó þessa rétt til”, segir í örnefnalýsingu. Staðurinn er um 100 m austan við litla malarnámu, en beint upp af húsi Spalar, 100 m ofan við gamla þjóðveg og 20 m neðan við elsta þjóðveginn næst fjallinu.

Grónar fjallsrætur með skriðum. Réttin er ferhyrnd, 16x12 m, hlaðin úr grjóti, bæði smáu og stóru. Veggir eru lítillaga sokknir, mjög beinir, en lítið eftir af hleðslunni. Ljóst er að úr henni hefur verið rífið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 2, 3

**BO-029:010** *Arnesarhellir* hellir útilegumannabústaður

“Útan við Álafesti eru hátt uppi miklir hamrar. Þar uppi er Háihnúkur, sem er hæsta hæðin á sunnanverðu fjallinu. Austan í honum sagði Brynjólfur Guðmundsson, að væri Arnesarhellir, kenndur við Arnes Pálsson útilegumann, er hafi haldið hér til um tíma og notið aðstoðar bóndans í Gerði. Aðrir telja þennan skúta vera norðan í fjallinu, þar í urðunum”, segir í örnefnalýsingu.

Þessi meinti útilegubústaður var ekki skoðaður á vettvangi.

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 2

**BO-029:011** gata leið

64°18.942N 21°54.726V

“Við fjallið, innan Hrossaréttargils, vestan við brekkuna þar sem gamli vegurinn lá niður af Hólabrú...” segir í örnefnalýsingu. Innan gilsins, liggur leiðin um 100 m ofan gamla þjóðveg og 25 m neðan elsta vegarins sem næst er fjallinu.

Neðst í gróinni og skriðinni fjallshlíð. Nokkrir samliggjandi troðningar, sem liggja u.þ.b. ANA-VSV í miðri brekkunni undir fjallinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 2-3

**BO-029:012** *Traðarkot/Móar* heimild um býli


“Mooar, öðru nafni Tradarkot, er bygt fyrir tæpum 40 árum rjett við merki Tyrfíngstaða og Kirkjubóls...” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Ekki er ljóst hvar þessi bær stóð. Í örnefnalýsingu er bent á þann möguleika að Tradarkot hafi staðið þar sem nú er Móhóll (026).

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 3; BB II, 114; JÁM, 54

**BO-029:013** *Stekkur* tóft stekkur

64°18.832N 21°55.590V



“Ofan við þessa brekku heita svo Krummaflatar, og utan við brekkuna, úti í skriðunum, er Stekkur.” segir í örnefnalýsingu. “Stekkurinn er nú aðeins finnanlegur af kunnugum mönnum. Mun hafa verið tekið grjót út honum fyrir 30-40 árum.” segir í annari lýsingu. Farið er eftir nýja þjóðvegnum í austur, þá farið yfir á gamla þjóðveginn þar sem hann sker hinn nýja áður en komið er að Innrahólmi. Fljótlega beygir vegurinn til austurs, en þar er farið af honum og fylgt slóða sem er í beinni stefnu upp að fjallsrótum. Stekkurinn sést ekki frá slóðanum, en þar er áberandi, stór og stakur steinn sem stendur rétt austan stekkjarsins.

Í grónum fjallsrótum, með skriðum.

Stekkurinn er grafinn inn í skriðu, aflangur og í laginu eins og “L”, snýr NA-SV, 14x10m, hlaðið fyrir sunnan og austan, með 2 m breiðu opi við suðurhorn. Hleðslan sem sést er 2 umför, 0,5 m há, um 1 m breið, og úr misstóru skriðugrjóti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 3; Ö-Innri-Hólmur c, 1

**BO-029:014** *Vör* heimild um lendingu

64°18.310N 21°55.571V

“Útan við þá kletta [Kirkjuhamra] er svo Vör.” segir í örnefnalýsingu. “Lending er góð í Innrihólmsvör, sem er nærri bænum, fram undan kirkjunni,” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Vörin er um 100 m í suðaustur frá kirkju. Fjara. Bakkinn niður að fjöruborði er lágur, fjörubotninn er lítillaga hallandi með mól og klettum, skjól er vestan.



**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 4; BB II, 97

**BO-029:015** *Gálgaskora* sögustaður aftökustaður 64°18.286N 21°55.577V  
Í örnefnalýsingu segir: “Þar fram af, utan við Vörina, eru Loddaklettur. Sunnan eða austan í þeim heitir Gálgaskora, þar sem Hólmverjar voru hengdir” Heimamenn kalla staðinn Loddutanga. Hann er á ströndinni, 160 m suðaustur frá Innrahólmi.

Klettur við sjóinn, þverhníptir og klofnir, meira en mannhæðarháir. Virðist tæplega vera heppilegur aftökustaður og ekki er Gálgaskora nefnd í Harðar sögu.

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 4

**BO-029:016** *Myllusandur* örnefni mylla 64°18.296N 21°56.061V

“Után við Broddgeir tekur við fjara, sem heitir Myllusandur...” segir í örnefnalýsingu.

Sendin fjara. Örnefnið er tæpast vísbending um að hér hafi verið mylla, nema hún hafi verið í læknum sem er út á merkjunum, rétt utan Myllusands.

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 4

**BO-029:017** brunnur vatnsból 64°18.340N 21°55.763V

Sunnan við bæjarhól, um 10 m suðvestan við gamla íbúðarhúsið.

Í túni. Enn sést móta fyrir hringlaga gryfju, um 1m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-029:018** *Sýrusteinn* þjóðsaga

“Sýrusteinn er niður undir hér um bil miðri Hólabrú. Steinn þessi er varasamur á háflóði því þá rétt flæðir yfir hann. Sögn er, að bændur úr Hvalfirði hafi brotið bát sinn og farizt allir þegar þeir voru að koma með sýru til Innra-Hólms. Mjög var tíðkað af Suðurnesjamönnum að koma í land á þessum slóðum og kaupa sýru” segir í örnefnalýsingu.

Fannst ekki.

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur b, 1

**BO-029:019** *Teinæringsvör* þjóðsaga 64°18.290N 21°55.572V

“Vestan við lendinguna á Innri-Hólmi er klettatangi fram í sjó, sem heitir Loddaklettur. Ekki kann Þórður [Guðmundsson frá Kúludalsá] skýringu þessa nafns. Í klettana er skarð, sem heitir Teinæringsvör. Vísir menn hafa þar þóst kenna kvíarnar, sem um er getið í Harðar sögu og Hólmverja” segir í örnefnalýsingu.

Nokkur skörð eru í klettana og ekki er ljóst hvert þeirra er Teinæringsvör.

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur b, 1

**BO-029:020** brunnur vatnsból 64°18.340N 21°55.795V

Brunnur var norðvestan við bæjarhól á Innrahólmi, um 30 m norðan við nýja íbúðarhúsið.

Í kálgarði. Sjá má hringlaga dæld, en brunnurinn hefur verið fylltur.

**BO-029:021** *Kirkjubakki* heimild um bústað

“Kirkiubacke ogso hjáleiga af þessari jörðu, hefur í auðn verið undir 40 ár. Bæjarstæðið mestalt hefur sjór af brotið, og er nú í þess stað hjallur settur frá Kirkjubóli.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706. “Bæjarstæðið var suðvestur af kirkjunni, utan við Innrahólmsvör” segir í Byggðum Borgarfjarðar.

Fjara. Staðsetning óviss, en staðurinn er væntanlega farinn í sjó, enda landbrot töluvert.

**Heimildir:** JÁM IV, 56; BB II, 113

**BO-029:022** *Krókur* heimild um býli 64°18.329N 21°56.154V

1706: “Krokur, forn eyðihjáleiga af þessari jörðu, hefur í auðn verið undir 30 ár.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706. “Bær þessi var aðeins austan við núverandi merki Innra-Hólms og Þaravalla.” segir í Byggðum Borgarfjarðar.

Í túni (eða afbrotið) sem nefnist Krókur og er yst við merkin niður við sjó. Nánari staðarákvörðun ekki möguleg. Engin ummerki sýnileg.

**Heimildir:** BB II, 113-4

**BO-029:023** heimild um útihús 64°18.468N 21°55.676V

Útihús stóð 20 m norðan við nýrra íbúðarhúsið á Kirkjubóli.

Í túni. Þar er lágur hóll og lífill um sig, en engin sýnileg ummerki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-029:024** heimild um útihús

64°18.466N 21°55.561V

Útihús stóð 80 m austan við nýrra íbúðarhúsið á Kirkjubóli, í kverkinni sunnan við heimreiðina og austan slóðans sem liggur niður túnið og niður að sjó.

Malarborið plan við heimreið. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-029:025** gata leið

64°18.517N 21°55.940V

Gata var í túninu um 300 m norðan við Innrahólm, um 80 m sunnan við sveitavegin og um 20 m austan megin við heimreiðina úr vestri.

Í túni. Í ljós kom e.k. gata eða slóði, malarborinn, þegar túnið var sléttað.

**BO-029:026** *Móhóll* öskuhaugur

64°18.585N 21°55.696V


Móhóll er rétt norðan nýja þjóðvegur, miðja vegu milli eystri og vestri heimreiðar að Innrahólmi, tæpa 500 m norðan við Innrahólm.

Í túni, þjóðvegur sunnanvið og frárennslisskurður hefur verið grafinn í hólinn. Hóllinn sést sem ávöl bunga í túninu. Þegar skurðurinn var grafinn í gegnum suðurenda hólins kom upp aska. Sjá má mannvistarleifar í sniði skurðarins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-029:027** tóft

64°18.542N 21°55.380V



Tóft stendur um 550 m austan við Kirkjuból, ofan þjóðvegur, 30 m frá vegi.

Tóftin stendur á lágu klapparholti, aflöng og snýr ANA-VSV, 10x5 m, hlaðin úr torfi og grjóti, hleðsluhæð 0,8 m. Tóftin er með tvennar dyr á vestri enda og skiptist í stórt hólf vestanmegin (með garða í miðju) og minna hólf austan. Líkast til er þetta fjárhús og hlaða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Sigurjón Guðmundsson

**BO-029:028** mógrafir

64°18.651N 21°54.560V

Um 1 km A við Innrahólm. Í móa austan Innrahólts, sem liggur í kverkinni við hringtorgið að ofan. Mógrafarsvæðið liggur ofan þjóðvegurinn austan hringtorgs.

Mólendi. Sjá má enn nokkrar mógrafir, misstórar og misdjúpar, en svæðið er vaxið miklu grasi og er mjög þýft.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-029:029** tóft

64°18.320N 21°55.755V

Óljós tóft er í túninu um 40 sunnan við bæinn (001).

Í sléttu túni. Sunnan við bæjarhólinn hallar landinu lítillga til suðurs, í hallanum mótat fyrir tveimur dokkum sem gætu verið leifar af mannvirkjum en fullvíst er það ekki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


## **BO-030 Tyrfingsstaðir**

6 hdr. 1706. Innrahólmskirkjueign. Fyrir 1300: “En sa er cirkiv maldagi at holmi. at þar liggir til circiv bol oc tyrfings staðir.” DI I, 416. sbr. 1397 - DI IV 197; [1478] - DI VI, 178; [1491-1518]: DI VII, 58 og [1553] - DI XII, 666. “Tyrfingsstaðir fóru í eyði 1941.” BB II, 98.

Tún 50,748m<sup>2</sup>, 1/3 þýft. Garðar 3,491m<sup>2</sup>.

**BO-030:001** *Tyrfingsstaðir* bæjarhóll bústaður

64°18.477N 21°55.313V



“Tyrfingsstaðir stóðu innst og efst bæja í Innrahólsmhverfi, landnorður frá Innra-Hólmi” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Tyrfingsstaðir eru um 440 m í NA frá Innra-Hólmi. Nýi þjóðvegurinn liggur 50 m norðar, en neðar og nær er slóði sem liggur frá afleggjara að Kirkjubóli til austurs skammt ofan við Tyrfingsstaði.

Í túni. Tyrfingsstaðir voru fornt býli í eigu Innrahólmskirkju, og síðar hjáleiga Innrahólms en fór í eyði 1941. Bæjarhóllinn er lágur og ávalur, um 40x30 m, A-V. Á vesturhluta hólmsins stendur enn hús, bárujárnsklætt með tveimur burstum, á hlöðnum sökkli. Húsið snýr stöfnum í S, og er u.þ.b. 7x4 m. Austan við og áfast þeim eru grónar tóftir fallinna húsa. Þær

skiptast í þrjú aflöng hólf sem liggja eins og húsið, þ.e. N-S, 4x5 m löng, og 2-3,5 m breið. Breiðasta hólfid er austast. Við norðurenda þeirra er hlaðinn krókur sem er opinn til A. Veggir eru úr torfi og grjóti, hleðsluhæð er 0,8 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 114

**BO-030:002** heimild um útihús

64°18.478N 21°55.449V

Útihús merkt “tóft” á túnakorti frá 1920 var við útjaðar túns vestan Tyrfingsstaða, um 80 m sunnan við gatnamót heimreiðar og þjóðvegjar.

Í túni, lækur rennur skammt austan við. Fornleifar sjást ekki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-030:003** heimild um útihús

64°18.483N 21°55.262V

Útihús merkt “tóft” á túnakorti frá 1920 var 40 m austan við bæjarstæði Tyrfingsstaða.

Í túni. Fornleifar sjást ekki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-030:004** heimild um útihús

64°18.455N 21°55.193V

Útihús merkt “tóft” á túnakorti frá 1920 var við austurjaðar túns, 100 m SA við 001, og 60 m SSA við 003.

Í túni, skurður liggur skammt austan við. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-030:005** heimild um útihús

64°18.455N 21°55.444V

Útihús merkt “tóft” á túnakorti frá 1920 var í norðvesturhorni túns, 100 m vestan við 001 og 40 m sunnan við 002.

Í túni. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-030:006** brunnur vatnsból

64°18.483N 21°55.352V

Brunnur er um 25 m VNV við Tyrfingsstaði.

Í túni, skurður liggur skammt vestan við. Dæld er í jörðina, rúmur metri í þvermál, enda var brunnurinn fylltur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## BO-031 Nýibær

5 hdr. 1706. “Afbýli af Tyrfingstöðum, en þó fyrir löngu úrskift, og sjer í lagi túundað.” JÁM IV, 52. “Í Nýjabæ var síðast búið 1913...” - BB II, 98.

**BO-031:001** Nýibær bæjarhóll bústaður

64°18.420N 21°55.194V

“Nýibær var lítið eitt utar en Tyrfingsstaðir og nær sjónum, upp af Nýjabæjarvör (Kirkjusandi)” segir í Byggðum

Borgarfjarðar. Nýibær var um 120 m SSV frá Tyrfingsstöðum, 50 m ofan við sjávarbakka. Í túni. Leifar bæjarins sjást ekki, en þar sem hann stóð er nú lágur, ávalur hóll, sléttur og um 20 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 114; Túnakort

**BO-031:002** *Nýjabæjarvör* heimild um lendingu 64°18.365N 21°55.374V

“Lending er góð í Nýjabæjarvör, sem áður hét Kirkjusandur og um getur í Landnámu.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Vorin er í fjörunni, beint niður af Nýjabæ. Slóði liggur frá heimreið skammt innan við Kirkjuból, niður túnið og niður á sjávarbakka ofan við lendinguna.

Sendin fjara í litlum halla, í vík með klettum að vestan. Sjávarbakkinn er lágur og rof í honum víða.

**Heimildir:** BB II, 98

## BO-032 Móakot

4 hdr. 1706. “Móakot er afdeilt býli, og kallað þó vera partur af Kirkjubóli, en skiptin gömul ...” - JÁM IV, 53. “Móakot fór í eyði árið 1900.” BB II, 98.

**BO-032:001** *Móakot* bæjarhóll bústaður 64°18.427N 21°55.381V

“Móakot var beint niður af Tyrfingsstöðum, nærri sjónum, en austsuðaustur af Kirkjubólshænum,” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Móakot var um 160 m suður frá Tyrfingsstöðum.

Í túni. Grösugur lágur hóll, sléttur ofan, um 22 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 114; Túnakort

**BO-032:002** *Móakotsvör* heimild um lendingu

“Þar fram af heitir Móakotssker, og innan við það er Móakotsvör.” segir í örnefnalýsingu.

Sigurjón Guðmundsson kannast ekki við þessa vör. Innan við Móakot, þar sem vik er í landið, beint neðan við hringtorg á Þjóðvegi 1, og sendin fjara gæti hafa verið lent, en hann efast um að þar hafi verið góð lending.

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 3

## BO-033 Kirkjuból

5 hdr. 1706. Innrahólmiskirkjueign. “Um várit fóru þeir brott ok vestr á Akranes. [Ásólfr alskikk] gerði bó at Hólmi á Kirkjubólstað.” - Landnámabók (H), ÍF I, 63 - skv. S. lét Jörundur frændi Ásólf’s “gera honum hús at Hólmi enum iðra ok færði honum þangat fæzlu, ok var hann þar, meðan hann lifði, ok þar var hann grafinn. Stendr þar nú kirkja, sem leiði hans er ...” - ÍF I, 64. Fyrir 1300: “En sa er cirkiv maldagi at holmi. at þar liggir til circiv bol oc tyrfings staðir.” DI I, 416. sbr. 1397 - DI IV 197; [1478] - DI VI, 178; [1491-1518]: DI VII, 58 og [1553] - DI XII, 666. “Kirkjuból var með köflum í eyði á þessari öld, nokkur ár í senn. Núverandi ábúendur byggðu jörðina upp 1963...” BB II, 98.

Er á túnakorti með Innri-Hólma.

**BO-033:001** *Kirkjuból* bæjarhóll bústaður 64°18.423N 21°55.604V

“Bærinn stendur skammt frá Innrahólmsbænum, norðvestur af kirkjunni, spölkorn frá sjónum.” segir í Byggðum Borgarfjarðar.

Í túni sunnan, með byggingum norðan og austan. Á miðjum bæjarhólnum er akbraut sem nær frá heimreiðinni á gamla hlaðinu og niður í fjöru að Nýjabæjarvör. Nyrst á hólnum stendur gamalt íbúðarhús með handgröfnum, manngengum kjallara, að hálfu niðurgrafinn. Var það sett norðan við gamla torfbæinn. Vestan megin er matjurtagarður en austan megin á hólnum er hlaða og fjós. Hleðslur og minjar hafa komið í ljóst austanmegin þegar grafið var fyrir nýjum byggingum. Nýtt íbúðarhús (1968) var byggt norðan við hólina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 98

**BO-033:002** heimild um kirkju

“[Ásólfr alskikk] gerði bú at Hólmi á Kirkjubólstað ... En er Ásólfr eldisk, gerðisk hann einsetumaðr. Þar var kofi hans, sem nú er kirkjan. Þar andaðisk hann ok var Þar grafinn at Hólmi ... Halldór lét gera kirkju Þrítöga ok viði Þakðakok helgaði Kolumkilla með guði” segir í Landnámabók (H). “Stendr þar nú kirkja, sem leiði [Ásólf’s] er, ok er hann enn helgasti maðr kallaðr” segir í gerð Sturlu að Landnámabók (S). Á þessum heimildum byggir

Ólafur Lárusson þá kenningu að kirkja Halldórs hafi verið byggð fyrst þar sem kofi og leiði Ásólfvöru voru, þ.e. á Kirkjubólstað og síðan verið flutt heim að Innra-Hólmi sem er samtýnis.

Staðsetning óþekkt. Fornleifar fundust ekki.

**Heimildir:** Landnámabók (H), 63, 65 og (S), 64; Ólafur Lárusson 1944: 301-304.

## BO-034 Paravellir

Hjáleiga frá Innra Hólmi 1706. Fyrst getið [1553]: Kirkian a innra Holmi ä Kirkiubol. Tyrfingstade og Paravelle. - DI XII, 666, en þess er ekki getið í máldögum kirkjunnar frá um 1500. “Þessi jörð er gömul hjáleiga frá Innra-Hólmi. Metin á 5 hundruð á síðari öldum.” BB II, 111.

Tún 22,992m<sup>2</sup>, 7/9 þýft. Garðar 812m<sup>2</sup>.

**BO-034:001** *Paravellir* bæjarhóll bústaður 64°18.264N 21°56.694V  
“Bærinn stóð á sjávarbakkannum á dálitlum tanga...” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Frá þjóðvegi liggur heimreiðin beint í suður út á lítinn tanga, bærinn stóð fremur utarlega á tangannum vestanverðum. Ofar stendur íbúðarhús frá miðri 20. öld, en nýjasta íbúðarhúsið var reist (1980) um 120 ofar (NA) en gamla bæjarstæðið.

Á sjávarbakka. Á hólnum stendur lítill bárujárnskofi og NV við hólinn er frárennisskurður.

Bæjarhóllinn er á sjávarbakkannum, og að mestu farinn í sjó. Úr fjörunni blasir rofið við. Í stálinu má sjá grjóthleðslur, torf, bein og móösku á nokkurra metra löngum kafla. Í fjörunni liggur hleðslugrjót.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** BB II, 111

**BO-034:002** heimild um útihús 64°18.296N 21°56.552V

Útihús stóð í NA horni gamla túnsins, þar sem nú er íbúðarhús með bílskúr (frá 1980).

Malarborið hlað og nýbyggingar. Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-034:003** heimild um útihús 64°18.289N 21°56.647V

Útihús stóð yst í túninu um 60 m NA af gamla bænum, þar sem heimreiðin skiptist.

Í túni eða undir heimreið. Sést ekki til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort

**BO-034:004** tilgáta um lendingu 64°18.244N 21°56.691V

Lending virðist hafa verið vestan við tangann sem bærinn stóð á.

Fjara. Klettarni gengur í vestur út í víkina austan bæjarstæðisins, norðan við hann er sendin fjara. Hér gæti hafa verið lent, en heimildir nefna það ekki.

**BO-034:005** *Stekkur/Ásatóft* tóft stekkur 64°18.688N 21°56.864V



“Vestur af Breiðbrekku, rétt vestur við merki, er Stekkur. Þar ætlaði Ásbjörn Magnússon, sem var oftast kenndur við Beitistaði, að búa, reif efni í kofann úr stekknunum, en var þar, að því að sagt er, eina nótt, og gafst upp á búskapnum þarna. Þetta er síðan nefnt Ásatóft.”

Í fjallsskriðum. Tóftin snýr N-S, hún er ferhyrnd, 3,5x3,0m, veggir eru hlaðnir úr grjóti, 0,6 m breiðir, hleðsluhæð 0,4 m, 4 umför og 0,4 m breitt op í S-enda, nær eystra horni. Botninn inní tóftinni er gróinn og sléttur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Paravellir, 1

**BO-034:006** *Klembur* heimild um býli 64°18.365N 21°56.418V

“Útan við Myllusand eru klettur, sem heita Klembur; þar var byggt fyrir 60 árum, upp af þeim, og býlið nefnt Klembur (ekki Klömbur). Það mun hafa verið þar, sem býlið Vellir stendur nú” segir í örnefnaskrá.

Staðsetning óviss, en hnit var mælt við íbúðarhús á Völlum. Má vera að Klembur hafi staðið nær sjónum, og samnefndum klettum.

**Heimildir:** Ö-Innri-Hólmur a, 4

## BO-035 Gerði

10 hdr. 1706. Skálholtsstólseign. JÁM IV, 57. “var seld frá stólnum 1787.” - BB II, 94.

Tún 31,526m<sup>2</sup>, 1/3 þýft. Garðar 1118m<sup>2</sup>.

**BO-035:001** Gerði bæjarhóll bústaður 64°18.255N 21°57.078V

“Bærinn er sunnan við þjóðveginn, á sjávarbakkannum, sem er þarna fremur lágur með klettum og sandvikum.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamla bæjarstæðið er sunnan við fjósið og hlöðuna, 80 m SA við nýja íbúðarhúsið (1979).

Í túni, á bæjarstæðinu stendur gamalt, lítið íbúðarhús (5x5m) með kjallara. Ekki sést eiginlegur bæjarhóll, en þar sem bærinn var hallar landinu til suðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 94

**BO-035:002** heimild um útihús 64°18.279N 21°57.158V

Útihús var í norðvesturhorni túns, 12 m V við bílskúr við nýja íbúðarhúsið (1979).

Í túni. Engar leifar sjáanlegar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-035:003** tóft fjárhús 64°18.296N 21°57.031V

Útihús stóð nyrst í gamla túninu, austan heimreiðar, um 80 m NNA við gamla bæinn. Um 10 m austar er dómhringurinn (009).

Í túni. Tóftin snýr N-S, 12x16 m, hlaðin úr torfi og grjóti, veggir allt að 0,7 m háir, og 1,4 m breiðir. N og S gafi vantar, V-veggur er heill og 9 m stúfur af austurvegg. Steyptur garði er austan megin í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-035:004** heimild um útihús 64°18.253N 21°57.101V

Útihús stóð 12 m NV við gamla bæinn.

Á grasi vöxnum skika, á milli skurðar og heimreiðar. Engar minjar sjáanlegar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-035:005** heimild um útihús 64°18.267N 21°57.067V

Útihús stóð um 30 m norðan við gamla bæjarstæðið, skammt austan heimreiðar.

Á staðnum stendur hlaða og votheysturn. Engar minjar sjáanlegar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-035:006** heimild um útihús 64°18.168N 21°56.998V

Útihús stóð yst í túninu austanmegin á tanganum við sjóinn, um 160 m S við gamla bæinn.

Kálgarður með hlöðnum veggjum, við túnjaðar. Engar minjar sjáanlegar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-035:007** heimild um útihús 64°18.140N 21°57.117V

Útihús stóð yst í túninu vestanmegin á tanganum við sjóinn, um 200 m S við gamla bæinn.

Grösug tunga utan túns, milli túns og sjávarbakka. Ekki sjást leifar útihúss, en á staðnum er garðhleðsla, líklega kálgarður sem gerður hefur verið á húsastæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-035:008** Naustafjara örnefni naust

“Niður við sjóinn, fram af bænum, voru Svíraflatir, og svo er Vesturfjaran, sem var hluti af Naustafjöru,” segir í örnefnalýsingu.

Staðsetning óviss og ekki sjást leifar nausts.

**Heimildir:** Ö-Gerði, 1

**BO-035:009** *Dómhringur* örnefni þingstaður

64°18.296N 21°57.036V



“Austarlega í túninu eins og það var, en nú milli fjárhúss og bæjar, var lágur höll sem hefur verið sléttaður og hét Dómhringur,” segir í örnefnalýsingu. Dómhringurinn er í túninu, um 60 m NNA við gamla bæinn og 40 m austan heimreiðar.

Í Dómhringa sögu eftir Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson segir: “Okkur var vísað á Dómhring í túninu í Gerði árið 1989. Við höfum ekki fundið neinar ritaðar heimildir um hringinn þar og eru heimildir okkar eingöngu munnlegar. Engar heimildir eru til um þinghald í Gerði. Hringurinn stendur um 40 metrum austan við heimreiðina. Hann er 22-25 metrar í þvermál með um 0.5 metra háum, ávölum veggjum. Við grófum skurð er náði frá miðju hringsins og í gegnum austurhlíð hans. Í ljós kom að veggur hringsins var einfaldur garður og hafði verið byggt ofan á hann einu sinni. Ekkert grjót var í veggjum eða gólfu, en steinum hafði verið hrúgað utan

með yngri veggjum. Utan við eldri garðinn hafði verið grafinn skurður. Innan hringsins fannst ekkert eiginlegt yfirborðslag eða gólf, en torfþökur sem höfðu að geyma Landnámslagið, höfðu verið lagðar í botninn. Ofan á þessu torflagi var þykkur bunki af ruslalögum og áfoki með áberandi heylinsum á milli. Ekki verður mikið ráðið af þessu og er árangur þessa uppgrftar í samræmi við hefðina í dómhringarannsóknum, en vinnukenning okkar er að hér hafi menn geymt hey, fremur en staðið að dómum.”

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gerði, 1; Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1992) Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar, Saga, XXX, s. 52-53.

**BO-035:010** *Hjallatún* örnefni hjallur

“tanginn milli Brunnfjöru og Naustafjöru, sem er þar utar, heitir Hjallatún. ... Þar voru á bakkanum rústir eftir hjalla.” segir í örnefnalýsingu.

Í túninu við sjávarbakka. Staðsetning óvissu að öðru leyti, engar leifar hjalls fundust, en verið getur að þetta sé sami staður og 007. Túnið nær fram á sjávarbakkan, sem hefur brotið og reistir hafa verið völdugir varnargarðar úr hlöðnu stórgrýti.

**Heimildir:** Ö-Gerði, 1

**BO-035:011** heimild um lendingu

64°18.146N 21°57.186V


“Þarna í [Vestur]fjörunni var lending bæði fyrir Gerði og Másstaði [BO-036].” segir í örnefnalýsingu. “Lending var fyrir Gerði og Másstaði í Naustafjöru. Innsigling í þá vör var milli Gerðisklakks og Másstaðaskers, sem eru þar utan við.” segir í Byggðum Borgarfjarðar.

Sendin fjara, niður af lágum rofbakka.

**Heimildir:** Ö-Gerði, 1; BB II, 94

**BO-035:012** *Stekkurinn* tóft stekkur

64°18.711N 21°57.191V



“Þar er ofan og utan við Grenilágina... Krókageiri, þar utar er Kringlóttigeiri, og austastur er Gerðisgeiri sem nær alla leið niður í flóa. Þessir geirar eru allt uppgrónar skriður. Innan við Gerðisgeirann neðst eru Stekkjarflatar og Stekkurinn...” segir í örnefnalýsingu.

Neðst í skriðu við fjallsrætur. Stekkurinn snýr NA-SV, og er hlaðinn úr misstóru grjóti, um 5x4 m, allt að 8 umför, veggir eru um 0,6 m á hæð, 0,8 m á breidd. Hann skiptist í 2 misstór hólfl, syðra hólfið er stærra og úr því er gengt um 40 sm breitt op á vesturvegg, inn í kró sem mynduð er af tveimur veggjum og er með stóru opi til vesturs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gerði, 1-2

**BO-035:013** *Bergsgerði* heimild um býli

“Upp af bænum, uppi í flóanum, úti undir merkjum Másstaða, er Litlaflöt. Við hana var tómthúsbylí fyrir fáum árum, sem nefnt var Bergsgerði.” segir í örnefnalýsingu.

Litlaflöt er í flóanum milli Innesvegur og Þjóðvegur, en þar eru engar minjar sýnilegar. Athyglisvert er að þar er hið svonefnda Bresagerði (016) og má vera að hér sé um nafnabráð að ræða.

**Heimildir:** Ö-Gerði, 2

**BO-035:014** *Gerðisbúð/Höfðabúð* heimild um verbúð

“Gierdisbúð hjet hjer sjómannaþúð, sem menn ætla bygð hafi veirð fyrir 60 árum, litlumeir eður minna, og þá með fyrsta verið kölluð Höfðabúð. Hún stendur í túninu á Gerði nærri sjávarhöfða þeim, sem hún hefði tekið nafn af. Uppi var hún í manna minni, og ljeðu heimabændur þeim, er þeir vildu. Þar var rúm til tveggja fjöggra manna fara, og ekki fremur. Tók heimabóndinn undirgift, hvört sem gekk einn bátur eður fleiri, stærri eður smærri. Eru menn ekki vissir um hvað há undirgift hafi verið fyrir bát hvern um vissan tíma, en ætla því hafi mismunað eftir því sem smærri eður stærri bátur gekk, lengur eður skemur. Soðningar og þjónustukaup guldu sjómenn fyrir utan undirgiftuna. Þessi búð hefur í næstliðin 20 ár, síðan fiskur brást, í auðn verið og í grunn fallin.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Óþekkt staðsetning.

**Heimildir:** JÁM IV, 59

**BO-035:015** heimild um tóft

Tóftaleifar fundust við túnrektun í skika ofan við Innesveg, skammt vestan við merki móti Þaravöllum, u.þ.b. 400 m NNA við bæ (001).

Í túni. Nákvæm staðsetning ókunn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-035:016** *Bresagerði* bæjarhóll bústaður

64°18.455N 21°57.476V

Bresagerði nefndi Bjarni Jónsson bóndi í Gerði smáhól sem er upp í flóanum milli Innesvegjar og Þjóðvegjar, 480 m NNV frá bæ (001).

Í framræstri mýri, skurður hefur verið grafinn í vesturhlíð staðarins. Ekki sést tóftalag, en smáhóll sem sker sig úr nágreininu, flatur ofan, smáþýfður. Óljóst er hvort um fornan mannabústað er að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Jón Böðvarsson, 1992, Akranes, bls. 25

**BO-035:017** *Þorgrímsgerði* heimild um býli

[1368]: [Heynes] kirkiann a reka allann og veidar allar fra Rosstungu jnn j vigra vijk til lækiar þess er fellur fyrir jnnan þorgrijsgerde. og gerdit sialftt. DI III 249-250.

1397: [Heynes] Kirkia a reka allann oc veidar allar fra Rostunghu inn j Vigravik til lækiar þess er fellur firir innann Þorgrimsgerdi oc gerdit sialftt. DI IV 196-197.

[um 1500]: . rekar allar og veidar fylgia heynesi: fra Rostungum og jnn j wigravik til lækiar þess er fellur firir jnnan þorgrimsgerdi: og gerdit sialft. DI VII, 56-57.

1575: [Heyneskirkja] ä reka allann og veijdar allar. frá Fiostungu og Jnn i Vigra vijk. til lækiar thess er fellur fijrer Jnnann Thorgrijmsgierde og gierdid sialftt. DI XV, 630.

Ekki er vitað hvort Þorgrímsgerði er sama og bæjarstaðið Gerði eða hvort það hefur verið aðgreint stykki.

**Heimildir:** DI III 249-250; DI IV 196-197; DI VII, 56-57; DI XV, 630; Ö-Gerði.

**BO-036 Måsstaðir**

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. “1787 var hún seld frá stólnum.” - BB II, 103.

Tún 29,881m<sup>2</sup>, 1/3 þýft. Garðar 945m<sup>2</sup>.

**BO-036:001** *Måsstaðir* bæjarhóll bústaður

64°18.217N 21°57.564V

“Bærinn stendur sunnan við Þjóðveginn, skammt frá sjó.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Heimreið liggur í suður frá Þjóðvegi og að bænum, er bæjarhóllinn við enda hennar að austan.

Á bæjarhólnum stendur skúr. Nýtt íbúðarhús var byggt um 10 m NA við bæinn. Vestan á honum er malarborið hlað.

Bæjarhóllinn er heldur flatur, brattastur sunnan megin. Hann er 30 m í þvermál, en virðist heldur lengri A-V eins og nú er umhorfs. Austan til á hólnum er upphlaðið “leiði” úr lábörðu grjóti, efst á er steinn með gati og ártali 1909.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 103

**BO-036:002** heimild um útihús

64°18.243N 21°57.863V

Nyrðra útihús í Húsatúni. Húsatún er um 200 m vestan við bæ, og um 120 sunnan við Þjóðveg.

Á staðnum stendur fjárhús og hlaða, á lágum hól.

Hóll í túni, hann er um 40 m í þvermál. Engar fornleifar sjást.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-036:003** heimild um útihús

64°18.234N 21°57.847V

Syðra útihús í Húsatúni. Húsatún er um 200 m vestan við bæ, og um 120 sunnan við þjóðveg.

Á staðnum stendur fjárhús og hlaða, á lágum hól.

Hóll í túni, hann er um 40 m í þvermál. Sunnan við hlöðuna eru veggjaleifar sem væntanlega eru af þessu útihúsi. Um 9 m langir, 1 m breiðir og 0,4 m háir, grjóthlaðnir veggjarstúfar ganga út af austur- og vesturhorni sunnan megin. Bilið á milli þeirra er 10 m. Steyptur garði er við vestri vegg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-036:004** heimild um útihús

64°18.163N 21°57.451V

Tvö samhliða útihús stóðu í SA-horni gamla túnsins, við fjöruna og út við merki móti Gerði, um 140 m SA við bæ.

Í túnjaðri, við sjávarbakka. Engar fornleifar eru sýnilegar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-036:005** heimild um útihús

64°18.200N 21°57.558V

Þrjú samhliða útihús stóðu um 15 m sunnan við bæinn.

Skemma stendur á staðnum. Engar fornleifar sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-036:006** heimild um útihús

64°18.213N 21°57.622V

útihús stóðu í vesturhluta gamla túnsins, um 60 m vestan við bæ.

Engar minjar sjást, en óræktarblettur er í túninu þar sem húsið stóð og slóði liggur út á túnið fast norðan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-036:007** heimild um herslubyrgi

“Þá aftur fyrir neðan veg. Austurvík er vestur af Gerðisfjöru (Vesturfjöru) við merkin milli bæjanna. Þar fyrir utan eru klettur með sjó. eru þar gömul fiskbyrgi, síðan hér voru sjóbúðir.” segir í örnefnalýsingu.

Fiskbyrgin hafa væntanlega verið á sömu slóðum og 004, en ekki sést til þessara minja og gætu þær verið horfnar í sjó.

**Heimildir:** Ö-Másstaðir, 1

**BO-036:008** *Árnávör* heimild um lendingu

64°18.131N 21°57.634V

“Þar fyrir utan [036:007] fyrir miðju túni er gömul vör, nefnd Árnávör. Gæti verið kennd við Árna, sem bjó hér stórbúi mörg ár um 1800.” segir í örnefnalýsingu.

Sendin fjara, klettur á báðar hendur. Upp af lendingunni er bakkinn lægri en bæði austan og vestan hennar, og ekki er klapparbotn, heldur sandur í fjörunni.

**Heimildir:** Ö-Másstaðir, 1

**BO-036:009** heimild um kvíar

“Suður af Klembrunum er Kvíasker, það er vestur af Másstaðaskeri; þar er flæðihætta. Þetta er sama skerið og Bjarni í Gerði nefndi Mjólkurrettarsker, og mjólkurrett hafði verið þar á bakkanum upp af. Þar voru ær mjólkaðar, en allar minjar eftir þá rétt eru horfnar í sjó.” segir í örnefnalýsingu.

Ekki er vitað hvar á bakkanum þessar kvíar voru, en þær eru nú með öllu horfnar.

**Heimildir:** Ö-Másstaðir, 1-2

**BO-036:010** heimild um verbúð

1706: “Sjómannabúð ljet prófasturinn Sr. Halldór í Reykholti fyrir 22 árum hjer upp gjöra, þar sem engin hafði fyrir verið, og lagði sjálfur víðu til. Þar gekk einn bátur hans, ekki stærri en fjöggra manna far, og ekki minna en tveggja manna far; gengu þaug um vertíð og gaf Sr. Halldór ábúanda 15 álnir fyrirtveggja manna far til undirgíftar en 20 álnir fyrir fjöggra manna far. Soðnín og þjónustu keyptu skipsróðrarmenn af heimabónda þar fyrir utan. Varaði þetta mest tvö eður þrjú ár, og fór þetta svo til eyðileggíngar, hefur og aldrei síðan uppihaldið

verið.” segir í jarðabók Árna og Páls. “Fyrrum voru hér sjóbúðir og fiskbyrgi.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Engar leifar af verbúðum sjást nú og munu þær hafa horfið við landbrot.

**Heimildir:** BB II, 103; JÁM IV, 60 -61

**Bo-036:011** heimild um mógrafir

64°18.336N 21°57.785V

“Heyrði Páll Þórð segja frá því, að í æsku sinni hefði hann eitt sinn verið við mógröft í Músstaðamýri með öðrum. Hefðu þeir komið niður á nokkuð, sem þeim virtist líkast potti og riðið tágum utanum. Hefði þeir þá allir orðið hræddir um að hér væri ekki alt með feldu, hreifðu þeir það þess vegna ekki og fylltu gröfina sem skjótast aftur. Svo hafði Þórður aldrei hugsað um þetta síðan, en þó var hann ekki vonlaus um, að hann þekti staðinn aftur.”

Flóinn hefur verið þurrkaður upp og er nú þýfður og notaður sem beitiland fyrir hesta.

**Heimildir:** Árb 1908, 14-5

**Bo-036:012** dys


64°18.151N 21°57.778V

Dys er utan gamla túnsins, um 240 m SV frá bæ, og um 160 m sunnan við útihús 002-3 og 40 m frá sjávarbakka. Í nýlega plægðum og ræktuðum byggakri. Dysin er aflöng og fremur óregluleg í lögun og um 1 m há, um 2 m löng og allt að 60 sm breið; líkast stórrí þúfu. Í henni er einstaka steinn. Hefur dysinni verið hlíft þegar akurinn var gerður. Heimildamenn greinir á um hvort þetta eigi að vera legstaður eða mið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Bo-036:013** tóft

64°18.633N 21°57.961V



Tóft er um 12 m N við nýja þjóðveginn (þann sem er nær fjalli) og um 800 m norðan við bæinn, beint N af útihúsum 002-3 sem eru vestan bæjar.

Mói; framræsluskurður er skammt sunnan við tóftina. Ekki sést mjög greinilegt tóftalag, en hún virðist vera ferhyrnd, um 4 m á hvern veg. Tóftin er hlaupin í þúfur, hleðslur sjást ekki, en grjótt er í veggjum.

**Hættumat:** engin hætta

**Bo-036:014** heimild um útihús

64°18.207N 21°57.560V

Útihús stóð um 15 m suðvestan við bæinn, fast vestan við útihús 005.

Á staðnum stendur skemma. Ekki sjást neinar leifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920.

**Bo-036:015** heimild um útihús

64°18.213N 21°57.565V

Útihús stóð um 10 m suðvestan við bæinn, norðvestan við útihús 014.

Hlað, yfirgróið. Ekki sjást neinar leifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Bo-036:016** gata leið

64°18.169N 21°57.651V

Þjóðleið lá yfir gamla túnið, suður á sjávarbakkanum. Það brýtur af bakkanum, en gatan liggur nú um 10-20 m innan við hann.

Í byggakri. Leifar götunnar sjást ekki nema mjög óljóst, en hún er teiknuð inn á túnakort frá 1920.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920.

**Bo-036:017** heimild um útihús

64°18.139N 21°57.607V

Útihús stóð í túnjaðri við sjávarbakka, um 160 m nánast beint í suður frá bænum.

Í túnjaðri, en utan girðingar og á brún sjávarbakka. Engar leifar eru sýnilegar.

**Heimildir:** Túnakort 1920.

**Bo-036:018** heimild um óþekkt

Samkvæmt frásögn sem Brynjúlfur Jónsson skræði (1907) fannst forngripur í Músstaðamýri á 19. öld. Nánari staðsetning er ekki gerleg.

Heimildamaður Brynjúlfs Jónssonar, sem hét Páll Guðmundsson, heyrði (um 1905) Þórð Þórðarson af Akranesi segja frá fornleifafundi. Var Þórður í æsku sinni “við mógröft í Músstaðamýri með öðrum. Hefðu þeir þá komið

niður á nokkuð, sem þeim virtist líkast potti og riðið tágum utanum. Hefði þeir þá allir orðið hræddir um að hér væri ekki alt með feldu, hreifðu það þess vegna ekki og fyltu gröfina sem skjótast aftur.” Brynjúlfur kom til Akraness 1907 og hitti konu sögumanns, sem staðfesti söguna, en gat ekki vísað á staðinn. Taldi Brynjúlfur söguna ekki vera tilbúning. Einkennilegt er, ef satt er, að mennirnir hafi orðið skelfingu lostnir við að finna þennan grip.

**Heimildir:** Árb 1908, 14-5.

## BO-037 Skálatangi (Tangi)

5 hdr. 1698, 1706. Saurbæjarkirkjueign. 1575: Kirkian ad Saurbæ ä ... thessar Jarder. ... Skálatange landgillde xL. alner. DI XV 631-632. “Jörðin var af sumum nefnd Staðartangi.” - BB II, 105.  
Tún 24,853m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 945m<sup>2</sup>.

**BO-037:001** Skálatangi bæjarhóll bústaður 64°18.198N 21°58.231V  
“Bærinn er sunnan við Þjóðveginn, nokkuð frá sjó, upp af dálitlu nesi eða tanga, er hann dregur nafn af. Fyrr var bærinn nær sjónum...” segir í Byggðum Borgarfjarðar.  
Á staðnum stendur íbúðarhús, byggt 1975.

Enginn eiginlegur bæjarhóll sést, og hefur hann verið sléttur, eða hefur enginn verið, þar sem bærinn var fluttur fjær sjónum. Bæjarstæðið er ekki hóll, heldur slétt og hallar lítillega til suðurs. Í íbúðarhúsinu sem þar stendur nú er enginn kjallari og stutt niður á klöpp (50 sm). Enn sést hluti af norðurvegg (á um 6 m löngum kafla) síðasta torfbæjarins sem þarna stóð, um 2m frá norðurhlíð íbúðarhússins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 105

**BO-037:002** heimild um útihús 64°18.242N 21°58.264V  
Útihús stóðu í norður horni gamla túnsins, um 100 m norðan við gamla bæinn (001).  
Í túni, útihús standa 10 m austan við minjastaðinn. Ekki sést til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-037:003** heimild um útihús 64°18.193N 21°58.280V  
Útihús stóð um 40 m, í útjagri gamla túnsins norðvestan við bæjarstæði.  
Í túni. Engar minjar sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort

**BO-037:004** heimild um útihús 64°18.179N 21°58.235V  
Útihús stóðu á bæjarstæði gamla bæjarins, sunnan megin við hann (001).  
Í túni. Engar minjar sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-037:005** heimild um útihús 64°18.137N 21°58.251V



Útihús stóð niðri við suðurjaðar gamla túnsins, um 85 m sunnan við bæinn(001) og um 17 m norðan við sjávarbakkann.

Í túni, skammt ofan við sjávarbakka. Á eða við sjávarbakkann var garður og við norðvesturhorn hans hafa staðið útihús. Þar eru tvær húsatóftir, samfastar, horn í horn. Liggur NA horn syðri tóftar að SV horni þeirrar nyrðri. Þær eru báðar ferhyrndar; syðri tóftin er 4,5 m löng og 2 m breið, með um 0,5 m breiðum dyrum á vesturhlíð, nær suðurgafli. Nyrðri tóftin er með 0,6 m breiðum dyrum á nær miðjum norðurgafli og er 4 m á hvorn veg. Veggir tóftanna eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 0,5-0.7 m breiðir og um 0,6 m háir, en ekki ljóst hve mörg umför.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-037:006** Hretbyggja heimild um verbúð  
“Hretbyggja, sjóbúð, hefur hjer fyrir meir en 60 árum verið að leyfi staðarhaldara að Saurbæ fyrir undirgift, hvað

mikla vita menn ekki, og ei heldur hvört staðarhaldarinn eður ábúandinn hafa þá undirgift þegið. Síðan lá búðin í auðn um 10 eður 12 ár, alt til þess að fyrir meir en 11 eður 12 árum uppbygði Jón Hreggviðsson með leyfi Sr. Hannesar Björnssonar þessa sjóbúð, og helst hún enn nú við með kostnaði Jóns.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706. “Í Skálatangalandi var sjóbúð Jóns sál. Hreggviðssonar, sbr jarðabók Á.M. og P.V., hún hét Hretbyggja, því miður veit nú enginn, hvar hún hefur verið.” segir í örnefnalýsingu.

Nákvæm staðsetning er óþekkt.

**Heimildir:** Ö-Skálatangi, 1

**BO-037:007** heimild um leið

64°18.164N 21°58.261V

“Fyrir var bærinn nær sjónum, og lá gamla leiðin með ströndinni þar um hlöð,” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Leiðin lá þvert yfir syðri hluta gamla túnsins, miðja vegu milli gamla bæjarins (001) og sjávar.


Í túni. Enn má sjá örla fyrir götunni í túninu, jafnvel þegar það er óslegið. Er staðsetning hennar sýnd á túnakorti og á réttum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 103

**BO-037:008** dys legstaður

64°18.151N 21°58.322V



Dys, eða mið, er úti á tanganum vestanverðum, í túnjaðri við sjávarbakkann, um 100 m sunnan við gamla bæinn (001).

Í túni, við sjávarbakka. Við túnjaðarinn vestanmegin úti á tanganum er aflangur hraukur, sem snýr nokkurn veginn N-S, eða eins og sjávarbakkinn sem hann liggur við. Þetta virðist vera manngert, og það glyttir í hleðslu austan megin sem og í rofi vestan megin. Gunnlaugur Ingimundarson kallar minjarnar dys, en Halldór Kristjánsson segir þær vera mið. Ekki útilokar síðari skýringin hina fyrri.

**BO-037:009** tóft sjóbúð

64°18.169N 21°58.320V

Tóftin af sjóbúð er í túninu niðri við sjávarbakka, um 7 m frá bakkannum, 90 m SV við gamla bæinn (001), og 20 m norðan við hina svokölluðu dys eða mið (008).

Í túni.

Tóftin er ferhyrnd, 5x3m, snýr nánast A-V. Veggir eru um 30 sm háir, hlaðnir úr

meðalstóru grjóti eingöngu, og aðeins eitt umfar sýnilegt.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**BO-037:010** heimild um lendingu

64°18.169N 21°58.351V

Lending var í víkinni vestan við Tanga. Víkin er nafnlaus. Lendingin var í kverkinni milli víkurbotnsins og tangans, skammt suðvestur undan hinni svokölluðu sjóbúð (009).

Í fjöru. Lendingin er í klettótttri vík. Er þar sléttur malarbotn og upp af henni er fjörubakkinn aflíðandi.

**BO-037:011** bæjarhóll bústaður

64°18.132N 21°58.251V

“Fyrir var bærinn nær sjónum, ...” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Eldra bæjarstæðið á að hafa verið á sjávarbakkannum, yst og austanmegin á tanganum, um 110 m suðurundan bænum (001) þar sem nú er kálgarður og þar hjá úthúsatóftir (005).

Í kálgarði, við reykhus. Ekki sjást leifar bæjarstæðis, en á þessum bletti mun hafa komið upp aska við jarðrask.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**BO-037:012** heimild um vatnsból

64°18.195N 21°58.247V

Brunnur var um 15 m vestan við gamla bæinn (001).

Skúr er á brunnstæði. Brunnurinn mun hafa verið hlaðinn, en síðan fylltur og á staðnum stendur skúr.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-037:013** tóft

64°18.177N 21°58.345V

Tóft stóð á sjávarbakkannum, miðja vegu milli Skálatanga (tangans) og tangans sem bærinn Vík stendur á. Var hún um 130 vestur af gamla bænum í Tanga (001).

Á sjávarbakka. Tóftin fór um 1970 þegar ábúandi gerði sér uppsátur. Enn sér í nokkra stóra steina úr vegg, 3-4 umför, á 3 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**BO-037:014** heimild um vatnsból 64°18.155N 21°58.226V  
Brunnu var í gamla túninu um 60 m sunnan við gamla bæinn (001).  
Í túni. Fyrirverandi ábúandi, Ingimundur Þórðarson (1886-1976), mun hafa bent á hvar brunnur þessi var. Enn má sjá lítilsháttar skál eða hvílt í túninu.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-037:015** heimild um vatnsból 64°18.201N 21°58.172V  
Brunnur var skammt utan við gamla túnið, um 80 m NA af gamla bænum (001).  
Í túni. Lítilsháttar hvompa er í túnið þar sem brunnurinn var.

**BO-037:016** tóft smiðja 64°18.196N 21°58.212V  
Smiðja var austantil á gamla bæjarhlaðinu, rétt sunnan við steinsteyppt íbúðarhús (frá 1942).  
Í garði. Smiðja mun hafa staðið framan við bæ austan megin. Þar sér enn votta fyrir hleðslu á um 4-5 m löngum kafla, sem gengur undir húsið.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-037:017** heimild um mógrafir 64°18.301N 21°58.157V  
Mór var tekinn í Flötunum, sem eru við heimreiðina hjá Þjóðveginum NA við bæ.  
Í túni. Þar sem heimreiðin byrjar við Þjóðveginn heitir Austur- og Vesturflatir. Mógrafirnar voru í Austurflötum, en eru ekki lengur sýnilegar.

## BO-038 Vík

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. “Hún var seld frá stólnum 1791... Bærinn er í eyði frá 1966.” - BB II, 109.  
Tún 16,519m<sup>2</sup>. Garðar 1,202m<sup>2</sup>.

**BO-038:001** Vík bæjarhóll bústaður 64°18.218N 21°58.485V  
“Bærinn stendur fremst á sjávarbakkanum, og sjórinn sækir að bæjarstæðinu með landbroti,” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Að sögn Steinþórs Ingimarssonar stóð bærinn norðan við núverandi íbúðarhús, um 60 m norðan við sjávarbakka  
Í túni, á bæjarhólnum stendur útihús úr bárujárnri og með steypum sökkli, en hóllinn sjálfur er að mestu grasi gróinn. Hann er lágur og ávalur, um 30 m í þvermál. Það vottar fyrir hlöðnum eða steypum kanti bæði sunnan og norðan megin við útihúsið sem nú stendur á hólnum. Þetta gætu verið leifar af grunni bæjarhúsanna (001) og eða þeirra útihúsa (003) sem stóðu við bæinn, en þó er þetta ógreinilegt og á kafi í gróðri.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** BB II, 109

**BO-038:002** heimild um útihús 64°18.222N 21°58.484V  
Samkvæmt túnakorti frá öndverðri 20. öld stóðu útihús um 30 m NNA við bæjarstæði.  
Í túni. Engar minjar sýnilegar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort

**BO-038:003** heimild um útihús 64°18.209N 21°58.467V  
Samkvæmt túnakorti stóðu tvö samhliða útihús við vesturvegg bæjarhúsa í upphafi 20. aldar.  
Í túni. Engar fornleifar sjást.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort

**BO-038:004** heimild um útihús 64°18.213N 21°58.498V  
Samkvæmt túnakorti stóðu útihús um 15 m vestan við gamla bæinn (001) í upphafi 20. aldar.  
Í túni. Engar fornleifar sjást.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort

**BO-038:005** heimild um sjóbúð  
Í Jarðabók Árna Magnússonar segir: “Sjóbúð ein hefur hjer fyrir fáum árum bygð verið af ábúendum fyrir búðarsetumann, er hjer hafði tómthús um fáein ár... Hefur nú búðin tvö ár í eyði verið, og nú ofan tekin.”

Ekki er ljóst hvar þessi búð hefur verið og má vera að búðarstæði sé af brotið vegna sjávangangs.

**Heimildir:** JÁM IV, 63

**BO-038:006** heimild um verbúð

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1706 segir: “Önnur sjóbúð, tómthús, var hjer um fáin ár... Varaði bygðin í þessu tóma húsi um 7 eður 8 ár, og eru nú hjer um sjö ár síðan. Því eins mega þessi tómhús upp aftur reisast, að Guð láti fiskirí lukkast, so bjargvæni sje þeim er búa vildu. Engin er hjer bygðar nje önnur af Jarðarmagni.”

Ekki er ljóst hvar þessi búð hefur verið og má vera að búðarstæði sé af brotið vegna sjávangangs.

**Heimildir:** JÁM IV, 64

**BO-038:007** brunnur vatnsból


64°18.220N 21°58.544V

Brunnur er um 50 m SV við bæjarstæði (001), út við sjávarbakkann.

Í túni, við sjávarbakka. Sjá má votta fyrir grjóthleðslu í hring, um 2 m í þvermál.

**BO-038:008** tóftir

64°18.338N 21°58.505V



Tóftir eru vestan í Víkurhól, sem er áberandi hól norðan Innessvegar, og tæpa 250 m norðan við bæinn (001).

Hóllinn er klapparholt sem staðið hefur í míri er nú hefur verið ræst fram.

Vestanmegin í hólnum eru ógreinilegar tóftir, sem snúa því sem næst í A-V. Þær skiptast í þrjú eða fjögur hólf. Austanmegin er eitt ferhyrnt hólf, það er stærst og gæti hafa verið kálgarður, áföst vestan við það eru tvö önnur hólf; er annað opið í vestur, en hinu er skipt þversum í tvö minni hólf, sem er opið bæði sunnan og vestan megin. Það vottar fyrir grjóti í veggjum.

**Hættumat:** engin hætta

## BO-039 Miðhús

10 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. “Seld 1787.” - BB II, 104.

Tún 12,814, 2/5 þýft. Garðar 1.397m<sup>2</sup>.

**BO-039:001** *Miðhús* bæjarhóll bústaður

64°18.187N 21°58.793V



Gamla bæjarstæði Miðhúsa er niðri við sjóinn, um 200 m beint suður af bænum þar sem hann stendur nú. Er gamla bæjarstæðið vestan við vík sem þar er, og um 20-30 m vestan við sjávarbakkann.

Lágur, grasi vaxinn hól í túnjaðri, við sjávarbakka. Hóllinn er um 20 m á hvorn veg. Í austur og suðurjaðri sér í garðhleðslur úr grjóti. Upp á miðjum hólnum eru leifar síðasta bæjarins. Sjá má tvö, ferhyrnt hólf og steypa gólfplötu og eru þessir þrjú húshlutar samsíða og liggja frá A-V. Austasta hólfíð er 5 m langt og 2,5 m breitt, hlaðið innan fáeinar umferðir úr grjóti. Vestan við það er jafnlangt hólf, sem er 3,5 m breitt. Á milli þeirra er 1 m breitt bil. Sjá má um 10 umför í vegghleðslu stóra hólfinsins. Vestan við stærra hólfíð er steyp plata, 5 m

löng og 2 m breið. Sunnan og austan bæjarhólsins eru grjóthlaðin garðlög.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** BB II, 104

**BO-039:002** heimild um leið

64°18.202N 21°58.724V

“Nær ströndinni er dálítið klapparholt. Þar lá fyrrum gatan inn með ströndinni,” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gatan lá austan með túninu í Miðhúsum, við víkina.

Strönd og klappir, sendin vík. Vestanmegin mun leiðin mun hafa legið upp á bökkunum og milli bæjarins og höfðans sem nær út í sjó neðan við bæinn og þaðan ofan í víkina, í átt að bænum Vík.

**Heimildir:** BB II, 104

## BO-040 Höfði (Staðarhöfði)

10 hdr. 1706. Saurbæjarkirkjueign. Fyrir 1300: Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. hit þriþia [at] ramna berge. fiorþa i hofþa.” DI I 265 sbr. [1367] - DI III 223; 1397 - DI IV, 197-198; [1491-1518]; - DI VII, 55; 1575: Kirkian ad Saurbæ ä ... thessar Jarder. ... Hauffde landgijllde x aurar. - DI XV 631-632. 1.5.1536 selur Ögmundur Skálholtsbiskup Jóni Eiríkssyni Höfða í Garðakirkjusókn fyrir Fellsóxl í sömu kirkjusókn og gefur 8 kúgildi í milli - DI IX, 765. Tún 16,169m<sup>2</sup>, 8/9 þýft. Garðar 410m<sup>2</sup>.

**BO-040:001** *Staðarhöfði* bæjarhóll bústaður 64°18.125N 21°58.850V

Staðarhöfði stóð niður við sjó, á samnefndum höfða, um 120 m sunnan við gamla bæinn í Miðhúsum.

Hóll, eða höfði fast við sjóinn, flatur ofan og höfðinn og gamla túnið er orðið smáþýft.

Engin merki um byggingar eða eiginlegan bæjarhól eru sýnileg og má vera að hann hafi verið að mestu jafnaður út.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-040:002** heimild um útihús 64°18.128N 21°58.860V

Útihús stóð í norðurhorni gamla túnsins (eins og það var 1920), um 75 m NV við bæinn (001).

Í túni. Engar minjar eru sjáanlegar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-040:003** heimild um útihús 64°18.124N 21°58.845V

Útihús stóð rétt fæina metra austan við bæjarhúsin (001).

Í túni. Engar minjar eru sjáanlegar.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort

**BO-040:004** *Hjalltún* heimild um hjall

“...suðvestur af bænum heitir Hjalltún, kennt við fiskhjall, sem þar var.” segir í örnefnalýsingu.

Engar minjar þessa hjalls eru sjáanlegar, en Hjalltún hefur væntanlega verið ysti hluti túnsins niðri á sjávarbakkanum.

**Heimildir:** Ö-Staðarhöfði, 1

**BO-040:005** heimild um verbúð

Jarðabók Árna og Páls frá 1706 segir: “Úthýsi jarðarinnar ljeði Sr. Hannes um nokkra stund sjómönnum til verbúðar...”

Ekki er ljóst hvar þetta úhýsi stóð. Hafi það staðið á sjávarbakkanum er eins víst að hússtæðið sé farið í sjóinn.

**Heimildir:** JÁM IV, 66

## BO-041 Heynes

30 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð, seld 1787. “Gufa bjó síðar í Gufudal; hans son var Þorkell skefir, faðir Arnórs, foður Kolla á Heynesi.” Landnámabók (P(M)), ÍF I, 67 nm. “ ... Illugi samnaði [mönnum] um Heynes ok Garða til Fellsaxlar ... “ - Harðar saga, ÍF XIII, 53. “Nú varð Illugi varr við ferð þeira ok sendi þegar menn í Garða ok á Heynes ... at samna mönnum.” - Harðar saga, XIII, 71. 7.6.1507 er dómur nefndur á Heynes þingi á Akranesi - DI VIII, 150. [1540] gefur Gissur Skálholtsbiskup Sæmundi ráðsmanni umboð yfir Heynesi og öllu því kirkjunnar umboði er þar til heyrri - DI X, 577-78. 1706 átti jörðin nautaupprekstur í Svanga í Skorradal, fjárbeit á Svínavöllum allt til Dalssókna, skóg í Skorradal, selstöðu fyrir innan Berjadalsá, fjárupprekstur í land sitt á Berjadal, hagabeit í Ósi og Hvítanesi þar sem Pyttar heita - JÁM IV, 67. Tún 44462m<sup>2</sup>, 1/3 þýft. Garðar 1254m<sup>2</sup>.

**BO-041:001** *Heynes* bæjarhóll bústaður 64°18.167N 21°59.839V

Bærinn í Heynesi stendur miðja vega milli þjóðveggar og sjávar.

Gamall bæjarhóll í túni. Á honum stendur íbúðarhús byggt 1946/1960 og nokkur útihús. Hóllinn er afar stór, um

80 m A-V og allt að 60 m N-S. Þegar tvíþýlt var á Heynesi stóð hinn bærinn vestast á hólnum. Núv. íbúðarhús stendur á hólnum, þar sem gamli bærinn var áður. Undir húsinu er handgrafinn kjallari. Í SA-horni bæjarhólsins er myndarlegur öskuhaugur, rúmir 2 m á hæð. Rof er í austurbrú hans og þar er kartöflugarður.

Við uppgröft í bæjarhólnum fundust afar merkir vettlingar og Elsa Guðjónsson segir svo frá fundinum: “Árið 1960 þegar Halldór Kristjánsson, bóndi í Heynesi í Innri-Akraneshreppi, var að grafa fyrir húsgrunni á þeim stað sem bærinn hafði staðið frá því snemma á 10. öld, fann hann djúpt í jörðu, að því er virtist í neðstu gólfskán í bæjarstæðinu, laglega sniðna smábarnavettlinga [þjms 1960:77] saumaða úr mórâuðu vaðmáli. Fléttuð ullarsnúra var sumuð við hvorn vettlinginn; var greinilegt að hún hafi upprunalega verið heil og tengt vettlingana saman... Nokkur forsaga er að þessum vettlingafundi í húsagrunninum í Heynesi, því að við gröft þar árið áður hafði bóndinn kominn niður á þjötlu af sérkennilegum vefnaði á ámóta dýpi, og hafði þjatlan verið send Þjóðminjasafni Íslands til athugunar og varðveislu. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður taldi að vefnaðurinn væri að öllum líkindum frá fyrstu öldum Íslands byggðar, um 900-1100, og við rannsókn höfundar á þjötlu, sem einna helst líkust búi af gæru, reyndist hún vera saumuð saman úr tveimur bútum af mórâuðu röggvuðu vaðmáli ásamt mjórri vaðmálsræmu, öröggvaðri.”

Vettlingarnir frægu fundust n.t.t. undir suðurenda hússins. Þá fannst einnig steinkola og steinaraðir sem Halldór hélt vera langeld, en það var engin aska eða kol. Talsvert grjót var í hólnum, en ekki hlaðið. Austast í hólnum er hlaða og enn austar fjós (sbr 006). Þegar fjósið var byggt um 1962 voru mannvistarleifar í vesturendanum, en ekki austanmegin og nær grunnur fjóssins væntanlega því austurfyrir gamla bæjarþorpið. Norðar kom Halldór niður á hælard. Eflaust leynast enn margvíslega minjar á þessum merka stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 95; EG, 206

**BO-041:002** tóft+garðlag kirkja

64°18.153N 21°59.837V



“Til forna var hér hálfkirkja, helguð heilagri Maríu guðsmóður skv. máldaga frá 1368.” Á hálfkirkjutóft er enn bent á Heynesi. Hún er uppi í bæjarhólnum SA-til og hefur kirkjan staðið sunnan við hlaðið, gegnt austustu húsunum í bæjarröðinni. Einnig er bent á bænhústóft í túninu rétt N við svokallaða Lögrétta.” - Halldór S. Kristjánsson, Heynesi 8.7.1990 (Dagb. OV 1990). Tóft og garðlag er um 20 m sunnan eða suðaustan við bæinn (001). Er tóftin 7 m sunnan við hesthústóft (007). Utan í garðlaginu var gerður kálgarður. Í örnefnaskrá segir: “Beint fram af bænum var kálgarður. Einu sinni komu þar upp bein úr manni. Garðurinn var þá lagður niður.”

Í túni. Tóftin er vel greinileg, hún er ferhyrnd, aflöng og

snýr A-V, 9 m löng og 6 m breið að utanmáli. Veggir eru algrónir, fremur signir og lágir, þ.e. 0,10-0,30 m háir, og um 1,2 m breiðir. Grjót er ekki sýnilegt. Má vera að undir tóftinni séu merki um eldri byggingu, en um það verður ekki fullýrt. Tóftin er slétt innan sem og garðurinn í kring. Garðlagið utan um garðinn er ógreinilegt en þó er ljóst að þarna er nokkurn veginn hringlaga garðlag og það vottar fyrir því á öllum hliðum nema norðantil. Þar var gerður kartöflugarður og hefur það skemmt þessa hleðslu. Mannabein fundust innan hringlaga garðlagsins, út frá NA horni tóftarinnar. Bilið á milli tóftar og garðlags er um 5 m á mótí göflunum en 10 m gegnt langhliðinni. Hæð og breidd veggjar í garðlaginu er ekki auðvelt að mæla, en þvermálið virðist vera 20-25 m. Er enginn vafi á að hér hefur verið kirkja og kirkjugarður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 95; Ö-heyne, 1

**BO-041:003** heimild um útihús

64°18.226N 21°59.929V

Samkvæmt túnakorti frá upphafi 20. aldar stóð útihús utarlega í gamla túninu, um 120 m NV af bænum (001).

Í túni. Á staðnum standa enn fjárhús og hlaða. Hlaðan er úr bárujárnri, um 12 m löng og 5 m breið. Áföst við hana eru fjárhúsin, 10 m löng og 7 m breið með veggjum hlöðnum úr grjóti (allt að sex umför) 1,2 m á hæð. Tvennar dyr eru á langhliðinni sem snýr frá hlöðunni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-041:004** heimild um útihús

64°18.264N 21°59.738V

Samkvæmt túnakorti frá upphafi 20. aldar stóð útihús nyrst í gamla túninu, um 200 m N eða NNA af bænum (001), rétt sunnan við þjóðveg, og um 35 m vestan við heimreiðina þar sem hún hefst við veginn.



Í túni. Engar minjar eru sýnilegar, og hafa þær verið sléttaðar.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-041:005** heimild um útihús

64°18.179N 21°59.831V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 40 m N við bæ (001), í jaðri bæjarhóls og rétt vestan heimreiðar.

Í túni. Engar minjar um útihúsið eru sjáanlegar, og hafa þær verið sléttaðar.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-041:006** heimild um útihús

64°18.171N 21°59.803V

Samkvæmt túnakorti frá upphafi 20. aldar stóð útihús fáeina metra austan við bæ (001), þar sem hlaða stendur nú á bæjarhólum.

Á bæjarstæði. Á staðnum stendur hlaða.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-041:007** heimild um útihús

64°18.156N 21°59.843V

Samkvæmt túnakorti frá upphafi 20. aldar stóð útihús um 12 m S eða SSA við bæ (001).

Í túni, við bæjarhól. Sjá má stöku steina í grasrótinni og kunna þeir að vera leifar af aurmáli útihúss sem þar stóð.

Lögun og stærð er ekki hægt að greina.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-041:008** heimild um útihús

64°18.174N 21°59.837V

Samkvæmt túnakorti frá upphafi 20. aldar stóð útihús á hlaðinu, rétt vestan við bæinn (001), n.t.t. um 6 m frá suðvesturhorni núverandi íbúðarhúss.

Grasi gróinn blettur, hefur verið kálgarður í seinni tíð. Engar leifar útihússins eru sýnilegar.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-041:009** heimild um útihús

64°18.124N 21°59.820V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús í gamla túninu um 75 m sunnan við bæjarstæði (001).

Í túni. Engar minjar eru sýnilegar og hefur verið sléttað yfir þær.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-041:010** *Miðhúsasel* tóftir sel

64°18.594N 21°58.543V

“Eftir flóanum rennur kelda, sem stefnir hér austur og vestur og heitir Garðakelda. Hún rennur um Breiðna að Miðhúsaseli, en það eru rústir sels frá Miðhúsum, nú á merkjum Heyness og Reyniss, beint upp af Miðhúsum.” segir í örnefnalýsingu Heyness. Í lýsingu Reynis segir: “Hér er flóinn auðkennalaus út að Miðhúsaseli; það er upp af Miðhúsum og er á merkjum. Þetta eru rústir eftir sel.” Leifar Miðhúsasels eru 6-700 m norðan við bæinn í Vík, beint upp af Víkurhóli. Í örnefnaskrá segir að selið sé upp af Miðhúsum, en það er í raun heldur austar. Er selið spottakorn ofan við þjóðveginn sem lagður var vegna Hvalfjarðarganga.

Minjastaðurinn er í grónum og þýfðum móa.

Leifar selsins eru þýfð rústabunga. Ekki sjást veggir eða hleðslur, en hér og þar sér í steina sem gætu verið hleðslugrjót.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Heynes, 1

**BO-041:011** *Heynesstekkur* tóft stekkur

64°18.716N 21°59.780V

“Þar vestar [en 010] eru svo rústir eftir Heynesstekku, sem öðru nafni og nú oftast heitir Grænarúst.” segir í örnefnalýsingu Heyness. Í lýsingu Reynis segir: “Enn vestar [en Þverkelda] er í flóanum Grænarúst, öðru nafni (og það nafn er alltaf notað hér á bæ) Heynesstekkur.” Þessi staður er talsvert langt vestar en Miðhúsaselið. Heynesstekkur, oft nefnd Grænarúst, er í norðvesturhorni Heynesslands, þ.e. út við merki móti Kjaranstöðum, um 15 m ofan við nýja þjóðveg, um 350 m vestan við afleggjara að Reyni og um 1,2 km í NV frá Heynesbæ (001).

Minjastaðurinn er á hólnefni, í grösugu og þýfðu mólendi. Ekki er hægt að sjá tóftalag á stekki en minjarnar


eru aðeins hærri en landið umhverfis, sjá má stöku stein en þó aðallega þúfur.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Heynes, 1; Ö-Reynir, 1

**BO-041:012** *Þorfinnsstaðir/Þorfinnskot* heimild um bústað 64°18.337N 21°59.667V  
Svo segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706: “Þorfinnskot. Önnur hjáleiga gömul, hefur ýmist byggt eður í auðn verið” og örnefnaskrá segir: “Beint upp af bænum, ofan þjóðveggar, er rúst eftir gamalt býli, sem hét Þorfinnsstaðir. Þar hefur verið tekið mikið af ofaníbúð, og þarna stendur nú félagsheimilið Miðgarður.” Í Byggðum Borgarfjarðar er sagt að býlið hafi endanlega fallið í eyði á 18. öld. Að sögn Halldórs Kristjánssonar voru rústir þess þar sem nú er tjörn, um 50-100 m norðan við Miðgarð og fast vestan við akveg sem liggur milli gamla og nýja þjóðveggar. Er þessi staður beint norður af Heynesbæ (001) og fjarlægðin þar á milli er um 400 m. Tjarnir og blaut mýri. Engar minjar eru sýnilegar um Þorfinnskot. Að sögn Halldórs Kristjánssonar hurfu rústirnar þegar grjót var tekið til ofaníbúðar við vegagerð um 1930-40.

**Heimildir:** Ö-Heynes, 1; JÁM, 68; BB II, 114



**BO-041:013** *Lögrétta* 64°18.115N 21°59.954V  
“Forn girðing er sýnd í túninu á Heynesi á Akranesi. Hún er 18 faðm. löng og 12 faðm. breið. Hún er kölluð LÖGRÉTTA. Engar eru þar aðrar fornar rústir að sjá, og engin örnefni eða munnmæli, sem benda á þinghald, þektu menn þar. Þykir mér því grunsamt, að nafnið sé yngri en girðingin og myndað af getgátu. Auðvitað fullyrði eg það ekki. Þó vil eg benda á það, að allir aðrir hringar þeir er eg hefi séð, og nefndir eru LÖGRÉTTUR eða DÓMHRINGAR, eru nokkumveginn kringlóttir og talsvert minni en þessi.” segir Brynjúlfur Jónsson í fornleifaskýrslu frá 1907. Svonefnd Lögrétta, eða Dómhringur, er á sjávarbakkanum við Heynes, um 120 m S eða SSV við bæinn (001). “Hér var um aldir þingstaður sveitarinnar...” segir í Byggðum Borgarfjarðar.

Í túni, á sjávarbakka. Í Dómhringasögu Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar segir (AF&OV, s. 53-54): “Dómhringurinn á Heynesi stendur sunnan við bæjarhúsin. Hann er fast við sjávarbakkann og hefur suðurhlíðina brotið af. Rústin stendur á sléttum velli og hefur suðurhlíðina brotið af. Rústin stendur á sléttum velli og eru veggir afar ávalirog flatir. Austurveggur hennar stendur á náttúrulegum hrygg sem lækkar til vesturs, en norður- og vesturveggir eru öllu óskýrari. Rústin virðist um 42 metra löng frá sjávarbakka til norðurs, en um 36 metra breið. Hún virðist skiptast í tvö hólf. Vestara hólfíð er styttra og mjórra...” Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson grófu alls 9 skurði í lögréttutóftina á Heynesi í ágústmánuði 1990 & 1991. Ekki er ljóst til hvers þetta mannvirki hefur verið notað, en má vera að þar hafi farið fram e.k. ræktun (AF, s. 4).

**Hættumat:** hætt, vegna landbrots

**Heimildir:** AF, 4; AF&OV, 53-54; Árb 1908, 14; BB II, 95.

**BO-041:014** *Lambhús* heimild um býli

Í jarðabók Árna og Páls frá 1706 segir: “Lambhús hefur hjer í manna minni hjáleigugrey verið um eitt ár eður tvö.”

Ekki fundust leifar um þetta “hjáleigugrey”.

**Heimildir:** BB II, 95; JÁM IV, 68

**BO-041:015** gryfja mógrafir 64°18.151N 21°59.666V  
Austan við bæ (001) og neðan gamla þjóðveggar er mólendi sem kallast Breið. Þar hefur verið mótekja, og sýnileg merki eru m.a. um hana skammt austan við túnjaðarinn, um 200 m austan við bæinn. Framræst mýri, nú talsvert þurr og þýfður mói. Mógrafir voru í Breiðinni og sjá má enn óljós merki um gröft hér og þar.

**BO-041:016** *Heynesbúð* heimild um verbúð  
“Heinessbúð, tómthús, hefur að fornu verið stundum ljeð en stundum legið í eyði.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Staðsetning óþekkt og engar minjar sýnilegar. Hafi búðin verið við sjávarbakka má vera að leifarnar séu horfnar í sjó.


**Heimildir:** JÁM IV, 69

**BO-041:017** náma mógrafir 64°18.268N 22°00.116V

Mógrafir eru út við merki móti Kjaranstöðum, ofan túns og neðan vegar.  
Mólendi. Sjá má stöku hólf og ójöfnur og kanta, en svæðið er allt hlaupið í þúfur.

**BO-041:018** heimild um þingstað 64°18.164N 21°59.856V  
Þinghús stóð um 50-10 m vestan við bæjardyr (001). Síðar var þar kartöflugarður.  
Á bæjarhlaði, grasi gróíð. Engar minjar um þinghúsið eru sýnilegar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-041:019** *Bænhús* tóft 64°18.126N 21°59.951V  
Tóft af svonefndu Bænhúsi er í túninu um 100 m suðvestur af bænum (001) og 5 m N við Lögrétta (013). Í örnefnaskrá segir: “Þegar kemur suðvestur af bænum, er stykki, sem nefnt er Lögrétta. Þar til hliðar við, austar, er stykki sem heitir Bænhús. Það stykki má ekki slá, mun þá ólán henda þann, sem býr á Heynesi. Rétt norðan við Lögréttuna er tóft sem heitir Bænhústóft.”



Í túni. Tóftin er ferhyrnd, snýr svotil N-S, 7 m löng og 4 m breið, með dyrum norðarlega á austurhlið; rof er í SV horni. Veggir eru hlaðnir úr torfi og líklega grjóti, hleðlsuhæð er um 30 sm.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Heynes, 1

**BO-041:020** *Vörðuhús* heimild um býli  
[1368]: Mariu kirkia a Heynese a heimaland halftt. vordu hus halftt med ollum gognum og giædum. DI III 249-250.  
1397: Mariukirkia ä Heynesi a halft heimaland oc Vorduhvs halftt. med ollumm gognumm oc giædumm. DI IV 196-197 [1491-1518]: Þar liggur til heimaland halft og vaurduhus half med aullum giædum þeim sem adur fylgdu heynesi og þeim er þorbiorn keypti til kirkunnar. DI VII, 56-57.  
1575: Kirkian ä Heijnese ä hälfitt heimaland og Vorduhus hälfitt med ollum giædum. DI XV, 630.  
Ekki er vitað hvar Vörðuhús var en líklegast er að það hafi verið hjáleiga í landi Heyness.  
**Heimildir:** DI III 249-250; DI IV 196-197; DI VII, 56-57; DI XV, 630.

**BO-041:021** bæjarstæði bústaður 64°18.165N 21°59.871V  
Þegar tvíbýli var á Heynesi stóð bær vestantil á hlaðinu, um 25 m vestan við aðalbæinn (001) og síðar var þar fjós og loks kartöflugarður.  
Á grónum bæjarhól. Leifar bæjarins sjást ekki.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-041:022** hús fjós 64°18.165N 21°59.871V  
Þegar tvíbýli var á Heynesi stóð bær vestantil á hlaðinu, um 25 m vestan við aðalbæinn (001) og síðar var þar fjós og loks kartöflugarður. Fjósið var flutt austur fyrir bæinn (001) um aldamótin 1900.  
Á grónum bæjarhól.


**BO-041:023** heimild um lendingu 64°18.050N 21°59.796V  
Lending var vestan í klöppunum sem liggja út austanmegin í vikinni niður undan Heynesi.  
Sendin fjara. Lent var á sandbotninum í vikinni, ofan við eru háir bakkar og brattir, enda var aðallendingin í Dægru.

**BO-041:024** heimild um leið 64°18.068N 21°59.824V  
Á sjávarbökkum sunnan við tún og fram undan Heynesbæ (001).  
Í túni, á sjávarbakka. Leiðin um sveitina lá sumpart á bökkunum sunnan við tún í Heynesi, sumpart í fjörunni, frá gömlu Kjaransstöðum og í átt að Dægru.

## BO-042 Dægra

Hjáleiga frá Heynesi 1706: “Gömul hjáleiga, hefur þó eyðilagst einu sinni og oft því nærri.” JÁM IV, 67.  
“Dægra (Dægran) var hjáleiga frá Heynesi, ómetin 1706, en á 10 hundruð um miðja 19. öld... Dægra féll úr byggð 1949 og land hennar hefur verið lagt til Heyness.” BB II, 112.  
Tún 26084m<sup>2</sup>, 2/5 þýft. Garðar 978m<sup>2</sup>.

**BO-042:001** *Dægra* bæjarhóll bústaður 64°17.960N 21°59.483V



“Dægra... stóð suðaustur af bænum [Heynesi]...” segir í örnefnaskrá. Rústir Dægru standa á Dægrusnoppu, sem er nes niðri við sjóinn. Er nær hálfur kílómetri milli bæja og ögn lengra frá Dægru upp á Innnesveg, en bæjarhóllinn er ekki nema um 50 m frá sjávarbakkanum. Tóftirnar standa í túni, við sjávarbakka.

Bæjarhóllinn er mjög flatur, aðeins ögn hærrí en landið umhverfis. Á hólnum standa rústir bæjarins og er grundvöllur hans um 20 m á hvorn veg. Hefur bærinn snúið stöfnum til suðurs og þar eru þrjú hólf um 8 m löng og 5 m breið að innanmáli. Dyr eru á austur og vesturhólfi, og göng á milli vesturhólfs og miðhólfs.


Göngin liggja í boga til vesturs; úr þeim er gengt í miðhólfið og svo liggja þau til vesturs og enda í litlu hólfu (6x2m) sem myndar norðvesturhorn bæjarins. Austan við það er enn hólf (8x3m), með dyr í norður. Út frá norðausturhorni gengur stök, lítil tóft (4x2m). Um 10 m vestan við bæinn er um 22 m langur garðbútur úr grjóti. Hleðslur í bænum eru úr grjóti og torfi, allt að 80 sm háar. Víða má sjá 7-8 steinaraðir í hleðslunum sem eru þó talsvert hrundar og skemmdar. Þakið er hrunið, og liggur í framtóftunum. Á túnakorti frá 1920 er að sjá sem vestasta framtóftin og tóftin aftan við hana séu merktar sem útihús, en austurhlutinn er merktur sem bær.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Túnakort 1920; BB II, 95

BO-042:002 tóft útihús

64°17.961N 21°59.292V



Á túnakorti frá 1920 er sýnt útihús í suðausturhorni túnsins og þar er rúst. Er hún 160 m austan við bæinn, en 5 m frá sjávarbakkanum.

Í túni, við sjávarbakka. Tóftin er nær ferhyrmd að grunnfleti og skiptist í tvö hólf, sem bæði snúa A-V. Er nyrðra hólfið um 5x2,5m að innanmáli, hið syðra er jafnlangt en 1,5 m breitt. Veggir standa hátt, hlaðnir úr grjóti (6-7 umför) og grasi grórnir ofan. Suðurveggur er að mestu af brotinn (vegna sjávargangs?). Dyr eru í hvora tóft á vesturhlið.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort

BO-042:003 tóft útihús

64°17.983N 21°59.340V



Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús nærri norðausturhorni túnsins. Þar er enn rúst. Hún er 120 m austan við bæjarstæðið (001) og 60 m NV við útihús 002.


Í túni. Tóftin snýr A-V, hún er 6 m löng og 5 m breið að utanmáli, en 3x1,2m að innanmáli. Dyr eru í vesturenda, 40 sm breiðar. Veggir eru um 1,5 á breidd, þeir eru úr torfi og grjóti, fáein umför, og um 40 sm háir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort

BO-042:004 tóft útihús

64°17.957N 21°59.398V



Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús u.þ.b. miðja vegu milli bæjar og útihúss 002 austan hans. Þar er tóft og eru um 60 m milli hennar og bæjarins, en 30 m að sjávarbakkanum.

Í túni. Tóftin er að grunnfleti 9 m löng og 8 m breið. Hún skiptist í tvö hólf, sem eru opin í vesturenda. Syðra hólfíð er stærra og er um 7x3m að innanmáli, nyrðra hólfíð er jafnlangt en 2m á breidd. Hleðslurnar eru úr torfi og grjóti, allt að 70 sm og í þeim má sjá a.m.k. 4-5 umför.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort

BO-042:005 *Hjallhóll* heimild um hjall

64°17.993N 21°59.161V

Í örnefnaskrá segir: “Upp undan [Höskuldar]skerinu er smávik upp í klappirnar, sem heitir Innribás. Þar uppi á bakkanum er hóll, Hjallhóll. Þar hefur verið fiskhjallur til forna.” Innribás er í fjörunni um 240 m austan við bæinn. Á bakkanum þar uppaf hlýtur hóllinn að hafa verið.

Þýfður mói, sléttur völlur og grasi vaxinn. Enginn hóll er sýnilegur á bakkanum, og ósennilegt er að hann hafi verið sléttaður út, enda er þessi staður utan gamla túnsins og nýrækt engin. Landbrot er ekki meira hér en annarsstaðar, en má vera að hóllinn hafi horfið í sæ. Halldór Kristjánsson þekkir ekki örnefnið Hjallhóll né mögulegan hól á þessum slóðum, en er þó gagnkunnugur, enda þjó faðir hans í Dægru. Gæti því verið um rugling að ræða.

**Heimildir:** Ö-Dægra, 1

BO-042:006 *Gamla-Dægra* tóftir bústaður

64°17.981N 21°59.510V



Tóftir Gömlu-Dægru eru um 40 m norðvestan við bærjarstæði Dægru (001) og 22 m norðan við sjávarbakka.

Í túni. Innan gamla túnsins í Dægru, sem er að mestu mjög slétt, eru ójöfnur sem virðast vera leifar af mannvirkjum. Gæti þar verið annarsvegar gaffl og veggstúfur af húsi og hinsvegar beint garðlag. Halldór Kristjánsson á Heynesi segir að Guðjón Sigurðsson föðubróðir hans hafi viljað slétta þetta út, en þá hafi hann dreymt að til sín kæmi kona sem bað hann um að hreyfa ekki við bænum sínum.

**Hættumat:** engin hættu

BO-042:007 *Dægrubrú* brú samgöngubót

64°17.988N 21°59.501V

Þjóðleiðin lá um tún í Dægru, norðan við bæinn. Þar var kallað Dægrubrú.

Í túni. Ekki sjást ummerki um leiðina á þessum slóðum. Ef örnefnið vísar til þess að vegurinn hafi verið hlaðinn upp að nokkru vegna mýrableytu, þá er ljóst að landið hefur breyst mikið við framræslu því hér er nú harður völlur og þurr.

BO-042:008 heimild um lendingu

64°17.922N 21°59.544V

Lending var í Dægru, vestan í klöppunum sem liggja vestan í tunganum er bærinn stendur á.

Sendin fjara, og fremur brattir sjávarbakkar. Lendingin er vestan í klettarana sem gengur út í sjó og er fjörubotninn sendinn. Virðist þar skjólgott og var þetta betri lending og oftar notuð en sú sem var niðuraf Heynesbæ.

**BO-042:009** gerði 64°18.022N 21°59.074V

Stórt gerði er út við merki móti Miðhúsum, hjá Höskuldarlæk þar sem hann rennur til sjávar.

Í þýfðum móa, nú þurum, við sjávarbakka. Stór girðing, óreglulega ferhyrmd eða nær trapisulaga. Veggir eru hlaðnir úr grjóti og er hleðslan grasi gróin; þeir eru um 60 sm háir, regulegir og beinir, lengsta hliðin er 37 m en sú stysta er 29 m. Innan garðs er landið slétt en dálítið hlaupið í þúfur. Mannvirki þetta gæti verið kálgarður frá öndverðri 20. öld.

**Hættumat:** engin hætt

**BO-042:010** brunnur vatnsból 64°17.958N 21°59.455V

Leifar brunns eru á bæjarstæðinu (001) 1 m austan við austustu tóftina á bænum.

Á grasi grónu bæjarstæði. Brunnurinn er um 1 m í þvermál, nær hringlaga, grjóthlaðinn innan. Sjá má a.m.k. 10 umför steina niður. Brunnveggurinn er hruninn niður austanmegin.

**Hættumat:** engin hætt

## BO-043 Kjaransstaðir

20 hdr. 1706. Skálholtsstólsjörð. 1706: “Sambeit í heimahögum og selstöðu á þessi jörð óskifta saman með Heynesi.” JÁM IV, 70.

Tún 31,030m<sup>2</sup>, 2/5 þýft. Garðar 914m<sup>2</sup>. Nyrst í gamla túninu og norðan við það má sjá á loftmynd votta fyrir óreglulegum röndum, líkast til beðasléttum.

**BO-043:001** *Kjaransstaðir* bæjarhóll bústaður 64°18.147N 22°00.475V

“Gamli bærinn stóð á bakkanum nálægt sjónum. Árið 1965 var bærinn fluttur upp fyrir veg.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Kjaransstaðir stóðu áður á bakkanum niðri við sjó, um 80 m frá bakkanum en um 250 m sunnan við Innnesveg og er gamla heimreiðin í beina stefnu frá þjóðvegi að bænum.

Í túni, á sjávarbakka. Bærinn var fluttur upp fyrir þjóðveg 1965, en gamli bærinn var rifinn og talsvert tekið ofan af bæjarhólum og honum ýtt út. Þó má sjá móta fyrir ávalri hólbungu, sem er að hluta gróin, og að hluta flag. Þar er einnig rusl geymt. Á síðustu árum hefur af og til verið tekið ofan af hólum og þá komið upp talsvert af grjóti. Engar leifar bæjarhúsa eru sýnilegar og líkur á að þær séu að mestu eyðilagðar. Hóllinn er nú um 30 m í þvermál, en segir það lítið um hvernig hann var í laginu á meðan búið var á gömlu Kjaransstöðum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 99

**BO-043:002** heimild um útihús 64°18.190N 22°00.471V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús í norðausturenda gamla túns, um 100 m NA við bæinn (001), rétt vestan við heimreiðina.

Í túni. Engar minjar þessa mannvirkis eru sýnilegar, enda hafa þær verið sléttar út við ræktun.

**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-043:003** heimild um útihús 64°18.173N 22°00.293V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús í suðausturenda gamla túnsins, um 100 m austan við bæinn (001), en 25 m ofan við sjávarbakka.

Í túni, við sjávarbakka. Engar minjar af þessu mannvirki eru sýnilegar.

**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-043:004** heimild um útihús 64°18.152N 22°00.513V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu útihús um 20 m norðan við bæjarhúsin (001).

Í túni, ruslahaugur og flag. Fornleifar eru ekki sjáanlegar.

**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-043:005** *Kjaransstaðahóll* álagablettur huldufólksbústaður 64°18.520N 22°00.433V

Í örnefnaskrá segir: “Hér efst uppi í flóa er Kjaransstaðahóll, ávallt sagt Kjaransstaðahóll, stór og klettóttur r að vestan og norðan, þverhníptur. Upp undir hann eru brekkur, sem ekki mátti slá, því þá átti að verða slys, og er þetta var eitt sinn gert, flæddi allt féð. Þarna talaði einu sinni huldukona við Sigurð Björnsson, hann sá hana ekki, en heyrði hvað hún sagði.” Hóll þessi er norðan við nýbýlið Hríshól, sem stendur vestan heimreiðar að nýju

Kjaransstöðum, og vestan útihúsa sem eru norðan við Kjaranstaði.  
Utan túns, þýfður mói og stakur, gróinn klettur. Hóllinn er um 40 m langur, liggur nánast N-S, brattur vestan og norðan, en aflíðandi og þýfður sunnan. Hann er fremur hár og sést víða að, enda landið flatt í kring.

**Heimildir:** Ö-Kjaransstaðir, 1

**BO-043:006** *Keldukot* heimild um býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar Páls Vídalín frá 1706 segir: “Kielldukot eður Kjaranstadakat er gömul hjáleiga, byggð fyrir meir en 40 árum af heimalandi þessarar jarðar. Nú hefur hún í sex ár í eyði legið, og hús öll niður fallin; var hún því eyðilögð að heimabændum þótti mein að grasnautnarmissir.”

Staðsetning óþekkt. Má vera að Keldukot hafi staðið þar sem er lítill hóll í túninu neðan við Innnesveg, sjá nr. 007.

**Heimildir:** BB II, 99; JÁM IV, 71

**BO-043:007** þúst óþekkt

64°18.258N 22°00.542V

Rústalegur hóll er í túni, um 120 m neðan við Innnesveg, niður af nýja Kjaransstaðabænum frá 1965 og um 80 m vestan við heimreiðina að gamla bænum.

Í túni. Ávalur hóll er í túninu, sem annars er mjög slétt, og gæti hann verið rústabunga. Þarna gætu leynst leifar Keldukots (006), en óvíst er það með öllu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-043:008** heimild um lendingu

64°18.114N 22°00.486V

Lending Kjaransstaðabænda var vestan við snoppuna sem gamli bærinn stóð á.

Í fjöru. Bærinn stóð á litlu nesi eða tanga og þar vestan við er vík. Vestan megin í henni eru klappir og þar var lending við klappirnar, fjörubotninn er sendinn.

**BO-043:009** brunnur vatnsból

64°18.159N 22°00.486V

Leifar brunns eru um 40 m norðan við gamla bæinn (001), rétt vestan við heimreiðina.

Í túnjaðri. Leifar brunnsins sjást sem smá hvilft, tæpir 2 m í þvermál. Ekki sést í grjóthleðslur.

**BO-043:010** heimild um leið

64°18.174N 22°00.476V

Þjóðleiðin lá með bökkunum, um 80 m norðaustan við gamla bæinn (001).

Í túni, á sjávarbökkum. Ekki sjást merki um leiðina, en hún er sýnd á túnakorti frá 1920.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-043:011** gryfja mógrafir

64°18.271N 22°00.179V

Mór var tekinn á merkjum Heyness og Kjaransstaða, neðan við Innnesveg.

Í túni. Svæðið hefur verið sléttað, ræktað upp og gert að túni.

## BO-044 Bráðræði

“Bráðræði var hjáleiga frá Kjaransstöðum, byggð á fyrri hluta 19. aldar. Taldist býlið ¼ Kjaransstaða, eða 5 hundruð. Komst Bráðræði í eigu Ytrahólmsmanna, Ottesena, 1892 og var síðar lagt undir Ytra-Hólm. Hefur Bráðræði verið í eyði síðan 1922.” BB II, 112.

Tún 19,172m<sup>2</sup>, 1/2 þýft. Garðar 695m<sup>2</sup>.

**BO-044:001** *Bráðræði* bæjarhóll bústaður

64°18.316N 22°00.095V

“Bráðræðisbærinn stóð austur af Stóru-Býlu, tæplega hálf leið að Úlfarsá, sem er á merkjum næst sjó.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. “Aðeins ofar [en túnið Áttmælingur] vestan við lækinn [Úlfarsá], heitir Bráðræðishóll, þar sem býlið Bráðræði stóð. Þar eru nú fjárhús.” segir í örnefnalýsingu. Hóllinn þar sem Bráðræði stóð er í túninu austarlega í landi Ytra-Hólms, um 200 m austar en Stóra-Býla, en um 40 m neðan Innnesvegur. Niður að sjó eru um 80 m.

Í túni. Símalína liggur fast norðan við bæjarhólinn. Hóllinn er lágur og grasi vaxinn, engin merki um minjar eru sýnileg. Hann sýnist vera um 30 m í þvermál, en eflaust hefur verið tekið ofan af honum og hann sléttaður út að nokkru.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 112; Ö-Ytri Hólmur, 3

**BO-044:002** heimild um útihús 64°18.330N 22°00.944V  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús í norðausturhluta gamla túnsins, um 40 m ANA frá Bráðræði (001), og um 30 sunnan við Innesveg.

Í túni; framræsluskurðir eru sunnan og austan við staðinn. Engar minjar eru sýnilegar. Hafa þær eflaust verið sléttaðar við túnrækt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-044:003** heimild um útihús 64°18.328N 22°01.167V  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 70 sunnan við Bráðræðisbæ (001), suðvestantil í túninu, um 30 m frá sjávarbakkannum, og 40 m austan við lækinn sem skildi að Bráðræðistúnið og tún Litlu-Býlu við sjóinn.

Í túni. Ekki sjást neinar minjar um útihús, hafa þau verið rifin og sléttuð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-044:004** heimild um útihús 64°18.332N 22°00.900V  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús í austurenda Húsatúns, austan við heimatún Bráðræðis. Er staðurinn um 70 m frá merkjum í Úlfarsá að austan, um 140 m austan Bráðræðis (001) og um 20 m sunnan við Innesveg.

Í túninu er ávalur hóll, væntanlega sá sem kallaður er Tjaldhóll. Er líklegt að húsinn hafi staðið á honum. Engin merki um byggingar eru nú sýnilegar og hafa þær verið sléttaðar út við ræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

## BO-045 Ytri Hólmur

50 hdr. 1706. Bændaeign. 19.11.1540 er dæmd lögleg sú gjöf er Kristín Þorleifsdóttir gaf Lofti Rögnvaldssyni alla jörðina Ytra Hólm með samþykki Einars Eiríkssonar sonar hennar. Kom fram bréf þar sem Einar gaf Kristínu móður sinni hálfu jörðina Ytra Hólm og annað þar sem Erlendur Þorvarðsson samþykkti gjöfina - DI X, 569-71 sbr. 573. 9.7.1541 kvittar sr. Þorleifur Eiríksson Teit Oddsson fyrir andvirði allrar jaraðrinnar Ytra Hólma í Garðakirkjusókn - DI X, 643. Talin 20 hdr. án hjáleiga 1847. Það ár voru hjáleigur Ytra-Hólms: Stóra-Býla (5 hdr), Litla Býla (2 1/2) hdr, Bakkabúð (-kot, 2 1/2 hdr), Háfa-hjáleiga (5 hdr), Miðbýli (5 hdr), Fjósakot (5 hdr), Birnhöfði (5 hdr). Bakkabúð var áður skipti í Ytra- og Eystra-Bakkakot. Um 1840 er einnig getið um Ættmæling og Hólmsbúð. 1804 voru Hlíðarkrókur, Holtakot og Uppsalar eyðihjáleigur. 1706 tilheyrði Landhólmi Ytra Hólmi.

Tún 72361m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 1508m<sup>2</sup>.

**BO-045:001** *Ytri Hólmur* bæjarhóll bústaður 64°18.294N 22°01.744V  
Gamli bæjarhóllinn á Ytra-Hólmi er við enda heimreiðarinnar, hann er vestan hennar og miðja vegin milli Innesvegur og sjávar.

Á bæjarhólnum stendur íbúðarhús reist 1901, hjallur og búð. Ofan á hólnum er malarborið hlað. Norðaustantil stendur hjallur og s.k. Oddgeirsbúð, timburhús án kjallara sem flutt var á staðinn ofan af Skaga, en mun áður hafa staðið á Ytra-Hólmi. Steinhús, með handgröfnum kjallara, var reist vestast á hólnum 1901 og var síðasti torfbærinn heldur austar en steinhúsið sem enn stendur. Austast á hólnum og að mestu utan hólmsins standa stór útihús af ýmsu tagi. Hóllinn virðist vera um 40 m langur A-V, en um 30 m N-S, en þó þer að taka þessar mælingar með fyrirvara. Hóllinn er einkum brattur sunnan og vestan, en landið er nánast jafnslétt norðan og austan. Var suðurhliðin enn brattari áður. Í hallanum vestan við steinhúsið var öskuhaugur og steyppt öskuþró. Öskuhaugur var einnig suðaustanmegin við þar sem steinhúsið er og kartöfluhús er grafið inn í hólinn sunnan megin. Þegar grafið var fyrir heimaug norðan við húsið komu engar mannvistarleifar í ljós. Nýtt íbúðarhús á Ytra-Hólmi var ekki reist á bæjarhólnum heldur rúmum 100 m vestar. Þar sem steinhúsið stendur í vesturbrún bæjarhólmsins, og rask á miðjum hólnum og gamla bæjarstæðinu hefur verið takmarkað, má ætlað að eldri byggingaminjar séu nokkuð vel varðveittar þrátt fyrir umsvifamikinn búskap á jörðinni í aldaraðir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-045:002** heimild um útkirkju  
Getið er um hálfkirkju á Ytra-Hólmi í máldaga frá 1397. Hún var lögð af með konungsbréfi 17.5.1765. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð, og engar sögur um t.d. mannabeinafundir eru þekktar. Annað hvort hefur verið byggt á kirkjutóftinni eða hún jöfnuð undir tún. 1397: Kirka að Ytra Holmi aa Akranesi skal vera halfkirkia með þeim skildaga. að þar skal syngia annann huern dag helgann oc lvka presti ij merkur j tijaoffur.

Skal bondi sa sem Þar byr taka heima sijnar tijnunnder oc allra heimamanna sinna oc alla lysisitolla þa sem þar heima falla; Máld DI IV 196



{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 69, 71 }

17.5.1765: Kirkja á Ytra-Hólmi lögð niður; (PP, 120) [konungsbréf]

Ekki er vitað hvar kirkjan stóð, og engar sögur um t.d. mannabeinafundi eru þekktar. Annað hvort hefur verið byggt á kirkjutóftinni eða hún jöfnuð undir tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-045:003** heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús við norðurjaðar túnsins, fast vestan við heimreiðina. Er þessi staður um 160 m norðvestan við bæinn (001), en 30 m sunnan við brún Innnesvegur.

Í túni. Engar leifar sjást og hafa þær verið sléttaðar við túnrækt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-045:004** heimild um útihús

64°18.309N 22°01.698V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús norðan við bæjarhlaðið en vestan heimreiðar, um 25 m NA við bæinn (001). Oddgeirsbúð stendur kippkorn austar.

Malarborið plan. Engar leifar húsa eru sýnilegar, en þegar grafinn var skurður með veginum að bænum kom upp dálítið grjót. Gæti það hafa verið úr veggjahleðslum. Á þessum stað munu hafa verið lambhús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-045:005** heimild um útihús

64°18.282N 22°01.694V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu útihús 30-40 m austan við bæinn (001).

Malarborið hlað og fjós. Engar minjar eru sýnilegar og líklega hurfu þær með öllu vegna síðari bygginga.

**Heimildir:** Túnakort

**BO-045:006** gripir

1867: “SIGNET rennt úr beini. Á það er grafið S.H. með latínuletri og hinsvegar latínu -S dregið yfir um H., grafið á skjöld, með skörðóttum eða vöfðum röndum. Það fannst í jörð á Ytra-Hólmi á Akranesi, þá verið var að grafa brunn.”

Staðsetning þessa fundar er óþekkt. Brunnur var t.a.m. á milli nýja og gamla íbúðarhússins, en vatnsból hafa verið á fleiri stöðum.

**Heimildir:** Skýrsla FÍ II, 34

**BO-045:007** Áttmælingur heimild um býli

“Áttmælingur, túnblettur fyrir neðan Bráðræði [BO-044]. Var byggt um tíma 1830-50 og líklega hvorki fyrr né síðar.” segir í örnefnalýsingu. “ Á Áttmælingi var fólk á fyrri hluta 19. aldar. Ekki hefur sá búskapur verið stór í sniðum og sumir búlausir.” segir í Byggðum Borgarfjarðar.

Í túni, við sjávarbakka. Engar minjar um býlið Áttmæling eru sjáanlegar en túnblettur með þessu nafni er enn á sínum stað, þó brotið hafi af landinu. Má vera að kotið hafi staðið þar sem syðra útihúsið (BO-044:003) á Bráðræði stóð á öndverðri 20. öld, nema leifar þess séu horfnar í sjó.

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 1; BB II, 112

**BO-045:008** Hliðkrókur heimild um býli

“Krokur, forn eyðihjáleiga af þessari jörðu, hefur í auðn verið undir 30 ár.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706. “Hliðkrókur eða Krókur, var byggt upp 1636-56 og ekki síðar. Hvar þetta býli var, er ekki vitað.” segir í örnefnalýsingu. “...en líkur benda á, að verið hafi þar, sem heitir Krókur við heimreið að Hólmi.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Túnið austan við heimreiðina og að heimatúni Stóru-Býlu heitir Krókur, en engar fornleifar eru sýnilegar þar. Hugsanlegt er að býlið hafi staðið þar sem síðar var útihús (003), við Krókinn, en rétt vestan heimreiðar.

Í túni. Túnið austan við heimreiðina og að heimatúni Stóru-Býlu heitir Krókur, en engar fornleifar eru sýnilegar þar. Hugsanlegt er að býlið hafi staðið þar sem síðar var útihús (003), við Krókinn, en rétt vestan heimreiðar. Hafa leifar býlisins væntanlega horfið við túnrækt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2; BB II, 113; JÁM IV, 56

**BO-045:009** *Trölladyngja* heimild um býli

“Holtakot eða Trölladyngja (síðara nafnið algengara), byggt í fáein ár um 1650.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. “Örnefnið er í holtunum um 500 m norðvestur af bænum á Ytra-Hólmi. Þar eru leifar af rústum.” segir í örnefnalýsingu.

Engar tóftir eru í Hólmsholtum um 500 m norðvestur af bænum. Hinsvegar er lítill, gróinn og strýtulaga hóll (029) þar í holtunum um 300 m lengra en örnefnalýsing greinir. Er sá staður væntanlega Trölladyngja, enda er sá hóll líklegur til að fá á sig nafn sem þetta (sjá lýsingu við nr. 029).

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2; BB II, 113

**BO-045:010** *Uppsálar* heimild um býli

“Sa madur er aa heynesi byr skal hafa heima kirkiu tiund sina: og heimamanna sinna: og fra uppsalum” segir í máldaga frá um 1500, og er býlisins einnig getið í jarðabók Árna og Páls frá 1706: “Uppsálar segja menn verið hafi forn eyðijörð. Það land, sem menn ætla so heiti, og líkindi sjást til byggðar, er nú kallað Ytra Hólms land, óvíst hvört átölulaust af Heynessmönnum og Kjaransstaða. Þetta liggur í landsuðurhorni þeirra ummerkja, sem Hólmsmenn vilja sjer eigna, en að hvörjum rjetti hefur aldrei með lögum reynt verið í þeirra minni, sem nú eru nálægir.” Í örnefnaskrá segir: “Þetta mun vera nálægt merkjum Kjaransstaða og Ytra-Hólms.”

Ekki er ljóst hvar þetta eyðibýli hefur staðið. Eini sémilega þurri staðurinn á merkjum Ytra-Hólms og Kjaransstaða hefur verið á milli Kjaransstaðahólanna. Þar eru að vísu engar búsetuleifar sýnilegar þótt landið hafi ekki verið unnið undir tún nú á síðari tímum. Örnefnið gæti bent til þess að bærinn hafi jafnvel staðið talsvert ofar og nær fjallinu, en þá er komið í Reynisland. Tóftir eru á merkjum Ytra-Hólms og Reynis, og það eru líklega hin svonefndu Friðhús (Sjá BO-079:006). Mögulegt er að Uppsálar hafi verið þar sem eru bæjarleifar (sjá BO- 079:011) í landi Eystra-Reynis og um 300 m austan við þann bæ, en það samræmist illa lýsingu Árna Magnússonar. Aðrir staðir koma vart til greina, nema þá átt sé við Heynesstekk. Hann er í horni milli Kjaransstaða og Heyness, við merkin mót Reyni. Þar er smáhóll, og virðist sem stekkurinn standi á rústabungu, sem gætu verið leifar fornbylis. Að öllu athuguðu eru þó Kjaransstaðahólarinn líklegasti staðurinn. Örnefnið Uppsálar á sémilega við þann stað, því allir aðrir bæir stóðu við sjávarbakkann, að frátöldum Reyni.

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2

**BO-045:011** heimild um verbúð

Í Örnefnaskrá segir: “Ýmsar sjóbúðir og tólmhús hafa verið til, sem ekki er mögulegt að staðsetja...”

Leifar mögulegra sjóbúða fundust ekki. Hafa sumar eflaust þegar farið í sjó, en sléttað eða byggt yfir aðrar.

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2

**BO-045:012** gata leið

Á túnakorti frá 1920 er sýndur “vegur” sem hefst við bæjarhlaðið, milli bæjar (001) og útihúss (005) og liggur niður túnið að sjávarbakka.

Í túni. Slóðinn er enn á sínum stað. Hann hefur verið um 200 m langur, en hús standa nú á nyrðri enda hans. Er hann nú um 130 m.

**BO-045:013** *Hesthústún* örnefni hesthús

“Beint austur og upp af bæ er Hesthústún...” segir í örnefnaskrá.

Hesthús hefur væntanlega staðið í eða við samnefnt tún, en staðsetning þess er nú óviss. Ekki er ljóst hvort túnið heiti eftir útihúsi 005, eða hugsanlega öðru útihúsi sem staðið hefur í því túni, en er ekki sýnt á túnakorti frá 1920.

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2

**BO-045:014** dys

64°18.574N 21°01.440V

Dys er á Hólmsholtum, um 570 m NNA við bæ (001). Í holtunum eru tveir staðir sem eru áberandi hærri en aðrir hólar eða klappir. Dysin er við þann næsthæsta, en sá hæsti er um 120 m norðar og á milli þeirra er garðlag (030). Slóði liggur um holtin frá Innnesvegi að þjóðvegi 1. Er dysin um 350 m frá Innnesvegi og um 150 m vestan við slóðann.

Í grónu holti, við hliðina á garðlagi. Dysin er ekki annað en samanborið grjót, um 1,6 m í þvermál og 40 sm há. Má vera að hún sé leifar af vörðu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2

**BO-045:015** *Miðbýlishóll* þjóðsaga huldufólksbústaður

64°18.288N 22°01.914V

Svo segir í örnefnaskrá: “Rétt utan og neðan við bæinn er stór hóll, sem heitir Miðbýlishóll. Þar býr r huldufólk.” Hóllinn er um 150 m suðvestan við gamla bæjarstaðið (001), og frá hólnum eru 80-90 m niður að

sjó.

Hóll í miðju túni. Fremur hár hóll, en lítill um sig, stendur stakur upp úr sléttu túni.

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2

**BO-045:016** *Húsatættur* þúst fjárhús

64°19.432N 22°00.448V

Í Ytrahólmslandi, upp af bænum og í átt að fjalli eru nokkur holt. Í örnefnaskrá segir: “Innan við Stóra-Skollholt er innsta holtið í röðinni, það heitir Húsatættur. Þar voru sauðahús frá Ytra-Hólmi. Húsatættur eru við læk, sem heitir Húsalækur.” Til að fara að Húsatóttum er farið með vegi sem liggur upp Sauðabólsáa. Frá norðurenda þeirra liggur fjárgata í norður og norðvestur, rétt áður en komið er að tóftunum er farið yfir Húsalæk. Er hóllinn um 320 m norðan við norðurenda ássins. Hóllinn er nokkuð greinilegur, t.a.m. þegar horft er í norður frá ásunum, enda er hann stakur, þýfður og grænn.


Lágur hóll, í stórþýfðum móa. Húsatættur eru þúst sem ekki sér á tóftalögun, en hún er afar græn og minnir mjög á rústastaði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 3

**BO-045:017** *Fossakot* tóft býli

64°19.690N 21°59.074V



Í Örnefnaskrá segir: “Við [Berjadalsá] er gamalt býli, nú rústir, Fossakot eða Foss. (Var alltaf nefnt Fossakot, þegar það nafn var notað, en Foss, ekki Fossar, þegar það nafn var viðhaft.” Í Byggðum Borgarfjarðar kemur eftirfarandi fram: “Búið var á Fossi 1880-1902, nema árin 1886-1887 og 1897-1914. Féllu þá allar landnytjar til Ytra-Hólms.” Tóftimar eru norðan við akveg sem liggur með Berjadalsá, þær eru um 10 m neðan við neðstu kletta í Akrafjalli, skammt frá þar sem áin rennur í þröngu gljúfri og fellur fram í litlum fossi.

Leifar Fossakots standa á sléttum, grónum velli og eru enn greinilegar. Þar er vel varðveitt, falleg tóft með háum veggjum og grasi gróin. Hún stendur syðst á smáhól eða smáþýfðri rústabungu. Bungan er 20-25 m löng N-S, og um 15 m breið. Óljóst vottar fyrir veggjabrotum í henni, en ekki verður um það fullyrt. Tóftin sjálf snýr N-S, hún er 10 m löng og 8 m breið, tvískipt, með um 1,5 m breiðum veggjum, sem eru allt að 40 sm háir. Að innan er nyrðra hólfið um 5x2 m með dyrum á vesturgafli, en syðra hólfið er um 5x3, einnig með dyr á vesturgafli og gengt er á milli hólfa. Hólfin eru flöt innan

og fremur grunn (um 25 sm), en veggirnir hærri að utanverðu og sér í grjóti í þeim hér og þar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 4; BB II, 81

**BO-045:018** *Selbrekka* örnefni sel

Í örnefnaskrá segir: “Selbrekka er þar upp af [Fossakoti 045:017], upp með ánni.” Brekkan er reyndar heldur sunnar en þessi lýsing gefur til kynna.

Brött brekka í fjallshlíð.

Ekki er ljóst hvort örnefni þetta vísi til selstöðu undir fjallinu. Engar minjar um sel er við fjallsræturnar, nema haft hafi verið í seli þar sem Fosskotíð er. Má og vera að nafnið vísi til Garðasels sem er talsvert fjær fjallinu, í Garðaflóa.

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 4

**BO-045:019** *Hólmsbúð* heimild um býli

Svo segir í Byggðum Borgarfjarðar: “Hólmsbúð hét ein hjáleiga Ytra-Hólms. Byggðist hún á 19. öld og er þar fyrst getið ábúenda 1838. Var byggð nær samfelld til 1905, að hjáleigan lagðist niður til Ytra-Hólms. Ekki virðist hafa verið sérstakt mat á Hólmsbúð, sem stóð við sjóinn niður undan Ytrahólmsbænum.” Frá bænum (001) niður að Hólmsbúð eru um 240 m.

Hólmsbúð stóð utan túns, á litlum höfða út við sjóinn.

Höfðinn þar sem Hólmsbúð stóð er gróinn og flatur ofan, en engar leifar hjáleigunnar eru sýnilegar. Á bakkanum er hlaðinn kantur, sem rekja má um 15 m leið, væntanlega varnargarður. Nýlegur varnargarður er síðan innan við hann.

**Heimildir:** BB II, 113

**BO-045:020** garðlag

64°18.398N 22°01.722V

Garðlag liggur í Hólmsholtum sunnan Innnesvegar, um 120 m NNA við Háuhjáleigu.

Á grónu klapparholti. Garðlagið er hlaðið úr grjóti og er sæmilega greinilegt en þó að verulegu leyti upp rifði. Mun grjót hafa verið tekið úr garðinum við vegagerð um miðja 20. öld, enda liggur hann aðeins um 25 m sunnan við Innnesveg. Hægt er að rekja það á um 30-40 m löngum kaffla. Hleðslan er breiðust um 1,20 m, og hæst um 0,30 m. Hlið (1m) er á garðinum upp á háholtinu. Ekki er ljóst til hvers garðurinn var hlaðinn.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**BO-045:021** Hólmsbúðarvör heimild um lendingu


64°18.165N 22°01.563V

Hólmsbúðarvör var í fjörunni neðan við Hólmsbúð (019) um 240 m neðan við bæ (001).

Fjara. Í Hólmsbúðavör er fjörubotninn sendinn og hallar lítið, og hefur landingin skjól af klettum vestan megin. Í fjöruborðinu liggur myndarlegur steinn með u.þ.b. 10 sm breiðri og 20-30 sm langri, jafnri rák. Er haft eftir séra Jóni að þar hafi bátum verið lent og dregið að, enda myndi þessi rák falla vel að framstefni eða hnýsu á báti. Er þessi skora óvenjuleg, og er hún svo regluleg í lögun að ætla má að hún sé manngerð.

**BO-045:022** tóft

64°18.529N 22°01.762V




Tóft er á ónefndu holti sem er ofan Innnesvegar og á milli Hliðsholts að vestan og Háuhjáleiguholts að austan. Um 100 m norðan Innnesvegar.

Á holti. Fáeinum metrum suðvestan við tóftina er nýtt íbúðarhús (í smíðum árið 2000). Tóftin er aflöng og snýr A-V, um 10 m löng en 6 m breið að utanmáli. Um 1 m breiðar dyr eru á suðurenda austurgafls, en enginn veggur er vestan megin. Veggir eru úr torfi og grjóti, allt að 60 sm háir, og 70 sm breiðir. Sjá má 5-6 umför af grjóti. Í miðri tóftinni er garðlag, væntanlega garði og er hann eins hlaðinn og veggimír. Líklegt er að þetta séu leifar fjárhúss, frá öndverðri 20. öld.

**BO-045:023** tóft

64°19.106N 22°00.432V




Tóft er fast austan við suðurenda Sauðabólsásu, þar á sléttri grund, um 300 m vestan við svonefnd Friðhús (BO-078:007). Vegarslóði liggur upp í Hólmsholtin og hjá Sauðabólsásu upp að fjalli. Er tóftin skammt austan við slóðann og sést frá honum.

Á snöggrónum harðvelli, smáþúfur hér og hvar. Tóftin er aflöng og snýr næstum A-V. Hún er 7 m löng og 5 m breið að utanmáli og skiptist í tvennt eftir endilöngu. Veggir eru hlaðnir úr grjóti, um 1 m breiðir og 30 sm háir. Tóftin er opin vestanmegin, en við austurgافل er áföst lítil, ferhyrnd tóft, 4 m löng og 2 m breið. Út af NA horni aðaltóftarinnar gengur lítill veggjarstúfur í norður, 2 m langur og hlaðinn eins og aðrir veggir tóftarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-045:024** tóftir

64°19.171N 22°00.345V



Tóftarbotn er austan í Sauðabólsásu, um 120 m frá norðurenda þeirra og um 300 m vestan við Friðhús (BO-078:007). Slóði liggur frá þjóðvegi 1 til norðurs um ásana. Tóftirnar eru aðeins um 40 m austan við slóðann en lága klapparbungu ber á milli, um 130 m norðan við tóft 023.


Tóftirnar eru á milli tveggja klappa í smáþýfðu mólendi, á þurru stað í holti, en mýri er allt í kring. Greinilegust er tóft, að mestu hlaðin úr grjóti, slétt innan, um 7 m löng og 5 m breið að utan máli. Hún snýr

nánast N-S, með um 50 sm breiðum dyrum á suðurgafli. Veggir eru beinir, og reglulega hlaðnir. Sjá má 4-5 umförför af hleðslugrjóti, tóftin er dálítið gróin en samt “nýleg” að sjá og mjög sennilega frá 20. öld. Svo virðist sem hún hafi verið reist ofan í eldri tóftum. Norðan og vestan við hana mótast fyrir veggjabrotum og er bilið á milli um 3-5 metrar. Norðanmegin er beinn veggur sem gengur A-V, hann er um 8 m langur og virðist austurendi sveigja aðeins til suðurs og nær ögn út fyrir NA-horn yngri tóftarinnar. Á vesturenda veggjarins er horn í suðurstefnu, um 3 m bútur og virðist hluti af vesturvegg, því í framhaldi af honum eru mislönng veggjabrot í beinni línu, hið lengsta um 4 metrar, en í heild má segja að veggurinn sé eða hafi verið um 12-14 m og nær hann jafnlagt og suðurendi yngri tóftarinnar. Reyndar virðist stærsta brotið vera tóft, því á því eru tvö horn, en óljóst er þetta þó. Áfast áður nefndum norðurvegg er tóftabrot, um 5 m langt og 3 m breitt, snýr eins og veggurinn, A-V, og innanmál er um 1,5x1,0m. Gengt er um suðvesturhorn. Hleðsluhæð er mest í yngstu tóftinni, allt að 0,6 m, en utan hennar eru veggir um 0,4 m háir og sér minna í grjót í þeim enda eru þeir yfirgróinir.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-045:025** hleðsla rétt

64°19.585N 21°59.257V



Hestarétt stendur undir Reynisásam, neðan við Selbrekku, um 120m suðvestan við vatnsveitu Akurnesinga. Slóði liggur frá þjóðvegi 1 norður að vegi við Berjadalsá og er réttin 70 m austan við hann.

Gróin flöt og grýttur melur undir klettahamri neðst í fjallshlíð. Réttin er reist á sléttum harðvelli, hún er nánast sporöskjulaga, myndar klettaveggurinn austurhlíð, en laglega hlaðið er með grjóti vestan megin. Að innanmáli er réttin um 16 m löng og 15 m breið. Veggir eru hlaðnir úr stóru grjóti, og eru allt að 80 sm háir og um 1 m breiðir. 1 m breiðar dyr eru á miðjum vesturveggnum.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-045:026** tóft

64°19.719N 21°59.098V

Norðan við Berjadalsá og skammt norðan akvegjar sem þar er á árbakkanum eru leifar býlisins Fossakots (017) sem fór í eyði í upphafi 20. aldar. Um 50 m norðvestur af Fossakoti er tóft sem ekki er nefnd í heimildum.


Tóftin er í grónu landi, lítilla blautu og þýfðu. Engin merki um ræktun. Tóftin er 12 m löng og 5 m breið að utanmáli og snýr N-S, um 1 m breiðar dyr eru í norðurenda. Veggir eru ávalir og dálítið sokknir en beinir, þar sér í grjót á stöku stað; þeir eru um 1,2 m breiðir og 30 sm háir. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Nyrsta hólfíð er stærst, um 5,5 m langt og 2,5 m breitt, miðhólfíð er opið í vestur og mælist um 2 m á hvorn veg. Minnst er suðurhólfíð, um 1 m á hvorn veg. Þessi tóft er áreiðanlega eldri en yngstu leifarnar á Fossakoti, en ekki er ljóst hvort hún hafi tilheyrt kotinu eða sé jafnvel eldra en það. Ekki verður skorið

úr um hvort þetta séu leifar mannabústaðar eða skepnuhúsa og má vera að fleiri tóftir leynist í nágrenninu.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-045:027** tóft

64°18.391N 22°01.559V




Tóft er undir Háuhjáleiguholti að vestanverðu, norðan Innsvegar, um 250 m norðan við bæ (001), en 20 m ofan vegjarins.

Lítill, gróin kvos, mjög þýfð, við klapparholt. Tóftin er fremur ógreinileg og hlaupin í þúfur. Hún er aflöng, snýr nánast N-S, er 9 m löng og 5 m breið að utanmáli. Veggir eru fremur beinir, um 1,2 m breiðir og 20 sm háir. Ekki sér í grjót í veggjum en tóftin er algróin og hleðslurnar sagnar enda landið blautt.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-045:028** tóft

64°18.440N 22°01.688V



Tóft er í Hólms Holtum, um 240 m NNA af bæ (001), 20 m ofan Innnesvegjar. Á girðingunni milli vegjar og tóftar eru tröppur.

Gróid holt. Tóftin er aflöng, snýr NA-SV, 4 m löng og 2 m breið að utannáli. Veggir eru um 1 m breiðir og 30 sm háir. Grjót er í veggjum, hleðslur grónar en víða er rof í veggina.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-045:029** tóftir

64°18.667N 22°01.137V

Í Hólms Holtum, 800-850 m NNA við bæ (001) er stakur, lágur, gróinn og sígrænn hóll. Á toppi hans er áberandi ásetuþúfa. Hóllinn er rétt austan slóðans sem liggur í hlykkjum norður holtin, frá Innnesvegi að Þjóðvegi 1.

Á lágu holti, við framræsta mýri.

Hóllinn er hringlaga, 20 m í þvermál og nær strýtumyndaður. Hann er brattur á allar hliðar nema að vestanverðu, þar er hann flatari. Hóllinn er mjög þýfður og minnir á það náttúrulega fyrirbæri sem jarðfræðingar kalla rúst, en jafnframt líkist hann fornu mannvirki sem er svo gjörsamlega hlaupið í þúfur að vart er hægt að sjá á nokkra lögun. Freistandi er þó að ætla að hóllinn sé e.k. tóft þó ekki sé hægt að sjá lögun hennar. Er líklegt að þetta sé sá staður sem kallaður er Trölladyngja (sjá 009).

**Hættumat:** engin hætta

**BO-045:030** garðlag óþekkt

64°18.627N 22°01.305V



Garðlag liggur vestan megin í Hólms Holtum og nær frá þar sem holtin eru hæst (um 750 m NA frá bæ (001)) og í slitrum til suðurs (um 500 m frá bæ (001)). Það liggur samsíða (og 80-90 m vestar) slóða sem liggur um Hólms Holt, frá Innnesvegi að Þjóðvegi 1.

Á grónum klapparholtum. Garðlagið er hlaðið úr grjóti, en er að mestu grasi gróid. Eiginleg hleðsla sést ekki, heldur virðist grjót hafa verið tínt saman í garðinn án þess að hirt hafi verið um að hlaða hann upp, nema þá hleðslan sé gersamlega hrunin, eða rífið hafi verið úr henni. Hægt er að rekja garðinn í holtinu þar sem það gengur í rykkjum, að mestu leyti eftir efstu brún vestan megin. Veggurinn er hvergi hærri en 40 sm, og

breiðastur er hann um 1 m, oft talsvert mjórri, en hann er sjáanlegur á 250 m löngum kafla. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið hefur gegnt né frá hvaða tíma það er.

**Hættumat:** engin hætta

## **BO-046 Stóra-Býla**

Hjáleiga frá Ytra Hólmi. 1706: “Önnur hjáleiga gömul, bygd lengur en menn minnast, en hefur tvisvar í auðn verið, en nú byggð síðast í samfelld 5 ár.” - JÁM IV, 75. “Dýrleiki hennar var ... síðar ... talin 5 hundruð.” BB I, 106.

Tún 9994m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 632m<sup>2</sup>.

**BO-046:001** Stóra-Býla bæjarhóll bústaður

64°18.308N 22°01.342V

“Bærinn er austan við bæinn að Ytra-Hólmi, sunnan við Þjóðveginn inn sveitina.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Bæjarhóll Stóru-Býlu er um 260 m austan við gamla bæinn á Ytra-Hólmi (BO-045:001) og um 100 m neðan við Innnesveg.

Grösugur hóll í túni, á honum standa hesthús.

Engar minjar síðasta bæjarins eru sjáanlegar, en hóllinn virðist vera nokkuð stór, um 35 m A-V og 20 m N-S. Hóllinn hefur verið lækkaður og sunnan við hann er malarborinn stallur og við SA horn er steiptur húsgrunnur. Nýr bær á Stóru-Býlu var hinsvegar reistur um 40 m vestar og hefur gamla bæjarstæðinu því að mestu verið hlíft. Því leynast eflaust þar eldri byggingaleifar þó hann hafi verið sléttaður að ofan og á honum reist hesthús úr timbri og bárujárn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB I, 106

**BO-046:002** heimild um útihús

64°18.314N 22°01.373V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús norðanvert í bæjarhólnum, um 10 m NA við bæinn (001).

Tún. Engar leifar minjanna eru sjáanlegar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-046:003** heimild um útihús

64°18.293N 22°01.339V

Útihús mun hafa staðið sunnan við bæinn, um 40 m sunnan við útihús 002.

Lækkaður og sléttur stallur utan í bæjarhól og steypur húsgrunnur. Minjar útihússins eru ekki sýnilegar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## BO-047 Litla-Býla

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi 1706: “Hjáleiga gömul, byggð að menn ætla fyrir nær 50 árum, og hefur byggðin síðan haldist.” JÁM IV, 74. “Lögð undir Bráðræði 1915, en 1932 talin með Stóru-Býlu.” - Ö-Ytri-Hólmur, 1

Tún 7434m<sup>2</sup>, 1/2 þýft.

**BO-047:001** Litla-Býla bæjarhóll bústaður

64°18.253N 22°01.221V

Litla-Býla stóð um 150 m SA af Stóru-Býlu og 140 m SSV af Bráðræði, um 50 m frá sjó. Lækur rennur um 50-60 m austan við bæjarhólinn.

Í túni. Engar minjar eru sjáanlegar, en þó er enn ávalur, lágur hóll í túninu, um 20 m á hvorn veg, þar sem bærinn stóð. Tún Litlu-Býlu lá með sjávarbakkanum.


## BO-048 Bakkabúð (Bakkakot)

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Eistra Bakkakot var byggð hjáleiga fyrir meir en 40 árum. Bygðin hjelst til þess fyrir þremur árum, og er síðan í auðn.” JÁM IV, 77. “Árið 1801 er það nefnt Bakkabúð. Síðar gengur það undir báðum þessum nöfnum, og 1915 er það sameinað Stóru-Býlu.” BB.

Tún 2771m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 152m<sup>2</sup>.

**BO-048:001** Bakkabúð tóftir bústaður

64°18.165N 22°01.817V



“Bakkabúð var alveg niður við sjó suðaustur af Ytrahólsbænum, austan við Hólmsbúð.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Minjar Bakkabúðar eru á sjávarbakkanum, um 210 m SA við gamla bæinn á Ytra-Hólmi, og rétt austan við brautina sem liggur niður túnið frá bænum og að sjó.

Á grónum klettakolli utan túns, á sjávarbakka. Yst úti á sjávarbakkanum er tóft sem skiptist í fjögur hólf. Hún liggur svotil eins og bakkinn, SV-NA, er um 30 m löng og 7 m breið að utanmáli. Vestustu þrjú hólfín eru stærst, 10x7m, 5x7m og 8x7m að innanmáli, og opin til norðurs. Í hólfínu á vesturendanum stendur lítið steinsteypt hús, um 5x3 m. Austasta hólfíð er 3,5x1

m að innanmáli. Veggir eru þykkir, allt að 2,5 m og allt að 1 m háir.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** JÁM IV, 77; BB I, 112

**BO-048:002** Ytra Bakkakot heimild um bústað

“Ytra Bakkakot. Áttunda hjáleiga, um hana er alt hið sama að segja sem áður er skrifað um Eystra Bakkakot [048:001].” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Ekki er ljóst hvort Ytra Bakkakot hafi verið áfast Eystra Bakkakoti eða hugsanlega staðið vestar, og jafnvel í sjó farið.

**Heimildir:** JÁM IV, 78

**BO-048:003** Bakkakotsbúð heimild um verbúð

“Bakkakotsbúð er hjer sjómannaþúð að fornu, nú í auðn undir 40 ár. Hjer höfðu sjómenn aðsetur, þeir einir sem húsbóndinn tók á skip sín um vertíð.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Ekki er ljóst hvort Bakkakotsbúð hafi verið áföst Bakkakoti og eða öðrum búðum, eða hvort hún hafi staðið austar eða vestar, eða sé jafnvel í sjó farin.

**Heimildir:** JÁM IV, 78

**BO-048:004** *Hinnriksbúð* heimild um verbúð

“Hinnriksbúð, nú í auðn yfir 40 ár, var með öllum sömu kostum sem fyr er sagt um Bakkakotsbúð [048:004].” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Ekki er ljóst hvort Hinriksbúð hafi verið áföst Bakkakoti og eða öðrum búðum, eða hvort hún hafi staðið austar eða vestar, eða sé jafnvel í sjó farin.

**Heimildir:** JÁM IV, 78

**BO-048:005** *Bakkabúð önnur* heimild um verbúð

Í JÁM segir: “Bakkabúð önnur, helst enn nú uppi. Tómtús. Þar liggja sjómenn um vetur, þeir sem landsdrottin leyfir, og fær til skipsáróðar á sín skip, sem hjer gánga.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Ekki er ljóst hvort Bakkabúð önnur hafi verið áföst Bakkakoti og eða öðrum búðum, eða hvort hún hafi staðið austar eða vestar, eða sé jafnvel í sjó farin.

**Heimildir:** JÁM IV, 79

**BO-048:006** *Bakkabúð hin þriðja* heimild um verbúð

“Bakkabúð hin þriðja, er sjóbúð nú niður fallin, á henni voru allir sömu kostir, sem áður er sagt um Bakkabúðina aðra [048:006].” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Ekki er ljóst hvort Bakkabúð hin þriðja hafi verið áföst Bakkakoti og eða öðrum búðum, eða hvort hún hafi staðið austar eða vestar, eða sé jafnvel í sjó farin.

**Heimildir:** JÁM IV, 79

**BO-048:007** *Bakkakotsvör* heimild um lendingu

64°18.160N 22°01.832V

Bakkakotsvör er fast vestan í litla kletthöfðanum sem Bakkakot stendur á, um 220 m SSA við gamla bæinn á Ytra-Hólmi.

Í fjöru. Kletturinn vestan megin er um 2,5 m hár og þverhníptur og veitir gott skjól, fjörubotn er sendinn. Upp á bakkannum norður af vörinni er gamalt spil.

**BO-049 HÁA-HJÁLEIGA**

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Þriðja hjáleiga af þessari jörðu, byggð yfir 50 ár eður lengur.” JÁM IV, 76. “Um miðja 19. öld var hún sérmetin 5 hundruð. Fólki var í Háuhjáleigu allt til 1946, en eingöngu húsfólk frá 1904. Landið lagðist til heimajarðarinnar.” BB II, 113.

Tún 14037m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 766m<sup>2</sup>.

**BO-049:001** *Háa-Hjáleiga* bæjarhóll bústaður

64°18.335N 22°01.858V

“Háahjáleiga var á hæðinni um 100 m norðvestur af bænum á Ytra-Hólmi.” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Háa-Hjáleiga stóð vestan í samnefndu holti, um 130 m norðvestan við gamla bæinn á Ytra-Hólmi, og 50 m norðvestur að núverandi íbúðarhúsi þar.

Grösugur hóll í túni við klapparholt. Enn má sjá móta fyrir bæjarhóli Háu-Hjáleigu, en engin merki um húsbyggingar á honum. Hóllinn er um 20 m á hvorn veg og hefur verið sléttaður að ofan og snyrtur til við túnrækt, en virðist ekki hafa orðið fyrir miklu raski að öðru leyti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 113

**BO-049:002** heimild um útihús

64°18.337N 22°01.863V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 5 m norðaustan við bæinn (001).

Grasi vaxið, við klapparholt. Engin tóft eftir þetta hús er sýnileg og hefur hún verið sléttuð ásamt bæjarhúsunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-049:003** heimild um útihús

64°18.342N 22°01.850V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús á Háuhjáleiguholi, um 90 m norðaustan við bæ (001).

Gróið klapparholt. Engar leifar sjást, hafa þær verið sléttuðar út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort



## BO-050 Miðbýli

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Fjórða hjáleiga, bygð fyrir manna minni þeirra sem nú lifa.” “Miðbýli eða Miðbæli (mjög sjaldan það nafn) er suður af Háuhjáleigu, byggt til skamms tíma.” Ö-Ytri-Hólmur, 1.

### BO-050:001 *Miðbýli* bæjarhóll bústaður

Miðbýli (Miðbæli) stóð um 120 m vestan við gamla Ytra-Hólmsbæinn, í túninu um 40 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á Ytra-Hólmi. Í Byggðum Borgarfjarðar segir: “Bærinn var sunnan við Háuhjáleigu, vestur af Ytrahólmsbænum. Um tíma, eftir að hætt var að búa þar, var bærinn notaður sem skóli.”

Í túni. Miðbýli stóð neðst í eða við enda klapparrannans sem gengur suður úr Háuhjáleiguholti. Engar leifar bæjarstæðis eru sýnilegar en þar er dæld í túnið, hugsanlega ummerki eftir byggingar sem þar stóðu.

**Heimildir:** BB II, 114

### BO-050:002 heimild um útihús

64°18.301N 22°01.886V

Samkvæmt túnakorti var útihús í túni Miðbýlis, og áfast bænum (001) að vestanverðu.

Í túni. Engar fornleifar sjást, og hafa þær verið sléttaðar út við ræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

### BO-050:003 heimild um útihús

64°18.301N 22°01.900V

Samkvæmt túnakorti var útihús í túni Miðbýlis, um 15 m vestan við bæjarhúsin (001 og 002).

Í túni. Engar fornleifar sjást, og hafa þær verið sléttaðar út við ræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## BO-051 Fjósakot

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Fimta hjáleiga, bygð fyrir manna minni þeirra sem nú til vita.” JÁM IV, 77.

“Fólk var þar í húsum til 1932, húsfólk, en bændur engir frá 1881.” - BB II, 112.

Tún 13264m<sup>2</sup>, 1/2 þýft. Garðar 231m<sup>2</sup>.

### BO-051:001 *Fjósakot* bæjarhóll bústaður

64°18.249N 22°01.950V

“Bærinn í Fjósakoti var niður af Miðbýli, suðvestur af Ytrahólmsbænum.” segir í Byggðum Borgarfjarðar.

Fjósakot var um 160 m suðvestur af gamla bænum á Ytra-Hólmi, og um 60 m ofan við sjávarbakka.

Í túni. Fornleifar sjást ekki og hefur verið sléttað yfir þær við ræktun. Í túninu, þar sem bærinn stóð, er lág hólbunga, u.þ.b. 15 m í þvermál og má vera að hún sé leifar bæjarstæðisins

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 112

### BO-051:002 *Fjósakotsbúð* heimild um verbúð

“Fjósakotsbúð, og so sjómönnum ætluð með öllum sömu skilorðum sem fyr er sagt. Þar er nú smiðja ábúandans á Fjósakoti.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Ekki er vitað hvar þessi búð stóð, en líklegt er að hún hafi staðið annaðhvort hjá bænum, eða niður á sjávarbakkanum þar skammt frá, og má vera að búðarstæði sé í sjó farið. Engar búðaminjar eru þar sýnilegar.

**Heimildir:** JÁM IV, 79

## BO-052 Birnhöfði

Hjáleiga frá Ytra-Hólmi. 1706: “Sjötta hjáleiga bygð um lánngan aldur fram yfir allra manna minni.” JÁM IV, 77. “Byggð hélt þar einna legst á hjáleigum Ytra-Hólms eða til 1957, með nokkrum árslöngum hléum á 20. öld.

Birnhöfði var um 1850 metinn á 5 hundruð.” - BB II, 112.

Tún 18158m<sup>2</sup>, 2/5 þýft. Garðar 879m<sup>2</sup>.

### BO-052:001 *Birnhöfði* bæjarhóll bústaður

64°18.320N 22°02.258V

Bærinn Birnhöfði stóð á samnefndum tanga út við merki móti Akrakoti, um 420 m vestan við gamla bæinn á Ytra-Hólmi. Samkvæmt túnakorti stóð bærinn um 40 m upp af ystu tá höfðans, þar á miðjum tanganum.

Í túni. Engar bæjartóftir eru sýnilegar og bæjarhóllinn sjálfur hefur verið jafnaður út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** BB II, 112

**BO-052:002** heimild um útihús 64°18.305N 22°02.065V  
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í austurhorni túns, um 160 m austan við bæ (001).  
Í túni, framræsluskurður liggur rétt austan við staðinn. Engar fornleifar sjást, hefur verið sléttað yfir þær við túnræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-052:003** heimild um útihús 64°18.319N 22°02.228V  
Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 20 m norðaustan við bæinn (001).  
Í túni. Engar fornleifar sjáanlegar, þær hafa verið sléttaðar út við ræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-052:004** heimild um útihús 64°18.316N 22°02.258V  
Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 40 m norðan við bæjarstæðið (001), við útjaðar túnsins.  
Fjara. Þessi staður var á fjörubakkanum, en er nú horfinn. Hann hefur eflaust horfið í rofi, sem er töluvert á allri vesturhlið Birnhöfða.

**Heimildir:** Túnakort

**BO-052:005** heimild um útihús 64°18.304N 22°02.313V  
Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 30 m vestur af bænum (001), við túnjaðar.  
Tún. Engar leifar eru sýnilegar og hefur verið sléttað yfir þær við ræktun. Útihúsið hefur staðið alveg út á höfðanum, skammt frá sjávarbakkanum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-052:006** heimild um útihús 64°18.293N 22°02.324V  
Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 35 m VSV frá bænum (001), örskammt sunnan við útihús 005 og nærri túnjaðri.  
Tún. Engar leifar eru sýnilegar og hefur verið sléttað yfir þær við ræktun. Útihúsið hefur staðið alveg út á höfðanum, skammt frá sjávarbakkanum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-052:007** *Birnhöfðabúð* heimild um verbúð  
“Byrnhöfðabúð var sjóbúð með öllum sömu kostum sem hinar aðrar. Nú er þar auðn, en allnærri lambhússtæði búandans í Birnhöfða.” segir í jarðabók Árna og Páls frá 1706.

Engar leifar eru sýnilegar af þessari búð og ekki ljóst hvar hún hefur staðið. Má vera að búðarstæði sé í sjó farið.

**Heimildir:** JÁM IV, 79

**BO-052:008** heimild um lambhús  
“Byrnhöfðabúð [052:007] var sjóbúð... Nú er þar auðn, en allnærri lambhússtæði búandans í Birnhöfða.” segir í jarðabók Árna og Páls.

Engar leifar eru sýnilegar af þessu lambhúsi og ekki ljóst hvar það var. Má vera að lambhússtæðið sé í sjó farið. Ekki er óhugsandi að það sé sama og 004.

**Heimildir:** JÁM IV, 79

**BO-052:009** heimild um lendingu  
Í örnefnaskrá segir: “Fram af Birnhöfða, austanvert við vörina, er þara- og þangivaxin hlein, sem heitir Birnhöfðahlein”.

Vörin sem nefnd er í örnefnalýsingu hlýtur að hafa verið vestan í Birnhöfða, en þar eru engin augljós ummerki og nákvæm staðsetning því ekki fyrir hendi.

**Heimildir:** Ö-Ytri-Hólmur, 2

## BO-053 Kross

30 hdr. 1706. Bændaeign. Upphaflega 40 hdr, en 1706 var Akrakot, 10 hdr, talin fjórðungur jarðarinnar. 1504 á Guðni Jónsson Kross á Akranesi og voru þar 90 álnir ógoldnar í landskuld en kúgildaleigur (af einni kú hjá Arnbirni Einarssyni?) ógoldnar – DI VII, 743. [1558x69] Þetta hafa verið hallden landamerki xx ár og þaðan af leingur atolulaust [Garða og Kross] þann tíð minn fader sira Þorkell heitinn hieilt Gardastad. ad Gardar eiga allt land ad Krosslæk þáa hann fiell riect fram. en Kros austan ad læknum. en ecki leingra og það holltt sem Tannberg heiter var þa hallden eign stadarins. og hier hefe eg [Sigurður Þorkelsson] aldre heyrt tuimæle áa leika fyrr en nu sijdan sira Jon Einarsson kom til Garda. DI XIII, 525. 10.9.1560 eru gerðarmenn beðnir um að álíta þá stóru og löngu landamerkiþrætu sem vrið hafði milli Kross og Garða. Komu þar fram mörg vitni með bréfum og munnlegum orðum sem lýstu því að ávalt hefði verið talið að Krosslækur réði landamerkjum milli Gardastaðar og Kross. Þui tokum vier oss stodu j þui midiu undvarpe lækiarfarvegsins sem oss leist það hefði ad fornu fare falled fram j sioinn. og ridum þaðan rietta sionhendijng upp á myrena. gagnvart þeim hols enda sem oss var sagt af skilvijsum monnum ad Kross ætti leingst upp. Vilhjálmur Oddsson og Erlendur Guðbrandsson eignarmenn Kross samþykktu þessa gerð. - DI XIII, 526. “Um miðja 19. öld var Vestri-Kross byggður úr jörðinni, og nefndist heimajörðin Eystri-Kross eftir það. Búið var í Vestra-Krossi til 1923, en í Eystra-Krossi nær samfelt til 1963.” BB II, 100.


Austur-Kross: Tún 19,400m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 1,140m<sup>2</sup>. Vestur-Kross: Tún 24,615m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 693m<sup>2</sup>.

**BO-053:001** *Kross (Eystri-Kross)* bæjarhóll bústaður 64°18.498N 22°02.430V

Bærinn stóð um 80 m ofan við sjávarbakka og 220 m sunnan (SV) við Innnesveg; er heimreið að bæjarleifunum. Grösugur hóll í túni. Bæjarhóllinn er enn sýnilegur í túninu. Hann er fremur hár og í hann eru hvompur hér og hvar, en engar með greinilegu tóftalagi. Hóllinn er um 20 m í þvermál. Það mótar fyrir leifum af kálgörðum austan við hólinn. Sunnan í hólnum eru stórar gryfjur og hefur suðurhluti hans hugsanlega orðið fyrir raski.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-053:002** *Vestri-Kross* bæjarhóll bústaður 64°18.579N 22°02.541V



Vestri-Kross stóð á hólrana sunnan við Neðri-Kúfhól, þ.e. um 200 m sunnan (SV) við Innnesveg, um 140 m norðan eða NNV við Eystri-Kross og um 40 m ofan við sjávarbakka. Slóði liggur að bæjarstæðinu frá Innnesvegi.

Á lágu og grónu klapparholti í túni. Á bæjarstæðinu er lítil tóft, að mestu hlaðin úr grjóti. Veggir eru um 70 sm breiðir og allt að 60 sm háir, sjá má um 5 umför steina í hleðslum. Tóftin snýr u.þ.b. NA-SV og skiptist í tvö hólf. Nyrðra hólfid er stærra um 9x6 m að utanmáli, en hið syðra er eins og útskot úr SV-horni stærra hólfins, um 4 m á hvorn veg að utanmáli. Opið er í tóftirnar á norðurhlið og vestur og gengt á milli hólfá. Í kverkinni milli hólfá austanmegin eru einnig dyr eða rof í vegg.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-053:003** heimild um útihús 64°18.500N 22°02.388V

Samkvæmt túnakorti stóðu útihús um 20 m norðan við bæinn á Eystra-Krossi (001).

Á grasi vöxnum hól í túni. Engar leifar útihússins eru sjáanlegar, hefur það verið rífið og sléttað út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-053:004** heimild um útihús 64°18.498N 22°02.400V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 10 m norðan við bæ (001) á Eystra-Krossi, og 10 m sunnan við útihús 003.

Á grasi vöxnum hól í túni. Engar leifar útihússins eru sjáanlegar, hefur það verið rífið og sléttað út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-053:005** heimild um útihús 64°18.488N 22°02.409V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 5 m austan við bæinn á Eystra-Krossi.

Á grasi vöxnum hól í túni. Engar leifar útihússins eru sjáanlegar, hefur það verið rífið og sléttað út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-053:006** *Krosshjáleiga* heimild um bústað

Í JÁM segir: “Krosshialeiga hefur hjer að fornu býli verið af heimajörðinni, lagt í auðn fyrir vel 30 árum, olli því sjávargángur að hjer var ekki vært, og eru nú tóftarleifarnar enn undir sjávarbroti.”

Engar fornleifar eru sjáanlegar á sjávarbakkanum, og er afar sennilegt að leifar Krosshjáleigu hafi fyrir löngu farið í sjóinn.

**Heimildir:** JÁM IV, 81

**BO-053:007** *Súðaklöpp* heimild um bústað

Í örnefnalýsingu Kross segir: “Framan við túnið á Krossi heitir Súðaklöpp. Þar er sagt, að hafi verið bær, en fluttur undan sjógangi og landbroti.” Sennilega er hér átt við Krosshjáleigu, sem nefnd er í Jarðabók Árna og Páls, en fullvíst er það ekki.

Engar fornleifar eru sjáanlegar á sjávarbakkanum, og er afar sennilegt að leifar þessa bæjar hafi fyrir löngu farið í sjóinn.

**Heimildir:** Ö-Kross, 1

**BO-053:008** *Krossvör* heimild um lendingu

64°18.472N 22°02.501V

Í örnefnalýsingu segir: “Milli Tapa og Súðaklappar er farið, þegar lent er í Krossvör.”

Klettótt strönd, möl í fjörubotni. Lagt hefur verið að klettum vestan megin, gróf möl er í fjörubotninum en halli á honum er líttl og bakkinn uppaf er lágur.

**Heimildir:** Ö-Kross, 1

**BO-053:009** *Gálgaskarð* örnefni aftökustaður

64°18.674N 22°02.524V


Í örnefnalýsingu segir: “Vestan við bæinn á Krossi er skarð í klettana og heitir Gálgaskarð.” Líklega er átt við skarðið sem er í klettunum austan megin í Krossvík, um 50 sunnan við Innesveg þar sem hann liggur upp úr víkinni.

Þar eru háir klettar og þverhníptir, sem hafa klofnað frá klettaveggnum og standa í flæðarmáli. Í brimi ólgar sjórinn á milli klettaskoranna. Minnir þetta á samskonar kletta og skarð sem heitir Gálgaskora í landi Innra-Hólms. Hafa menn séð fyrir sér að gálga hafi verið komið fyrir á klettakollunum og fólk látið dingla þar niður úr. Má vera að Gálgaskarðið sé talvert sunnar, en þar hagar svipað til. Heimildamenn þekkja örnefnið Gálgaskarð, og jafnvel sögur því tengdu, en enginn er viss hvar skarðið er.

**Heimildir:** Ö-Kross, 1

**BO-053:010** tóft

64°18.713N 22°01.963V



Í örnefnalýsingu segir: “Uppi af Efri-Kúfhól er smáhóll, Krosshóll. Þar eru rústir eftir byggingu, sem Stefán Gunnlaugsson sýslumaður hafði, er hann bjó hér á Krossi.” Krosshóll er nú í landi Fögrubrekku, 8 m norðan við fjós og hlöðu.

Grasi vaxinn og smápýfður klettahóll. Tóftin er aflöng, snýr u.þ.b. A-V, en talsvert ógreinileg. Hún er algróin og þúfur innan og utan og veggir víða gengnir í sundur. Tóftinni hallar mót vestri. Vesturendi er mjög ógreinilegur. Tóftin er 4 m breið, og rekja má 8 m af nyrðri langveggnum, en minna sér af hinum syðri. Að innanmáli er tóftin um 2 m breið. Veggir eru um 1 m breiðir og allt að 40 sm háir og er grjót í hleðslunni. Að innan er hún talsvert þýfð. Skrýtið er ef þessi tóft er af þeirri stofu er Stefán

sýslumaður lét reisa, því hún er í talsverðum halla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kross, 2; Saga Akraness I, 39.

**BO-053:011** *Selstapar* heimild um sel

Í örnefnaskrá segir: “Innan við Tannaberg er Litla-Skollholt á merkjum. Þar við eru húsatættur frá tíma Hannesar Stephensen, og við þær eru smástapar, sem heita Selstapar.” Þeir eru norðarlega í landi Kross, um 100 m norðan við Húsálæk.

Engar fornleifar fundust við vettvangsathugun hjá Selstöpum. Hér gæti verið um rugling að ræða. Um 160 m suðaustur af Selstöpum eru meintar tóftir (BO-045:016) við Húsálæk. Lækurinn rennur frá fjalli, hjá tóftunum og áfram vestur og hjá stöpunum. Gæti nafn lækjarins hafa átt þátt í að lýsing á staðsetningu tóftanna skolaðist til. Tóftirnar eru austan við merki Kross og því í landi Ytra-Hólms.

**Heimildir:** Ö-Kross, 2

**BO-053:012** *Selveita* örnefni

Í örnefnalýsingu segir: “Fyrir ofan Selstapana og neðan við Tannaberg er mýri, sem heitir Selveita.” Engar tóftir eru sýnilegar hjá Selveitu en örnefnið gæti bent til að vatn hafi verið látið standa uppi á mýrinni hjá selinu.

**Heimildir:** Ö-Kross, 2

**BO-053:013** tóft

64°18.564N 22°02.557V

20 m norðaustan við Vestra-Kross.

Í túninu norðaustan við Vestra-Kross virðist móta fyrir tóft, sem gæti hafa verið af útihúsi, en ummerki eru of óljóst til að úr því verði skorið með vissu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-054 Akrakot**

10 hdr. 1706. Bændaeign. Talin fjórðungur úr dýrleika Kross og var sami eigandi að báðum jörðunum 1706. Tún 24,490m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 717m<sup>2</sup>.

**BO-054:001** *Akrakot* bæjarhóll bústaður

64°18.419N 22°02.340V

Akrakot stendur á sjávarbakka, um 180 m vestan við merki móti Ytra-Hólmi.

Malarborið hlað, flatt land við sjávarbakka.

Á bæjarstæði Akrakots er steipt íbúðarhús frá 1957 án kjallara, og áfast við það er hlaða. Enginn bæjarhóll er sýnilegur og er landið jafnflatt allt í kring og út að sjávarbakka. Hafi þar myndast bæjarhóll á sínum tíma hlýtur hann að hafa verið gersamlega sléttaður út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-054:002** heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús í austurenda aðaltúnsins.

Engar minjar útihúsa eru sýnilegar og erfitt er að ákvarða staðsetningu þeirra útfrá túnakorti frá 1920, því ekki er fullljóst hvar gamli bærinn stóð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-054:003** heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús á miðju austurtúni.

Engar minjar útihúsa eru sýnilegar og erfitt er að ákvarða staðsetningu þeirra útfrá túnakorti frá 1920, því ekki er fullljóst hvar gamli bærinn stóð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort

**BO-054:004** heimild um túngarð

Í örnefnaskrá segir: “Milli Akrakots, sem er nú eystra býlið, og Birnhöfða, sem er vestast í Ytri-Hólmstorfunni, er garðlag, sem aðskilur túnin.”

Ekkert garðlag er sýnilegt á merkjum. Þar er nú girðing og skurður. Ekki er ljóst hvar á merkjunum garðurinn var. Hann hefur væntanlega náð frá sjávarbakkanum og norður í endann á holtinu sem er á merkjum, um 200 metrum ofar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kross, 1


**BO-055 Belgsstaðir**

Hjáleiga frá Krossi. 1706: “Belstader var hjer og hjáleiga, öðru nafni kölluð Vigg Belstader. Hún byggðist fyrst fyrir 40 árum eður því nær, og fylgdi grasnyt í fyrstu.” - JÁM IV, 81. “...Vindbelgsstaðir, stundum nefnd Belgsstaðir, er sameinuð Krossi, og 1943 voru þar fjárhús frá Krossi.” Ö-Kross, 1.

Tún 6142m<sup>2</sup>, 2/3 þýft. Garðar 604m<sup>2</sup>.

**BO-055:001** *Belgsstaðir* bæjarstæði bústaður

64°18.512N 22°02.256V



Í örnefnaskrá segir: “Neðan við veginn, innan við neðri-Kúfhól, voru Vindbelgsstaðir (stundum nefndir Belgsstaðir); þar eru nú rústir eftir fjárhús.” Í Byggðum Borgarfjarðar segir “Bæjarhús á Belgsstöðum voru rétt við merki Akrakots fyrir neðan þjóðveg.” Tóftin er 120 m suðvestan við Innesveg og sést greinilega frá veginum.

Í túni. Á Belgsstöðum er fjárhústóft og stendur hún á lágum hól í túninu. Hún er í laginu eins og stafurinn “L” og snýr annað hólfið NA-SV, en hitt er með garða í miðju og liggur út í vestur með opinn

vesturenda. Hvor leggur er um 10 m langur og 6 m breiður að utanmáli, en 8 og 9 m langir og 4 m breiðir að innan. Veggir eru um 1,2 m breiðir og allt að 1,2 m háir, hlaðnir úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kross, 2; BB, 112

## **BO-078 Efri (Vestri) Reynir**

20 hndr 1706. Kristfjórjörð frá um 1650. “Reiner er að sönnu en jörð að fornu, en yfir 60 ára tíma sundurdeild í tvö býli, sem eru aðgreindir tveir bæir ... En jörðin öll til amans er Kristfje eftir gjöf og fundatiu sál. biskupsins Mag. Brynjólfs Sveinssonar, undir umsjá og forráðum prófestsins í Þverárþingi ...” JÁM IV, 71. “Talið er, að til forna hafi Reynir átt land inn að Lambá á Akrafjalli og þá Berjadalinn hálfan, en nú á Reynir ekki land á dalnum.” Ö-Reynir, 2.

1920: 19858 m<sup>2</sup>, garðar 663m<sup>2</sup>. “Reynisásar eru nyrst í landinu, sérkennilegir hamrastallar með grónum hillum. Vestast í fjallsegginni heitir Reynisskip. Undirlendið var blautur flói, en er nú framræst og ræktað sem tún. Til fjallsins er grasgefið beitoland í hlíðum og stöllum.” BB II, 108.

**BO-078:001** *Vestri-Reynir* bæjarhóll bústaður

64°18.936N 21°59.195V

Bærinn stóð þar sem nú er fjós og hlaða, um 80 m VSV af núverandi íbúðarhúsi og um 60 m vestan við merki við Eystri-Reyni.

Á bæjarstæðinu er malarborið hlað og þar standa útihús, fjós og hlaða. Lítið sér í bæjarhólinn vegna bygginga sem þar standa. Hlaðan er sögð standa á bæjarstæðinu sjálfu. Þegar grafið var niður í hlöðugólfið fannst mikil aska og rusl. Bæjarhólinn er flatur, og hefur verið sléttaður og ýtt til að nokkru, og því er ekki ljóst hvaða lögun upphaflegur hóll hafði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM IV, 71; Túnakort 1920.

**BO-078:002** heimild um útihús

64°18.938N 21°59.232V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús á hlaðinu, um 5 m norðan við bæinn (001) og fast austan við útihús 003.

Á bæjarhlaði. Á útihússtæðinu standa byggingar og engin ummerki um minjar torfbygginga eru þar sýnileg.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920.

**BO-078:003** heimild um útihús

64°18.938N 21°59.228V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús á hlaðinu, um 5 m norðvestan við bæinn (001) og fast vestan við útihús 002.

Á bæjarhlaði. Á útihússtæðinu standa byggingar og engin ummerki um minjar torfbygginga eru þar sýnileg.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920.

**BO-078:004** heimild um útihús

64°18.958N 21°59.168V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús norðantil í túninu, um 40 m norðan við bæ (001). Er staðurinn um 30 m vestan við núverandi íbúðarhús, og aðeins 15 m suðvestan við sumarhús sem reist hefur verið norðan heimreiðar.

Í túni. Engar minjar eru sýnilegar og hafa þær verið sléttaðar út við ræktun. Hinsvegar er þar í túninu lítill, ávalur hóll eða bunga, og má vera að útihúsið hafi staðið á honum.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920.

**BO-078:005** heimild um útihús

64°18.943N 21°59.230V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús norðvestantil í túninu, um 40 m NV frá bæ (001).

Í túni. Engar minjar eru sýnilegar og hafa þær verið sléttaðar út við ræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-078:006** heimild um útihús

64°18.950N 21°59.228V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús við norðurjaðar túnsins, um 60 m norðan við bæ (001).


Í túni. Engar minjar eru sýnilegar og hafa þær verið sléttaðar út við ræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-078:007** Friðhús bæjarstæði býli

64°18.997N 22°00.103V



Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 segir: “Friðhús er alment mál, að jörð hafi til forna verið. Hvar það skyldi liggja eru menn ekki vissir um, þó er það flestra skynugra manna meiníng, að það liggja þar sem fornar byggíngarleifar sjást, og nú liggur á landamerkjum þeim, er nú í dag eigna sjer jarðirnar Heyness, Reynir og Ytri Hólmur. Hvað lengi það hafi í auðn verið, veit enginn maður ...”. “1804 segir hér frá eyðijörðu, Fróðhúsum, hvar nú sé haglendi.” segir í jarðatali Johnsens frá 1847, - “Og enn vestar [en Heynesstekkur 008] eru rústir á merkjum móti Ytra-Hólmi, sem heita Friðhús. Þar var býli, komið í eyði fyrir löngu.” segir í örnefnalýsingu.

Bæjarstæðið er á lágum hólum undir neðstu klettum fjallsins, um 720 m vestan við bæ (001).

Lágir hólar í grónum, þurrum móa, framræsluskurðir á þrjú vegu. Rústasvæðið er um 50 m í þvermál. Það er að mestu óraskað, en einn framræsluskurðanna liggur á milli hólanna og má vera að hann hafi farið í gegnum forn mannvirki þar. Ekki sáust merki um mannvistarleifar í skurðinum. Tóftirnar eru mjög ógreinilegar og hlaupnar í þúfur, en þó mótar fyrir tveimur tóftum. Er önnur norðar og snýr nánast N-S, um 6x4 m að utanmáli, veggir um 1 m breiðir og 20 sm háir. Engar dyr eru sýnilegar. Um 4 m sunnar og ögn vestar er -önnur tóft. Snýr hún næstum A-V, með dyr í vestur. Hún er um 9x4 að utanmáli, með um 1 m breiðum og um 20 sm háum veggjum. Ekki sér í grjóti í tóftunum. Svæðið umhverfis er mjög þýft og má vera að þar leynist fleiri tóftir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM IV, 73; JJ, 109; Ö-Reynir, 1

**BO-078:008** tóft

64°19.017N 21°59.102V



Tóft er í brekkunni undir fjallshlíðinni vestan við Stóra Kastala og um 35 m vestar en tóft 009, um 180 m NNA við bæ (001).


Gróinn og þýfður hvammur, liggur í halla mót suðri, í óframræstu landi undir fjallsrótum. Tóftin snýr NA-SV, hún er 12 m löng og 6 m breið að utanmáli og skiptist í þrjú mislöng hólfi, sem öll eru um 4,5 m berð að innanmáli. Miðhólfið er stærst, um 4,5 m langt, nyrsta hólfið er 2,5 m

langt og syðra hólfið er minnst, 1,4 m langt að innanmáli. Veggir eru signir, um 40 sm háir og um 80 sm breiðir. Ekki sér í grjóti í veggjunum. Tóftin er fremur slétt innan. Norðurendinn er dýpstur og virðist jafnvel hafa verið grafinn inn í brekkuna ofan við.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-078:009** tóft

64°19.011N 21°59.053V




Tóft er í brekkunni undir fjallshlíðinni utan í Stóra Kastala að vestanverðu, um 35 m austan við tóft 008 og um 180 m NNA við bæ (001).

Grasi gróinn og þýfð brekkubrún, í óframræstu landi undir fjallsrótum

Tóftin er nánast hringlaga, slétt innan og með dyr í suðvestur, 6 m löng NA-SV, og 5 m breið NV-SA að utanmáli. Veggir eru signir, ekki sér í grjóti, en þeir eru um 1 m breiðir.

**Hættumat:** engin hætta

**BO-078:010** *Reynisrétt* mannvirki rétt



Í örnefnaskrá segir: “Háás er neðan og innan við Kúaskarðskletta og Réttarás þar neðar. Við hann er hin forna Reynisrétt. Til hennar var Akrafjall smalað.” Réttin er um 450 m norðvestan við Vestri-Reyni.

Í halla, við fjallsrætur. Réttin hefur nýlega verið endurhlaðin með myndarbrag. Hún skiptist í stóran almenning og 10 minni hólf. Hún er hlaðin úr stóru grjóti upp að klettunum austan megin, snýr A-V, og er um 50 m löng og 20 m breið. Veggir eru um 80 sm breiðir og 1,2 m háir.

**Heimildir:** Ö-Reynir, 2

**BO-078:011** *Huldufólksklettar* náttúrumin huldufólksbústaður 64°18.966N 21°59.123V

Í örnefnalýsingu segir: “Í túninu, sem leiðin liggur nú um út eftir, má nefna Huldufólkskletta, sem eru niður af r Kastalanum, og neðarlega í túninu er Ullarhóll. Þar breiddi huldufólkið ullina sína.” Huldufólksklettar er stakur klettur fjallsmegin við heimreiðina, um 40 m vestan við Stóra-Kastala, rétt vestan landamerkja milli Vestri- og Eystri-Reynis, 50 m norðan við núverandi íbúðarhús og 20 m norðan við sumarþústað.

Við fjallsrætur og á mörkum túns. Heimildamaður, Halldóra Ágústa Þorsteinsdóttir, segir að bóndi sinn hafi slegið utan í álagablett vestan við Huldufólkskletta, og hafi besta kýrin í fjósinu þá drepist. Hefur það ekki verið gert síðan. Huldufólksklettar eru lítil klettaöxl neðst í Kastalanum, að suðvestan verðu.

**Heimildir:** Ö-Reynir, 2

**BO-078:012** *Reynisskip* þjóðsaga tröllabústaður

Í örnefnaskrá er svohljóðandi frásögn: “Í norðaustur af bænum eru í brúninni tveir klettadrangar, sem heita Reynisskip. Er það eins og bátur með tveim allstórvöxnum hásetum. eru þeir hafðir fyrir mið. Ekki hefur fleyta þessi alltaf staðið þarna, eins og eftirfarandi saga sýnir: Eitt sinn hér áður fyrr var Akrafjall þar, sem Eiðsvatn er nú. Voru þá til tvær tröllkonur allvirkjamiklar og vel að manni. Fannst þeim fjallið vera fyrir sér, þegar þær fóru til fiskifanga, og hugðust færa það til og draga það út á Svið. Settust þær nú undir árar í bát sínum og nhýttu fjallið aftan í og lögðu af stað. En þeim miðaði seinna en þær hugðu, og sólin kom upp þeim að óvörum. Dagaði þær þá uppi í skipi sínu, og fjallið er þar sem það er enn í dag og bíður annarra framtaksamra manna til að fullkomna verk þeirra. En þær verða að sitja í skipi sínu, sem heitir Reynisskip, til tröllaragnarökkurs.” Í fjallshlíð.

**Heimildir:** Ö-Reynir, 2

**BO-078:013** *Álfakirkja* heimild um huldufólksbústaður 64°19.009N 21°59.374V

Álfakirkja heitir stakur klettadrangi neðst í Reynisásum, um 200 m NV við bæ (001). Vegarslóði liggur í norðvestur frá bænum, milli túns og kletta og fer hjá álfakirkjunni.

Klettar neðst í fjallshlíð. Álfakirkjan er óvenjulegur kletthóll, hár og reisulegur sunnan megin en söðulbakaður norðan. “Kirkjuturninn” er á suðurgafli, og þar á er hola í klettinn, sem gerir hann enn magnaðari. Þessi klettur er ekki nefndur í örnefnaskrá jarðarinnar frá 1943, og má vera að átrúnaðurinn sé yngri en skráin.

## **BO-079 Neðri (Eystri) Reynir**

20 hdr 1706. Kristfjárjörð frá um 1650. “Reiner er að sönnu en jörð að fornu, en yfir 60 ára tíma sundurdeild í tvö býli, sem eru aðgreindir tveir bæir ... En jörðin öll til samans er Kristtje eftir gjöf og fundatiu sál. biskupsins Mag. Brynjólfs Sveinssonar, undir umsjá og forráðum prófestsins í Þverárþingi ...” - JAM IV, 71 “Talið er, að til forna hafi Reynir átt land inn að Lambá á Akrafjalli og þá Berjadalinn hálfan, en nú á Reynir ekki land á dalnum.” Ö-Reynir, 2.

1920: 23654 m<sup>2</sup>, garðar 1459 m<sup>2</sup>. “Undirlendið var blautur flói, sem hefur verið þurrkaður til túnræktar og sem



beitiland. Fjallið er skriðurunnið með sérkennilegum bergfestum fyrir ofan bæinn.” BB II, 92.

**BO-079:001** *Eystri-Reynir* bæjarhóll bústaður 64°18.935N 21°59.016V  
Eystri bærinn stóð undir fjallshlíðinni, niður undan Litla-Kastala, miðja vegu milli landamerka mót Vestri-Reyni og heimreiðar og rétt ofan hennar, á lágum klapparás sem liggur frá fjalli og niður túnið í suðvestlægri stefnu. Malarborið bæjarhlað milli brekku og heimreiðar, á bæjarhólum standa nokkrar byggingar og malarborinn vegarspotti er austan í hólum.  
Bæjarhlaðið er neðst í brekku undan fjallinu. Þar er í raun enginn bæjarhóll sýnilegur, en landinu hallar lítilllega sunnan og austan og líklegt er að hafi þar myndast hóll, hafi hann verið jafnaður út fyrir á 20. öld. Á bæjarstæðinu stendur íbúðarhús reist 1930, sem er um 50 fermetrar að grunnfleti. Var það reist á klöpp og er lítilllega niðurgrafið. Vestan við það standa útihús, sem og austan, en þeim megin eru byggingarnar væntanlega utan austurmarka bæjarhólsins. Af legu landsins og byggingum má ráða að lítið sé eftir af fornum mannvistarleifum í gamla bæjarhólum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** JÁM IV, 71-72; Túnakort 1920.

**BO-079:002** heimild um útihús 64°18.929N 21°59.019V  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús fast austan við bæ (001).  
Malarborið hlað. Engar fornleifar er að sjá á staðnum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-079:003** heimild um útihús 64°18.929N 21°59.001V  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús austan við hlaðið á bænum (001), um 5 m austan við útihús 002.  
Malarborið hlað og gróinn skiki. Rétt norðan við stendur hlaða. Engar fornleifar er að sjá á staðnum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920.

**BO-079:004** heimild um útihús 64°18.910N 21°59.094V  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús í túninu, um 50 m suðvestan við bæ (001).  
Lágur hólrani gróinn, í túni. Engar fornleifar er að sjá á staðnum, og hafa þær eflaust verið sléttaðar út við ræktun.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920.

**BO-079:005** heimild um útihús 64°18.883N 21°59.025V  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús í túninu, á stökum túnbleðli, kallaður Húsatún, um 110 sunnan við bæ (001), skammt vestan heimreiðar, á móts við nýja íbúðarhúsið.  
Í túni, skammt vestan framræsluskurðar og heimreiðar. Engar fornleifar er að sjá á staðnum, og hafa þær eflaust verið sléttaðar út við ræktun.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-079:006** *Hesthúshóll* heimild um hesthús 64°18.898N 21°58.849V  
Hesthús úr torfi stóð á svonefndum Hesthúshól, sem er um 150 m austan við Eystri-Reyni (001) og 80 m norðaustan við nýja bæjarstæðið.  
Hóllinn er grasi vaxinn klapparhóll í miðju túni. Engar minjar um hesthúsið eru sýnilegar. Hesthúsið var torfhús og var það rífið um 1960-1970. rífið um 1960-1970. Ekki er útilokað að hesthús þetta sé það sama og sýnt er á túnakorti á stökum túnbleðli sem nefnist Húsatún sbr. 005.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**BO-079:007** tóft 64°18.985N 21°58.995V  
Tóft stendur uppi á Kastala austanverðum, upp af Lambadal, um 100 m norður af gamla Eystri-Reynisbæ (001).  
Í gróinni laut upp á kletthöfða. Tóftin er lítil, ferhyrmd og fremur djúp. Hún er 5 m löng og 3 m breið að utanmáli, snýr NV-SA, með dyr mót suðri, en grafin inn í brekkuna norðan megin. Grjót er í veggjum, tóftin er algróin. Veggir eru um 1 m breiðir og allt að 60 sm háir.  
**Hættumat:** engin hætta



**BO-079:008** náma mógrafir

64°18.852N 21°59.036V


Mikið mógrafarsvæði var í flóanum austan við heimreiðina, milli þjóðveggar 1 og nýja bæjarstæðisins.

Mýrarnar hafa að mestu verið ræstar fram og þeim breytt í tún.

Mógrafarsvæðinu hefur verið breytt í tún, en erfitt mun vera að halda því sléttu, enda víða hvompur þar sem voru stórar mógrafir.

**BO-079:009** tóft stekkur

64°18.958N 21°58.821V




Stekkjartóft er undir áberandi kletti, neðarlega í fjallshlíðinni austan við Kastala, um 150 m norðaustan við gamla bæinn (001).

Í gróinni brekku neðst í fjallshlíð. Tóftin er því sem næst ferhyrmd, 5 m á hvorn veg að utanmáli, snýr N-S, hlaðin eingöngu úr grjóti. Dyr eru í suðurenda, en klettur myndar norðurgöfl, aðrir veggir eru um 80 sm breiðir og 40 sm háir. Þeir eru að mestu hrundir. Þessarar tóftar er ekki getið í fyrirbyggjandi heimildum.

**Hættumat:** hætta, vegna hruns

**BO-079:010** Stekkurinn tóft stekkur

64°18.919N 21°58.419V



Í örnefnalýsingu segir: “Utan við [Litlubrík og Stórubrík] er enn skriða, sem heitir Stekkjarskriða, og niður af henni er Stekkurinn.” Hann er 450-500 m austan við bæ (001).


Í skriðu í fjallsrótum. Tóftin er aflöng, hún er um 8 m löng og 5 m breið að utanmáli, snýr N-S og skiptist í tvö álíka stór hólf. Hið syðra er opið í suðurenda. Norðurendi tóftarinnar er grafinn inn í skriðurana en að öðru leyti er hún hlaðin úr grjóti sem tínt hefur verið úr skriðunum. Hún er slétt innan, og þar gróin mosa og lyngi. Veggir eru um 1 m breiðir og allt að 50 sm háir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reynir, 1

**BO-079:011** tóft+garðlag

64°18.826N 21°58.626V



Í móanum austan við heimreiðina, um 350 m ASA við gamla bæinn (001) og 280 m austan við nýja bæjarstæðið, vottar fyrir gerði og tóftum. Nyrsti hluti gerðisins er aðeins 30-40 m sunnan við efsta framræsluskurð við fjallið.

Í mólendi upp undir fjallsrótum. Gerði, ekki alveg hringlaga, heldur líkara ferhyrmingi með mjög sljóm hornum, um 80 m á hvorn veg. Gerðisveggurinn er mjög sokkinn og siginn. Nær suðurbrún gerðisins og fyrir midju er lágur rústahóll. Á honum eru engar greinilegar tóftir, ekki hólf, horn eða veggir, en sjá má í grjóthleðslur í rofi á nokkrum stöðum. Innan gerðis er landið fremur flatt og hallalítið, en gersamlega hlaupið í þúfur. Má vera að fleiri tóftir leynist bæði innan gerðis og utan. Þessi minjastaður fannst við vettvangsrannsókn. Hann er ekki nefndur í fyrirbyggjandi heimildum og staðkunnugum mönnum var ekki kunnugt um hann. Er það mjög óvenjulegt í svo landlítilli og þéttbýlli sveit. Ástæðan er væntanlega sú að hann er eflaust forn og er hann svo sokkinn í mýrina að nánast engin leið að koma auga á nokkur ummerki nema þá ofan af fjallinu eða í fjallshlíðinni. Norðan frá stekknunum í Stekkjarskriðu sést gerðið sæmilega. Ekki leikur vafi á að hér eru fundnar fornar bústaðaleifar, en ekki er hægt að segja um frá hvaða tíma þær eru, né hvort hér hafi verið bær eða sel. Ekkert örnefni er á þessum slóðum. Rétt er að vekja athygli á að tóftirnar eru ekki nefndar í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1706. Ekki er útilokað að hér séu fundnar leifar býlisins Uppsala sem var í byggð fram á 16. öld. Það heiti á vel við, en samkvæmt jarðabókinni á sá bær að hafa verið í landi Ytra-Hólms. Má vera að

staðsetningin hafi skolast til enda langt um liðið frá því bærinn fer í eyði og þar til jarðabók er tekin saman. Líklegast er þó að þessi bær hafi þegar verið í eyði kominn fyrir löngu og því ekki ratað inn í heimildir til þessa. Einnig er rétt að benda á að staðsetningin er vægast sagt mjög óvenjuleg: bærinn og gerðið hefur verið í miðjum flóa áður en hann var ræstu fram, og gæti bærinn hafa verið yfirgefinn á sínum tíma vegna þess að landið var of blautt. Má og vera að þegar búið var á staðnum hafi skógur verið meiri, sbr. örnefnið Reynir, og landið því þurrara, en það síðan sokkið í mýri þegar skógurinn hvarf.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**BO-079:012** *Tæpagata* gata leið

“Upp með [Berjadalsá] sunnanverðri er Tæpagata, og er komið niður innanvert við Háás” segir í örnefnalýsingu. Neðarlega í fjallshlíð.

Gönguslóði liggur vestan í fjallinu, frá Háási og norður að Berjadalsá.

**Heimildir:** Ö-Reynir, 2

## 5. Kafli. Um upphaf og þróun byggðar í hreppnum

Í skýrslu sem samin var í tilefni af svæðisskráningu fornleifa var rakin byggðasaga hreppsins í stuttu máli í ljósi ritheimilda og fornleifa<sup>9</sup>. Verður það efni ekki endurtekið hér, en dregin saman helstu atriði og aukið við nýjum vísbendingum sem komið hafa fram við skráningu fornleifa á vettvangi.

### *Landnemar*

Talið er að fyrstu landnemabyggðir hafi risið hér á landi um 870. Er sú skoðun reist á fornleifafundum, bæði bæjaleifum og fornum gröfum. Í Innri-Akraneshreppi hafa engar fornleifar eða forngripir fundist frá landnámsöld enn sem komið er. Kuml eða kumlateigar eru helstu vísbendingar um að byggð sé hafin á 9. eða 10. öld í tilteknu héraði. Engin kuml hafa fundist í hreppnum og svo er reyndar um nær allt Faxaflóasvæðið. Engin skýring hefur verið fundin á því hversvegna kuml hafa ekki fundist á þessu svæði, en þau er að finna í flestum öðrum sveitum landsins. Þó kuml hafi ekki fundist og verið rannsökuð á Akranesi er ekki útilokað að þau leynist þar enn. Í þessu sambandi er rétt að nefna að bæði í landi Músstaða og Skálatanga er að finna staði sem kallast dysjar. eru þetta aflangir hraukar, ekki ósvipaðir haugum og dysjum, enginn veit með vissu hvað þær eru, en uppgröftur myndi geta skorið úr um hvort þar séu leifar kumla. Samkvæmt nýlegum rannsóknum á staðsetningu kumla á landinu, þá finnast þau oft við gamlar leiðir og í útjaðri jarða. Athyglisvert er að bæði á Skálatanga og Músstöðum eru kumlin við gömlu leiðina við sjóinn, og að auki eru þau bæði í útjaðri, þ.e. niður við sjávarbakkann. Ef þessar dysjar reynast vera kuml frá heiðni, þá er freistandi að ætla að báðar þessar litlu jarðir hafi verið komnar í byggð þegar um eða uppúr landnámi, eða á 9. eða 10. öld.

Engar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á leifum bæja á Akranesi, en athuganir á eða við helstu bústaði myndu geta skorið úr um aldur elstu byggðar. Víða hefur verið grafið í bæjarhólana í hreppnum vegna húsbygginga. Hefur þá verið grafið í gegnum eldri byggingar, en ekkert er til skráð um fornleifafundi. Undantekning frá þessu er Heynes. Eins og fyrr var nefnt hafa þar fundist m.a. mjög fornir og vel varðveittir hlutir úr lífrænum efnum en ekki verður sagt nánar um aldur þessara minja.

Þótt ekki sé vitað hvenær byggð hófst í Innri-Akraneshreppi er ekki ástæða til að ætla að hún hafi hafist síðar en annarsstaðar á landinu þrátt fyrir kumlaleysið. Eins og greint var frá í fyrri skýrslu má finna nokkrar vísbendingar í rituðum heimildum um upphaf og þróun byggðar. Í raun er ekkert vitað um byggðina í hreppnum fyrr en kemur fram á 12.-13. öld. Samkvæmt Landnámu var Akranes eitt landnám, að mestu það land sem taldist til Innri-Akranes- og Skilmannahrepps síðar, með þeim frávikum að Katanes taldist þar með, en ekki Lambhagi og Galtarholt. Landnemarnir, þeir Ketill og Þormóður Bresasynir eiga að hafa skipt svo með sér löndum, að Ketill átti land á nesinu norðanverðu og bjó á Görðum, en Þormóður sunnanmegin og bjó á Innra-Hólmi. Skiptust jarðir þeirra um Reyni<sup>10</sup>.

Í Landnámugerð Hauks Erlendssonar segir að þeir hafi verið írskir. Engar óvenjulegar minjar eða minjar sem bent gætu til írskis uppruna hafa fundist í hreppnum svo kunnugt sé. Má vera að sú staðreynd að kuml finnast ekki á Akranesi sé vísbending um að kristinn siður hafi skotið þar rótum snemma, en óvarlegt er að draga slíka ályktun þar sem kumlfundir eru mjög tilviljanakenndir.

Í Landnámu segir að á Akranesi hafi búið þar maður að nafni Hallkell, á Hallkelsstöðum, en

<sup>9</sup> Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinnsson, sama rit, 14-25.

<sup>10</sup> ÍF 1, 59-61.

hafi verið hrakinn þaðan af Bresasonum. Þetta örnefni er nú týnt og ekki vitað hvort það hafi verið í Innri-Akraneshreppi eða Skilmannahreppi. Sagan um Hallkel og brotthvarf hans kann að vera rétt, en hún gæti allteins verið tilbúningur. Víða um land lifa frásagnir af landnámsmönnum og oft eru þær tengdar tóftum eða hólum af einhverju tagi. Má vera að á ritunartíma landnámsagna á 12. og 13. öld hafi t.d. verið bæjartóftir á óvenjulegum stað á Akranesi sem orðið hafa kveikjan að þessari sögn. Nafnið fellur í flokk örnefna sem virðast fela í sér mannsnafn, en má vera að það sé dregið af náttúrulegu umhverfi, í þessu tilfalli brekku eða halla, eða steinum<sup>11</sup>.

Ekki er unnt að dæma um sannleiksgildi þessara frásagna, en ljóst er að landnámuhöfundar hafa talið setur Bresasona hafa verið þar sem á þeirra tíma voru höfuðbólín. Það er vitaskuld ekki útilokað að sannleikskjarni felist í sögunni um Hallkel. Í þessu samhengi er rétt að greina frá einum áður óþekktum stað sem fannst við fornleifaskráninguna. Rétt austan við Reyni eru ógreinilegar og sokknar fornleifar sem líkjast helst fornum bæjartóftum. Þar virðist vera leifar af fornum bæjarhól og túngarði í kring og minnir mjög á svokölluð gerði sem finnast víða um land. Þessi svonefndu gerði eru leifar eyðibýla sem ekki er vitað frá hvaða tíma eru, en oft hafa fundist kuml rétt hjá minjunum og er það vísbending um að þar hafi verið búið á landnámsöld, eða a.m.k. í heiðni<sup>12</sup>. Landnáma segir ekkert um hvar Hallkell bjó utan nafnið á bænum. Við vitum heldur ekki hversvegna þeir bræður hafa skipt landnáminu við Reyni. Athyglisvert er að þessar fornu tóftir eru þar sem mörkin milli landnáma Bresasona lágu. Sú skipting gæti hafa verið afleiðing af því að einmitt þar var fyrir frumbýlingur, Hallkell, eða einhver annar landnámsmaður sem við vitum ekki nafnið á, sem síðan var bolað burt.

### *Þróun byggðar*

Um byggðina í Innri-Akraneshreppi frá landnámi og fram eftir öldum eru heimildir fátæklegar, en eins og fram kemur í fyrri skýrslu þá má, auk fornleifa og ritheimilda, ráða nokkuð af landinu sjálfu, staðhættum og skiptingu svæðisins í jarðir, um hvernig byggðin hefur þróast<sup>13</sup>. Ætla má t.d. að þar sem kirkjur stóðu, þar hafi verið komin höfuðból á 11. öld. Eins er freistandi að ætla að þær jarðir sem eru stærri séu hinar eldri, og að minni jarðir hafi skiptst út úr þeim smátt og smátt. Hvorug þessara vísbendinga er þó óskeikul.

Líklegt er að upphaf byggðar á Akranesi sé að finna sunnan Akrafjalls. Þar er skjólgott og land grasgefið. Þar virðast hafa verið ákjósanleg ræktunarskilyrði, enda var akuryrkja stunduð í upphafi eins og ráða má af örnefnum. Auk þess voru töluverð hlunnindi af sjávarfangi. Sunnan fjalls hafa snemma myndast byggðakjarnar á þremur stöðum og þar risu kirkjur: þ.e. við Innra-Hól, Heynes og Ytra-Hól. Á þessum jörðum byggðust snemma afbýli, hjáleigur og kot sem sum hafa orðið að sjálfstæðum jörðum. Hvenær þetta gerist er ekki hægt að segja til um, en í túni Innra-Hólms eru Kirkjuból og Tyrfingsstaðir þegar komin á fyrri hluta 13. aldar<sup>14</sup>. Má vera að Þaravellir, Gerði og Másstaðir hafi byggst úr Innra-Hólmi, sem átti fjallshlíðina ofan bæja. Hugsanlegt er reyndar að hinar tvær síðasttöldu hafi byggst frá Heynesi, sem þar átti reka fyrir ströndum. Út úr landi Heyness virðast hafa byggst nokkrar jarðir: Uppsali, Dægra, Staðarhöfði, Miðhús, Vík og Skálatangi. Má vera að Reynir og Kjarnsstaðir hafi einnig byggst út úr Heynesi, en saman mynda jarðirnar reglulegan skika milli Ytra- og Innra-Hólms torfanna. Samkvæmt máldaga Saurbæjarkirkju frá 13. öld var þar einnig smábýlið Sævargarður. Í túni Ytra-Hólms var fjöldi hjáleiga og smábýla og má vera að sum þeirra hafi byggst snemma. Kross virðist hafa verið klofinn úr landi Ytra-Hólms.

<sup>11</sup> Um "Hall-" örnefni. sjá Þórhall Vilmundarson, Safn til íslenskrar örnefnabókar 2, 89-95.

<sup>12</sup> T.d. Grafargerði (Kt. 81), Hálskot (Kt. 92), Kleifargerði (Kt. 126), Dalasel (Kt. 139) Litlu-Ketilsstaðir (Kt. 142), Mið-Sandfell (Kt. 143), Brennistaðastekkur (Kt. 146), sbr kumlatal Kristjáns Eldjárn, *Kuml og haugfé* 2000).

<sup>13</sup> Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson, sama rit.

<sup>14</sup> DI, I:416.

Engum nýmælum er að bæta við það sem þegar hefur verið rakið um þróun byggðarinnar í títtnefndri skýrslu um svæðisskráningu sunnan Skarðsheiðar. Í stuttu máli sagt er lítið vitað um þróun byggðar á miðöldum, enda flestra jarða ekki getið í skjallægum heimildum fyrir en á 16. eða jafnvel 17. öld. Til eru þó máldagar Innra-Hólmskirkju, Heyness og Garða frá öndverðri 13.öld. Af máldögum og síðari heimildum virðist mega ráða að heildarsvipur byggðarinnar hafi lítið breyst í gegnum aldirnar: annarsvegar eru bæir sem hafa verið lengi í byggð og hinsvegar í kringum þá hafa þrífist smábýli, þurrabúðir og margvíslegur kotbúskapur, sem byggst hafa til skamms tíma og farið í eyði á ýmsum tímum, allt fram á 20. öld.

## 6. kafli Um ástand og afdrif minja

Í Innri-Akraneshreppi voru skráðir 280 staðir árið 2000. Samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum var kunnugt um 212 staði en 68 staðir til viðbótar komu í ljós við vettvangsrannsókn. Nú eru mannvirkjaleifar sjáanlegar á 44 stöðum, en á 216 stöðum sjást leifar þar ekki lengur. Meðal þeirra eru fornleifar sem hafa verið eyðilagðar eða horfið í tímans rás af ýmsum orsökum. Sjaldan er unnt að ákvarða hvort minjastaður hefur verið algjörlega eyðilagður, nema þar sem um er að ræða t.d. stórkostlegan námugróft eða landbrot. Flestar þessara minja eru þó í túni við bæi, og kunna enn að leynast undir sverði eða nýbyggingum og gætu komið í ljós við framkvæmdir síðar. 19 fornleifar eru ekki mannvirki heldur þjóðsögustaðir, náttúruminjar eða þjóðháttastaðir.

Á þeim stöðum þar sem mannvirkjaleifar sjást enn eru 25 nokkuð greinilegar, þ.e. hleðslur standa enn eða eru vel merkjanlegar, en 19 eru fremur ógreinilegar.

Hættumat er aðeins gert þar sem mannvirki eru eða hafa verið og vitað er með nokkurri vissu hvað verið hafa. eru það alls 162 staðir af 280. 31 staður töldust ekki vera í neinni hættu, 129 í hættu og 2 í mikilli hættu. Langflestir staðir teljast í hættu vegna ábúðar og rasks (110), þ.e. þeir eru á svæðum þar sem landbúnaður eða önnur atvinnustarfsemi á sér stað. 10 staðir eru í hættu vegna sjávarrofs. Þeir staðir sem eru í mestu uppnámi eru bæjarhólarnir á gömlu Kjaransstöðum, sem nú er í túni, og Þaravöllum, sem er í verulegri hættu vegna ágangs sjávar.

Í fornleifaskránni hér að ofan er getið um þær minjar sem heimildir eru til um jafnt sem um þá staði sem varðveist hafa til þessa dags. Í skránni eru 35 staðir með tóftum af ýmsum stærðum og gerðum, 32 bæjarstæði, og 5 garðlög, en á 9 eru örnefni eina vísbendingin um gömul mannvirki og fyrir 153 stöðum eru nú eingöngu munnlegar heimildir eða ritaðar. Í 7. kafla er fjallað nánar um einstaka minjaflokka.

## 7. kafli. Fornleifar eftir flokkum



*Bakkabúð í Innri-Akranshreppi*

### *Bæjarhólar og bæjarstæði*

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, góflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru einna helst líkur á að finnist forngripir og brot úr þeim. Bæjarhólar eru því afar mikilvægir minjastaðir, en jafnframt hafa orðið einna verst hafa orðið úti í uppbyggingu á landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið á um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum geryðilagst.

Gamlir bæjarhólar eru á öllum jörðunum í hreppnum og allir skemmdir að einhverju leyti. Steinsteipt íbúðarhús og eða aðrar stórar byggingar standa á hólunum á Innra-Hólmi, Kirkjubóli, Heynesi, Ytra-Hólmi, og á Reynisbæjum. Hólarnir á Heynesi og Hólmunum báðum eru myndarlegir, en ekki er hægt að sjá til hólís á Vestri-Reyni fyrir byggingum. Á Eystri-Reyni og Kirkjubóli eru ekki bæjarhólar sýnilegir og virðist jarðvegur þar vera fremur lítill.

Á öðrum bæjum hafa ekki verið reistar nýjar byggingar á síðustu áratugum, þ.e.a.s. á Þaravöllum, Gerði, Mássstöðum, Skálatanga og Vík. Þar hafa torfhús verið rifin en litlir kofar af ýmsu tagi standa enn. Á Kúlu, Höfða, og Kjaransstöðum eru engar byggingar, en hólarnir á hinum tveimur síðasttöldu hafa verið sléttaðir að ofan og sennilega eyðilagðir. Á Dægru, Tyrfingsstöðum og Krossi eru engar nýbyggingar og leifar síðustu torfbæjanna hafa hvorki verið rifnar eða sléttaðar út. Þar hefur lítið rask verið og eru bæjarhólarnir sjálfir óskertir að sjá. Í móanum austan við Eystri-Reyni fannst við skráningu áður óþekkt rúst. Ekki er ljóst hvort þar var hjáleiga eða forn bær. Þar er ósnertur, gamall bæjarhóll sem líklega er betur varðveittur en önnur forn mannvirki í hreppnum. Hann hefur sloppið við skurðgröft þegar mýrin var ræst fram og engin túnrækt hefur verið á þessum slóðum.

Víða þar sem hólar hafa ekki orðið fyrir hnjaski af völdum nýrra bygginga eða ræktunar hefur náttúran spillt minjum. Hóllinn á Þaravöllum er að hrapa í fjöruna og sögur eru um hús eða tóftir sem þegar eru horfnar á nokkrum jörðum. Núverandi bæjarstæði Víkur er í hættu og eldri bæjarstæði Miðhúsa og Skálatanga eru á sjávarbakkanum sem

og gömlu Kjaransstaðir. Það er mögulegt að aðrir bæir hafi staðið nær sjó áður og að flest elstu bæjarstaðin séu þegar af brotin. Má vera að gerðið sem kallað er lögrétta á Heynesi og er að hluta af brotið við sjóinn, sé í raun leifar af gömlum túngarði, en að bærinn hafi staðið sunnar, eða hjáleiga, sem sé þá alveg horfin.

#### *Útihús, túngarðar og garðlög*

Útihús eru gjarnan langstærsti minjaflokkurinn á hverju svæði, en þau eru víðast horfin, hafa verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Í Innri-Akraneshreppi eru skráð alls 91 útihús, en útihúsatóftir sýnilegar á aðeins 6 stöðum, þ.e. þrjú í Dægru, eitt á Belgsstöðum og eitt á sitthvorum Hólminum. Í Dægru eru óvenju vel varðveittar útihúsatóftir, tún og bæjarleifar.

Engar sýnilegar túngarðsleifar eru sjáanlegar í sveitinni, að frátöldu gerði austan við Eystri-Reyni.

Leifar grjótgarðs sem legið hefur skammt sunnan við Innesveg, og nokkurn veginn í sömu stefnu og hann, eru sýnilegar á smáspotta þar sem það liggur þversum yfir Hólmsholtin. Mun hann hafa verið rifinn við vegagerð um miðja öldina. Norðan vegar liggur annað grjótlag til norðurs, langsum eftir Hólmsholtum að vestanverðu. Ekki er ljóst hversvegna þessi garður var hlaðinn eða frá hvaða tíma hann er.

#### *Tún og garðar*

Flest heimatún á landinu eru enn í notkun og mörg hafa verið sléttuð með stórvirkum vinnuvélum og á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabil. Svo er um nær öll tún í hreppnum, en einna minnst röskuðu túnin eru við Heynes og Dægru. Einnig hafa tún í hreppnum spillst af sjávargangi í gegnum aldirnar og hafa bændur reynt að sporna við eyðingunni með hleðslu varnargarða á síðari tímum. Ósnert af ræktun og raski frá síðari tímum er túnið í kringum bæjarleifarnar sem ekkert nafn bera og eru skammt austan Eystri-Reynis.

Svo sem kunnugt er af rituðum heimildum og örnefnum hefur akuryrkja verið töluverð á Akranesi. Engar sýnilegar minjar eru nú um þennan merka þátt í sögu íslensks landbúnaðar aðrar en örnefnið. Þegar grafið var í gerði sem nefnt er Lögrétta, sunnan við Heynesbæ, mátti sjá töluvert rask í jarðveginum. Í þversniði leit það út sem reglubundnir hryggir með dældum á milli og minna t.d. á akurreinar. Athuganir á plöntuleifum þar báru ekki árangur og því verður ekki úr skorið að sinni hvort þar hafi mögulega verið stunduð akuryrkja.

Kartöflugarðar eru sýndir á túnakortum frá 1920 við nær alla bæi í hreppnum. Við bæina á Heynesi og Krossi eru enn kálgarður með hlöðnum veggjum.

#### *Vatnsból*

Vatnsból hafa verið sæmileg við flesta bæi. Á skrá eru 9 brunnar. Flestir hafa verið fylltir og nú er aðeins að sjá dæld í túnvellinum. Í Dægru er brunnur fast austan við bæinn. Er hann snoturlega hlaðinn og nokkuð vel varðveittur.

#### *Stekkir, kvíar og réttir*

Aðeins einar kvíar eru á skrá fornleifa í Innri-Akraneshreppi, þ.e. á Másstöðum en staðurinn er horfinn í sjó. Í sveitinni eru sjö stekkir og eru sex sýnilegir, þ.e. á Reynisbæjunum báðum, Gerði, Innra-Hólmi, Þaravöllum, Heynesi.

Á Reyni var skilarétt hreppsins og þar er voldug og vandlega endurhlaðin fjárrétt, Reynisrétt. Nokkru norðan við hana, við neðstu klettabrún í Akrafjalli og í landi Ytra-Hólms er hestarétt, hlaðin úr stóru grjóti.



### *Býli og sel*

Heimildir eru um býli á 30 stöðum í sveitinni. Minjar um þau eru litlar. Flest þeirra stóðu nálægt eða á sjávarbakknum og er líklegt að mannvirkjaleifar þar hafi margar hrpað í sjó. Nefna Árni Magnússon og Páll Vídalín í jarðabók sinni (1706) t.a.m. að hjáleigan Kirkjubakki á Innra-Hólmi sé að mestu afbrotin í byrjun 18. aldar og að tóftir Krosshjáleigu séu þá undir sjávarbroti.

Um allnokkra staði er getið í heimildum en ekki vitað hvar voru og ummerki um þá ekki sýnileg, þ.e. Grænarúst á Kúlu, Lambhús á Heynesi, Keldukot á Kjaransstöðum og hina dularfullu Uppsali á mörkum V-Reynis og Ytra-Hólms. Flestar aðrar leifar hafa verið jafnaðar út eða sléttaðar undir tún. Engar leifar sjást eftir Krók eða Klembur hjá Innra-Hólmi, en þar sem Nýibær og Móakot stóðu eru lágir hólar. Þar hafa hús verið jöfnuð við jörðu. Leifar Traðarholts (Móa) gætu hafa verið þar sem er Móhóll. Þar má sjá má ávalan hól í túni og þar hefur komið upp móaska við skurðgröft. Engar leifar sjást eftir Bergsgerði hjá Gerði og þar er svokallað Bresagerði en ekki víst að um að leifar bústaðar sé að ræða. Leifar Þorfinnskots sem stóð rétt ofan við Miðgarð sjást ekki lengur. Flest bæjarstæði hjáleigna á Ytra-Hólmi eru komin í tún og má sjá á flestum stöðum þar lága, ávala hóla, s.s. á Bráðræði, Litlu-Býlu, Háuhjáleigu og Miðbýli. Enginn hóll er þar sem Fjósakot stóð og bæjarleifar á Áttmælingi, Hólmsbúð, Hliðkrók og Birnhöfða hafa verið sléttaðar út. Má vera að Eystra- og Ytra-Bakkakot hafi brotið af á sjávarbakka. Á bæjarstæði Akrakots stendur íbúðarhús og er landið mjög flatt. Ekki vottar þar fyrir bæjarhól. Á Belgsstöðum er dálítill hóll og ofan á honum stendur vel varðveitt fjárhústóft. Tóftir á Fossakoti skammt frá Berjadalsá eru vel varðveittar. Eins eru Friðhús sæmilega varðveitt, en frárennisskurðir hafa verið grafnir beggja vegna og örskammt utan við aðal rústasvæðið. Ónefndar bæjarleifar í móanum austan við Eystra-Reyni eru óskertar.

Lítið hefur verið um seljabúskap á Akranesi enda er skammt á milli fjalls og fjöru og þéttbýl sveitin. Leifar eru af seli, Miðhúsasel frá Heynesi, upp af Vík. Í Akrafjalli er örnefnið Selbrekka og Selstapar eru hjá Litla-Skollholti.

### *Mótekja og torfskurður*

Óvíða á landinu er jafndjúp mýri og á Akranesi. Talsverð mótekja var víða í Innri-Akraneshreppi og enn má sjá ummerki um hana hér og hvar þó víða séu þau horfin þar sem tún hafa verið stækkuð. Á skrá eru 7 mótekjustaðir en af Jarðabók má sjá að mór hefur verið tekinn víðar og var misgóður. Talsverður móskurður var í landi Heyness. Mógrafir eru enn sjáanlegar á Innra-Hólmi og í Heynesi. Mógrafir á Eystra-Reyni eru komnar undir tún en þar sjást dokkir í völinn. Engin örnefni benda á þá staði þar sem torf var skorið og vantar heimildir þar um.

### *Kuml og kirkjugarðar*

Ekki er kunnugt um neinn kumlfund í hreppnum, en bent hefur verið á hrúgöld við Tanga og Másstaði og þau talin vera e.k. dysjar. Ekki verður úr því skorið nema með rannsókn. Kuml reyndar lítt þekkt í þessum landsfjórðungi. Frá Borgarfirði suður um flóann að Reykjanestá liggur eitt stærsta samfellda landsvæði þar sem engin kuml hafa fundist. Engin skýring liggur fyrir á þessu og hefur kumlaleysið vakið undrun fræðimanna. Hafa sumir bent á að kristni hafi jafnvel komið þar fyrir og því sé fárra kumla úr heiðni að vænta. En hafa ber í huga að kuml finnast nær alltaf fyrir tilviljun og við rask eða rof. Engin kerfisbundin leit hefur verið gerð að kumlum. Ekki er óhugsandi að kuml hafi verið við flesta bæi í Innri-Akraneshreppi en að þau séu horfin eða séu ófundin. Af þeim kumlum sem fundist hafa á vestanverðu landinu eru langflest fundin við sjávarsíðuna. Landbrot hefur verið mikið í hreppnum og má vera að kumlin hafi

fyrir löngu sópast út í sjó. Mjög algengt er að kuml séu út við landamerki, við ár eða á sjávarbakka. Einnig er algengt að kuml séu við fornar leiðir. Reyndar er athyglisvert að dysjarnar á Tanga og Másstöðum eru báðar niður við sjóinn og fast við gömlu leiðina sem lá á sjávarbakkanum.

Eini kirkjugarðurinn í Innri-Akraneshreppi er sá sem enn er í notkun á Innra-Hólmi. Mannabein hafa fundist á Heynesi, við garðlag og tóft þar sem eflaust eru leifar kirkju og grafreits þar.

### *Leiðir*

Þjóðleiðin lá að mestu um fjöru og fjall, enda var landið blautt og illt yfirferðar, en brekkurótin undir fjallinu þurr sem og landið fram á sjávarbökkum. Enn má sjá slóða við fjallsrætur ofan við Innra-Hólmstorfuna og það vottar fyrir leiðinni á nokkrum stöðum sjávarmegin. Sjá má t.d. lítilsháttar dokk þvert yfir túnið nær sjávarbakka á Tanga og eins hvar leiðin lá ofan úr fjöru og upp á bakkann, t.d. við Staðarhöfða og Vík. Í jarðabók er nefnt að túnin fjordjarfist þar af umferðinni. Þjóðleiðin lá um tún í Dægru og þar er örnefnið Dægrubrú.

### *Verminjar*

Samkvæmt rituðum heimildum munu sjóbúðir hafa verið í Gerði, á Másstöðum, Tanga, Vík, Höfða, Heynesi og Ytra-Hólmi. Vegna fiskleysis voru flestar þessar búðir í auðn eða jafnvel niðurfalnar í lok 18. aldar. Hretbryggja, búð Jóns Hreggviðssonar var í landi Skálatanga. Ekki er kunnugt um varðveittar minjar um þennan merka þátt í sögu búsetunnar í hreppnum, enda stóðu þessi mannvirki flest niður á sjávarbakkanum þar sem landbrot hefur verið mikið. Að vísu er bent á tóft við sjóinn í landi Tanga, sem gæti hafa verið sjóbúð, en óvíst er það.

## **8. Kafli. Tillögur: Verndun, kynning og rannsóknir**



*Tyrfingsstaðir í Innri-Akraneshreppi*

Í þéttbýlum sveitum sem Innri-Akraneshreppi þar sem rekin hefur verið öflugur landbúnaður á nútímavísu á síðustu áratugum er jafnan svo að flestar fornleifar hafa orðið að víkja. Svo er um nær allar minjar við bæina og þar sem byggðin er mest, en í útjaðri hennar fjallsmegin er enn að finna minjastaði í misgóðu ástandi. Á grundvelli fornleifaskráningar eru hér með lagðar fram nokkrar tillögur um verndun, kynningu og rannsóknir á fornleifum í hreppnum:

*Stefnumótun.* Fá sveitarfélög á landinu hafa stefnu í minjavernd, enda óhægt um vik að stuðla að verndun fornleifa þar eð upplýsingar um fjölda, legu og ástand minja hafa ekki legið fyrir. Nú liggur afrakstur fornleifaskráningar fyrir og sýnir að í hreppnum eru um 280 minjar. Þar af eru um 170 staðir (60%) horfnir eða talsvert skemmdir, en um 50 staðir nokkuð vel varðveittir. Nær öll útihús eru horfin og flestir bæjarhólarnir eru í stórhættu af völdum landbrots við ströndina og gera þarf ráðstafanir til að hefta landbrotið á þessum stöðum. Nokkrir þeirra staða sem eru vel varðveittir falla í flokk með minjum sem eru að verða æ fágætari á Íslandi. Er ljóst að í Innri-Akraneshreppi eru ýmis verkefni framundan á sviði fornleifaverndar og er mælt með því að hreppsstjórnin móti stefnu í minjavernd á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar.

*Friðun.* Í íslenskri fornleifavernd tíðkast tvö stig friðunar: a) friðlýsing á völdum stöðum á vegum Fornleifaverndar ríkisins, og b) almenn friðun, þ.e. samkvæmt þjóðminjalögum eru allar fornleifar friðaðar og þarf ekki þinglýsta friðlýsingu til. Á friðlýsingaskrá þjóðminjavörslunnar eru rúmlega 700 minjastaðir á landinu öllu, og er það um 0,5 % af öllum íslenskum minjastöðum. Engar fornleifar hafa verið friðlýstar á Akranesi til þessa, en æskilegt væri að friða sérstaklega helstu minjastaðina í Innri-Akraneshreppi. Hér mælt með friðlýsingu Dægru, Friðhúsa, Fosskots og ónefnds býlis austan við Eystri-Reyni. Ef ekki verður ráðist í formlega friðlýsingu gæti hreppurinn engu að síður einsett sér að varðveita þessa fáu staði til frambúðar og beina framkvæmdum og raski frá þessum svæðum við skipulagsgerð o.fl.

*Rannsóknir.* Í Innri-Akraneshreppi eru ýmsir staðir sem vert væri að gera nánari rannsóknir á. Ekki er kunnugt um neinar mannvistarleifar frá landnámsöld á Akranesi og ekki vitað hvenær byggð þar hófst. Samkvæmt landnámu er getið um írsku landnámsmenn, og vísa örnefni til þeirra einnig, en þessi sérstaki þáttur í landnáms sögu Akraness hefur til þessa ekki verið kannaður með fornleifarannsóknum. Erfitt gæti reynst að finna fornleifafræðilegan vitnisburð um landnámsbyggð og uppruna íbúanna, en það er þó ekki með öllu ógerlegt. Hvað sem landnámsrannsóknum líður, er rétt að minna á að innan hreppsmarka er enn að finna vel varðveittar minjar um sögu svæðisins á síðari tímum, einkum smábýlin við sjávarsíðuna á norðan og vestanverðu nesinu, en allar minjar um verbúðir og sjósókn eru fyrir löngu horfnar. Á Heynesi er enn sæmilega varðveittur bæjarhóll sem hefur að geyma sögu þessa héraðs frá upphafi byggðar þar. Þar hafa fornleifar komið í ljós við jarðrask og ástand þeirra sýnir að varðveisluskilyrði í jarðvegi þar eru óvenjugóð. Leifar úr lífrænum efnem, s.s. tréflát og vefnaður, sem gjarnan hverfa við rotnun, hafa fundist í bæjarhólnum og gefur það fyrirheit um árangursríka rannsókn. Þar er einnig kirkjugarður og kirkjutóft frá fyrri öldum. Leifar af áður óþekktum bæ austan Reynis fundust við skráninguna. Fróðlegt væri að kanna frá hvaða tíma sú byggð er og eru líkur á að bærinn sé forn. Eins væri áhugavert að athuga aldur Friðhúsa og gerðisins austan Eystri-Reynis. Dysjar í landi Másstaða og Skálatanga gætu reynst vera kuml úr heiðni og væri hægt að skera úr því með uppgrefti.

*Ferðamál, útivist.* Vel varðveittar fornleifar á borð við gamla bæjarstæðið í Dægru og leifar fornbylisins austan Reynis er fróðlegt fyrir heimamenn og almenning að skoða. Er mælt með því að gera þær aðgengilegar ferðafólki.

## Niðurlag

Nú er fengin heildarmynd af fornleifum í Innri-Akraneshreppi og ástandi þeirra. Þessi nýja þekking opnar nýjar leiðir til að móta stefnu um varðveislu menningararfansins, taka ákvarðanir um landnotkun í framtíðinni og jafnvel hagnýta fornleifar í þágu atvinnulífs.

Friðun og verndun minja á Íslandi er skammt á veg komin. Meginorsökin er einfaldlega skortur á upplýsingum um staðsetningu minja. Er fornleifaskráningu m.a. ætlað það hlutverk að bæta þar úr. Frá því er fyrstu þjóðminjalög voru sett 1907 hefur verið gert ráð fyrir mikilli miðstýringu í minjavörslu, þar sem ábyrgð og eftirlit hefur verið á höndum þjóðminjavarðar. Með stórfelldri aukningu framkvæmda og umhverfisspjalla vegna jarðvegseyðingar reyndist þessi stefna árangurslítill, enda eru flestir minjastaðir mjög fjarri höfuðstaðnum og eftirlit með þeim illviðráðanlegt vegna vegalengda. Með nýjum lögum 1989 og 2001 hafa hugmyndir um minjaeftirlit meðal annars breyst á þann veg að nú er lögð áhersla á fornleifaskráningu, sem nauðsynlegan grundvöll minjaverndar. Í stað miðstýringar er þekkingaröflun og upplýsingamiðlun teft gegn skefjalausri eyðingu minja. Kostnaður við fornleifaskráningu er nú á hendi sveitarfélaga og hefur því ábyrgð á þessum grundvallarþætti minjaverndar verið færð í hérað að nokkru leyti.

Uppbygging og framkvæmdir í hreppnum síðustu áratugi hefur óhjákvæmilega haft töluverð minjaspjöll í för með sér og er ljóst að nú eru fáir sjáanlegir minjastaðir eftir í nágrenni við bæina, en tóftabrot eru nokkur, einkum í jaðri byggðarinnar. Því er æskilegt að sveitarstjórnin fylgi þeirri stefnu að hrófla ekki við minjum nema um aðra kosti sé ekki að ræða. Það er mikilvægt að sveitastjórnir vinni að stefnumörkun um verndun minja. Ekki er gagn að skrá minjar einvörðungu heldur er nauðsynlegt að nýta þá þekkingu til virkrar minjaverndar í héraði. Er það von höfundar þessarar skýrslu að sú skráning sem nú hefur verið unnin sé fyrsta skrefið í þá átt að varðveita þær minjar sem eftir eru í hreppnum, heimamönnum og gestum til gagns og ánægju í komandi framtíð.

## Heimildir

*Óprentaðar heimildir:*

*Sýslumannsembættið í Borgarnesi*  
Landamerkjabók Borgar- og Mýrasýslu, II.

*Þjóðskjalasafn Íslands*  
Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünnum 1920. Innri-Akraneshreppur

*Örnefnastofnun*

- Ö-Dægra:** Örnefni í Dægru. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Gerði:** Örnefni í Gerði. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Heynes:** Örnefni í Heynesi. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Innri-Hólmur a:** Örnefni í Innri-Hólma. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Innri-Hólmur b:** Örnefni í Innri-Hólma. Sölvi Sveinsson skráði, 1975. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Innri-Hólmur c:** Örnefni í Innri-Hólma. Athugasemdir. Sigríður Jóhannsdóttir skráði, 1979. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Kross:** Örnefni í Krossi. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Kúludalsá a:** Örnefni í Kúludalsá. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Kúludalsá b:** Örnefni í Kúludalsá. Athugasemdir og viðbætur. Sölvi Sveinsson skráði, 1975. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Reynir:** Örnefni á Reyni. Ari Gíslason skráði 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Skálátangi:** Örnefni í Skálátanga. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Staðarhöfði:** Örnefni í Staðarhöfða. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Ytri-Hólmur:** Örnefni í Ytri-Hólma. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).  
**Ö-Þaravellir:** Örnefni á Þaravöllum. Ari Gíslason skráði, 1966. (Örnefnastofnun Íslands).

*Prentaðar heimildir:*

Adolf Friðriksson, “Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar”, í: Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012. Fylgiskjöl með greinargerð*, útgst. ekki tilgr., Samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar og Skipulag ríkisins, 1994.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár*, Minjasafnið á Akureyri, Akureyri, 1994.

**AF:** Adolf Friðriksson. 1991. *Fornleifarannsóknir á Heynesi 1991. Framvinduskýrsla*. (Óprentuð skýrsla á Fornleifastofnun Íslands).

**AF&OV:** Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson. Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar. *Saga XXX*, 7-79.

**ÁFÍ 1950:** Jón Helgason. 1950. Borgarfjarðarsýsla sunnan Skarðsheiðar. *Árbók ferðafélags Íslands 1950*; 11-65.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá*, Reykjavík, Þjóðminjasafn, 1990.

**Árb 1908:** Brynjúlfur Jónsson. 1908. Rannsóknir fornleifa sumarið 1907. *Árbók hins*

*Íslenska fornleifafélags 1908; 9-31.*

- BB:** Jakob Jónasson, Jón G. Björnsson & Þorsteinn Guðmundsson. (ritnefnd). 1989. *Byggðir Borgarfjarðar I-II. Borgarfjarðarsýsla og Akranes.*
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.
- EG:** Elsa E. Guðjónsson. 1994. Barnavettlingar frá Heynesi. Árni Björnsson (ritstj.) *Gersemar og þarfaping*. Rv., 206-207.
- FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817 – 1823, I.* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunnar, 1983. (Stofnun Árna Magnússonar).
- HG&OV:** Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Borgarfjarðarsýslu I. Svæðisskráning í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, FS085-9904, Rv.
- ÍA:** Annálar 1400-1800. *Annales islandici posteriorum sæculorum I-VII*, Rv. 1924-1998.
- ÍF:** *Íslenskt fornrit I-*, Reykjavík 1933-.
- Jón Böðvarsson, *Akranes. Frá landnámi til 1885*, Akranes, Prentverk Akraness, 1992.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV.* Kh. 1913-14; 12-13 Rv. 1990.
- J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Jón Jóhannesson, *Gerðir Landnámabókar*, Rv. 1941.
- KK:** P.E.K. Kålund (1877) *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island I*, Kh. Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*, 2. útg (ritstj. Adolf Friðriksson), Rv. 2000.
- ÓL:** Ólafur Lárusson. 1944. *Byggð og saga*. Rv.
- PP:** Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, 2. útg, Rv. 1949-51.
- SSB:** Sýslu- og sóknalýsingar Borgarfjarðarsýslu, Hdrd. Lbs., ÍB 19, fol. e. Þórhallur Vilmundarson. 1983. Safn til íslenskrar örnefnaskrár 2. *Grímnir* 2, 51-140.